



SKOÐUN Jórunn Tómasdóttir skrifar um allsherjarlausn á vanda menntakerfisins. **21**



MENNING Lestrarvenjur ungra bókaorma verða kynntar á barnabókaráðstefnu. **32**



LÍFID Embla Vigfúsdóttir og Auður Ösp hanna matseðil fyrir sérstaka líkamsparta. **54**



SPORT Stelpurnar okkar tóku bronsíð í hundraðasta landsleik Dóru Maríu. **50**



Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla

Iceland

FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur

13. mars 2014
61. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Vatnstjón kostuðu á þriðja milljarð króna

Á síðasta ári komu upp 6.700 dæmi um vatnstjón, eða sem svarar 18 á dag. Einstaklingar tóku á sig 753 milljónir. **16**

Stefnt á einkaleyfi í gígnum Forsætisráðuneytið gefur út sérstakt nýtingarleyfi til langs tíma vegna náttúruferlunnar í Þríhnúakagígum. **2**

Lögbannskröfu hafnað Landeigendafélag Geysissvæðisins hefur innan fárra daga gjaldtöku af ferðamönnum. **4**

Tíunda hvert flug seint Viðbragðstími í sjúkraflogi var 68 sinnum utan við umsamin tímamörk. Sjúkratryggingar telja að aðeins tvisvar hafi skýringar á töfunum verið óviðunandi. **8**



Bolungarvík	-1°	V	14
Akureyri	1°	V	13
Egilsstaðir	2°	V	8
Kirkjubæjarkl.	4°	V	7
Reykjavík	3°	V	11

Él vestanlands og með norðröndinni en bjart austan til. Strekkingsvindur eða allhvasst. Hiti um og yfir frostmarki. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Fermingar | Fólk



AFMÆLIS-TILBOÐ
ALLA HELGINA

VERO MODA
Kringlunni og Smáralind

Facebook.com/veromodaiceland
Instagram @veromodaiceland

60% falla í flokk fornbíla

Huga verður að endurnýjun tækjabúnaðar slökkviliðanna, að mati slökkviliðsstjórans á höfuðborgarsvæðinu. Þjálfun og endurmenntun hefur setið á hakanum eftir hrun. Slökkviliðin of mörg og sameining nauðsynleg.

ÖRYGGISMÁL „Samkvæmt skilgreiningu tryggingafélaganna er stór hluti bílafloata slökkviliðanna fornbílar. Ég tek undir það að tölurnar eru sláandi,“ segir Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri höfuðborgarsvæðisins.

Bílafloati slökkviliðanna í landinu er kominn til ára sinna, en sex af hverjum tíu slökkvibílum eru eldri en 25 ára og væru því gjaldgengir á fornþilaskrá. Slökkviliðin í landinu eru 37 og bílakosturinn um 180 slökkvibílar. Innan við fjórðungur bílafloats er yngri en 20 ára og aðeins 6% bílanna keypt á síðasta áratug eða um 10 alls, samkvæmt gagnabanka Mannvirkjastofnunar.

Eins og Fréttablaðið hefur fjallað um að undanförunu er útbreidd skoðun að gæta verði að uppbyggingu brunavarna í landinu. Brunavarnaáætlanir hafa ekki verið gerðar eða eru ekki uppfærðar, en í lögum segir að brunavarnaáætlun eigi að tryggja að slökkvilið hvers svæðis sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og hjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin.

Þjálfun og endurmenntun slökkviliðsmanna rennur í sama farvegi og tækja- og bílakaup, vegna fjárhagsvanda sveitarfélaganna. „Það liggur fyrir að endurmenntun og þjálfun þarf að vera betri hjá öllum. Það liggur í hlut-

arins eðli að þessir þættir sitja á hakanum þegar glíma þarf við stærri mál,“ segir Jón Viðar sem telur að slökkviliðin í landinu séu of mörg og vanmáttug mörg hver. „Það er engin spurning í mínum huga að víða á landinu muni verða mjög til bóta að sameina slökkvilið í stærri og sterkari einingar, og í raun aðeins tíma-spursmál hvenær í þetta verður ráðist.“

Um þessar mundir er mikil uppsveifla í ferðaþjónustu, og eins og nauðsyn krefur fylgir uppbygging innviða. Hótelum mun fjölga hratt ef áform ganga

eftir, en færri ræða hvað verður að fylgja slíkri uppbyggingu.

„Það er til dæmis ekkert gefið, þegar nýtt hótél er byggt á nýjum stað úti á landi, að til staðar séu innviðir í samræmi við það, og geti svarað kallinu,“ segir Jón Viðar.

- shá / sjá síðu 12



NÓG AÐ GERA Starfsmenn Já-verktaka, sem hömuðust í gær við að steypa vegg í nýrri slökkvistöð sem er í smíðum í Mosfellsbæ, gáfu sér tíma til að vinka ljósmyndara þegar hann átti þar leið hjá.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Bjartsýni í byggingariðnaði: Atvinnuleysi úr sögunni

VINNUMARKAÐUR Bjartsýni ríkir hjá þeim sem starfa í byggingariðnaði. Finnbjörn Hermannsson, formaður félags Byggingarinnar, segir að atvinnuleysi meðal félagsmanna heyrir nú nánast sögunni til.

„Mönnum finnst það mikill léttir að vera lausir við þessa uppsagnarvofu sem stöðugt hefur hangið yfir fólki síðustu misseri,“ segir Finnbjörn. Ingólfur Bender, forstöðumaður greiningar Íslandsbanka, segir að vöxtur í nýbyggingum hafi aukist stöðugt frá 2010 eða frá því að hagvöxtur fór að taka við sér.

„Eftirspurn eftir vinnuafli í þessum geira hefur farið vaxandi samhliða því að fjárfesting hefur verið að taka við sér,“ segir Ingólfur.



FINNBJÖRN HERMANNSSON

- jme / sjá síðu 6

Landsvirkjun endurskoðar skerðingarpörf raforkuvinnslu vegna þurrka:

Rennsli Tungnaár aldrei minna

NÁTTÚRA Rennsli í Tungnaá er komið niður fyrir sögulegt lágmark og rennsli í efri hluta Þjórsár og Blöndu er nærri þeim mörkum einnig. Vatnsforði Landsvirkjunar í miðlunarlónum stefnir í að verða jafn slæmur og í fyrra, en þá hafði aðeins eitt vatnsár mælst óhagstæðara í sögu fyrirtækisins.

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, segir fyrirtækið nú end-

urmeta þörf á orkuskerðingu vegna þessara óvenjulegu aðstæðna. Heimildir sem fyrirtækið hefur til skerðinga eru fullnýttar sem stendur.

„Það er allavega ekki komið að því,“ segir Hörður spurður hvort þessar óvenjulegu veðuráðstæður með minnkandi rennsli í miðlunarlónin þýði að frekari orkuskerðing sé nauðsynleg.

Undanfarin tíu ár hefur vatnsbú-

50 ár í hálföld eru ekki dæmi um minna rennsli í ám sem Landsvirkjun nýtir.

skapur Landsvirkjunar verið góður; óvenjumörg ár hafa verið með innrennsli yfir meðallagi og bara árið í fyrra sem breytir þeirri mynd.

- shá / sjá síðu 4

Domino's helgin

BOLTATILBOÐ

Stór pizza af matseðli, 2L Coke og Súkkulaði-, Kanil- eða Ostagott.

2.799 KR.
Ef þú sækir, 13.-16. mars.

Kringlan

AF ÖLLU HJARTA

OPIÐ TIL
21
Í KVÖLD

SPURNING DAGSINS



Tryggvi, þarf að taka lán fyrir skuldaútreikningunum?

„Nei, en í ljósi alls er rétt að hafa leyfi til að eyða peningum í skuldaútreikninga.“

Nú er reynt að afla fjárheimilda svo embætti ríkisskattstjóra geti reiknað út höfuðstóls-lækkun íbúðalána. Tryggvi Þór Herbertsson verkefnisstjóri segir útreikningana gríðarlæga flókna.

ESB, Noregur og Færeyjar komust að samkomulagi í maktíldelunni:

Dyrnar standa Íslandi opnar

SJÁVARÚTVEGUR Evrópusambandið, Noregur og Færeyjar hafa náð fimm ára samkomulagi í maktíldelunni. Það felur í sér skuldbindingu til sjálfbærra veiða og nýrrar aflamarksáætlunar sem byggir á veiðiráðgjöf Alþjóða hafrannsóknarráðsins. Einnig felur samkomulagið í sér aðgang hvers ríkis að maktíli í lögsögu annars.

Maria Damanaki, sjávarútvegsstjóri ESB, segir í tilkynningu að viðræðurnar hafi verið langar og ákafar og miðað við mögulega hættu



MARÍA DAMANAKI

GUNNAR BRAGI SVEINSSON

sem steðji að maktílstofninum, hafi mikið verið í húfi. „Samkomulagið

tryggir sjálfbærni þessa verðmæta stofns til lengri tíma. Dyrnar eru opnar Íslandi til að ganga til liðs við aðra aðila í náinni framtíð.“ sagði Damanaki.

Aðspurður út í fréttirnar sagði Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra: „Hvað meinti Evrópusambandið með þeim viðræðum og þeim loforðum sem þeir hafa gefið okkur? Hvað vakir fyrir Færeyingum? Við vissum að Norðmenn voru að leika býsna ljótan leik í þessu öllu saman.“

Viðskiptaráð verðlaunar: Ellefu fyrirtæki til fyrirmyndar

VIÐSKIPTI Viðskiptaráð Íslands hefur veitt 11 fyrirtækjum viðurkenningu sem Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum eftir úttekt úttektaraðila og Rannsóknarmiðstöðvar um stjórnarhátti.

Sjö hafa áður hlotið viðurkenningu: Icelandair Group, Íslandsþóstur, Íslandssjódir, Landsbréf, Lánasjóður sveitarfélaga, Mannvit og Stefnir. Fjögur bættust í hópin: Advania, Greiðsluveitan, Íslandsbanki og Vátrygginga-félag Íslands.



MIKILL VIÐBÚNAÐUR Fjöldi slökkviliðsmanna mætti á vettvang til að ráða niðurlögum eldsins. NORDICPHOTOS/AFP

Íbúðablokk í Harlem-hverfi í New York hrundi til grunna: Tvær konur fórust í sprengingu

NEW YORK, AP Tvær konur fórust og að minnsta kosti átján manns slösuðust þegar fimm hæða íbúðablokk hrundi til grunna í kraftmikilli sprengingu í austurhluta Harlem-hverfisins í New York-borg í Bandaríkjunum í gær. Íbúi í nálægri byggingu kvæðst skömmu áður hafa fundið gaslykt. „Mér leið eins og jarðskjálfti hefði ríðið yfir,“ sagði Waldemar Infante, sem býr skammt frá. „Alls staðar voru glerbrot og gluggar í verslunum splundruðust.“ Mikill reykur barst um nærliggjandi svæði. Hátt í tvö hundruð slökkviliðsmenn voru sendir á vettvang.

Þríhnúkafélag stefnir á einkaleyfi í gígnum

Forsætisráðuneytið mun gefa út sérstakt nýtingarleyfi til langs tíma vegna náttúruperlunnar í Þríhnúkaígum. Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogs, segir Þríhnúkaagíga ehf., sem er með rekstur við Þríhnúkaíg, munu sækja um leyfið.

STJÓRNSÝSLA Stefnt er að því að Þríhnúkafélagið ehf. fái nýtingarleyfi til langs tíma við Þríhnúkaíg. Þetta kemur fram í minnisblaði sem Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogs, lagði fram í bæjarráði. Þríhnúkar ehf. hófu sumarið 2012 að selja aðgang að einstakri gíghvelfingu Þríhnúkaíg. Um þann rekstur var stofnað félagið 3H Travel.

Kópavogsbær er einn hluthafi í Þríhnúkum ehf. Á fundi bæjarráðs 13. febrúar síðastliðinn var að tillögu Ómars Stefánssonar fram-sóknarmanns samþykkt að fela bæjarstjóranum að ræða við forsvarsmenn 3H Travel og Þríhnúka ehf. um uppbyggingu og starfsemi á svæðinu. Ármann átti fund með Birni Ólafssyni, framkvæmdastjóra Þríhnúka og 3H Travel, og ræddi einnig við Guðjón Arngrímsson, stjórnarformann félagsins.

Ármann segir í minnisblaðinu að frá því að Þríhnúkar ehf. voru stofnaðir 2004 hafi verið unnið markvisst að því að gera Þríhnúkaíg aðgengilegan almenningi. Í eitt og hálf ár hafi legið fyrir umsókn hjá Umhverfisstofnun vegna framkvæmda sem félagið vilji ráðast í.

Þá segir bæjarstjórnin að tilraun til að veita ferðafólki aðgengi að hvelfingunni hafi tekist vel og viðtökur gesta verið framar vonum. „Í framhaldi af því var ákveðið af stjórn beggja félaganna að halda þessari starfsemi áfram á sumrin enda ljóst að með henni hefur farið fram umfangsmikið kynningarstarf sem nýttast mun Þríhnúkum ehf. vel til framtíðar lítið,“ útskýrir hann og minnir á að ótal snum hafi verið fjallað um Þríhnúkaíg í



Í ÞRÍHNÚKAGÍG Ljóst þykir að miklir hagsmunir séu í því fólgirnir fyrir eigendur Þríhnúka ehf. að halda umráðum sínum yfir gígnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



ÁRMANN KR. ÓLAFSSON

ÓMAR STEFÁNSSON

fjölmiðlum í fjölmörgum löndum. „Allt hefur þetta haft jákvæð áhrif á verkefnið og mun auðvelda fjármögnun á verkefninu og gera það fýsilegra til uppbyggingar. Þetta markaðsstarf auk annarra verðmæta mun að endingu verða eign Þríhnúka ehf. enda mun starfsemi 3H Travel ehf. leggjast af þegar framkvæmdir hefjast. Í þessu eru sennilega hagsmunir hluthafa Þríhnúka hvað mestir,“ segir í minnisblaðinu.

„Með fyrirvara um að allar athuganir leiði til jákvæðrar niðurstöðu hyggjast Þríhnúkar ehf. sækja um nýtingarleyfi svæðisins að undangenginni auglýsingu forsætisráðuneytisins. Búast má við því að nýtingarleyfi verði gefið út til langs tíma,“ segir í minnisblaðinu. Verði nýtingarleyfi gefið út til handa Þríhnúkum ehf. – líkt og að sé stefnt, þurfi að auka hlutafé félagsins. Reikna megi með að það geti orðið í haust.

Er bæjarstjóri hafði lagt fram minnisblað sitt lagði Ómar Stefánsson til að Kópavogsbær seldi hlut sinn í Þríhnúkum ehf. „Tel að hlutverki okkar sé lokið í þessu verkefni,“ bókaði bæjarfulltrúinn. Tillaga Ómars var síðan felld með sjö atkvæðum gegn einu í bæjarstjórn á þriðjudag. gar@frettabladid.is

Kennarar HÍ til kosninga: Kjósa um verkfallsboðun

KJARAMÁL Kennarar við Háskóla Íslands munu greiða atkvæði um verkfallsboðun í næstu viku og ef hún verður samþykkt verður boðað til verkfalls frá 25. apríl til 10. maí. Umrætt tímabil er það sama og háskólanemar ganga til prófa og kemur sérlega illa við háskólann enda fær hann fjárveitingu í samræmi við staðnar einingar þeirra nemenda sem ljúka prófi. Jörundur Guðmundsson, formaður Félags háskólakennara, segir háskólakennara ekki hafa fengið þá launaleiðréttingu sem þeim beri og að kjör þeirra hafi dregist aftur úr kjörum sambærilegra stétta.

Ók á íslenska konu sem lést: Leigubílstjórinn sýknaður í gær

DANMÖRK Danski leigubílstjórinn, sem ók á unga íslenska konu í Kaupmannahöfn í október síðastliðnum með þeim afleiðingum að hún lést, var í gær sýknaður af ákæru um manndráp af gáleysi. Leigubílstjórinn sagði fyrir dómi að hann hefði séð Dagnýju of seint og ekki haft tíma til að forðast áreksturinn eða bremsa. Honum var gert að greiða sekt upp á rúmar 50 þúsund krónur fyrir of hraðan akstur. Konan, Dagný Grímsdóttir, var 26 ára þegar hún lést en hún stundaði nám í Kaupmannahöfn.

Reykvíkingar! Ekki gleyma að kjósa um betri hverfi. Opið er fyrir atkvæðagreiðslu 11.-18. mars. kjosa.betriereykjavik.is. Virkjum íbúalýðræðið!

Spurði fjármálaráðherra um tillögur um einföldun póstverslunar: Lítið gert með vinnu starfshóps

VERSLUN „Ég varð fyrir vonbrigðum þegar ég sá þessi svör, enda hélt ég að þetta mál nyti velvildar,“ segir Mördur Arnason, þingmaður Samfylkingarinnar, um svör fjármálaráðherra við fyrirspurn Marðar á Alþingi um póstverslun. Mördur spurði Bjarna Benediktsson fjármálaráðherra um ráðstafanir fjármálaráðuneytisins í framhaldi af tillögum starfshóps um póstverslun. Hópurinn skilaði skýrslu sinni í desember í fyrra.

Meðal þess sem starfshópurinn lagði til var að aðflutningsgjöld yrðu felld niður af póstsendingum að verðmæti 2.000 króna eða undir. Í svörum fjármálaráðherra kemur fram að vel komi til greina að innleiða slíka reglu, enda væri af því talsvert hagræði fyrir neytendur og þá sem höndli með sendingar.



MÖRDUR ARNASON

Ráðherra tekur ekki jafn vel í aðrar tillögur hópsins, sem snéru flestar að breytingum til að einfalda póstverslun. Vísað er til þess að hafa þurfi samráð við tollstjóra og ráðgjafa áður en ákveðið sé að gera breytingar á kerfinu. „Ég óttast að það verði ekki mikið gert með vinnu starfshópsins,“ segir Mördur. Hann segir það vonbrigði. „Menn hafa talað um það bæði í stjórn málu og viðskiptalífínu að það þurfi einfaldara Ísland, skera á bönd reglugerða og kerfis til að auka viðskipti og samskipti bæði innanlands og utan í nafni frjálsrar verslunar.“



VERSLUN Aukið frelsi í póstsendingum gæti haft áhrif á verslun á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ÁRNPÖR

GEYSIR



FÉLAGI Á LÍFSINS LEIÐ

Hinar geysivinsælu Fjallräven töskur
fylgja yður yfir helstu áfangana.

MARGIR LITIR

Verð frá 11.800.kr



GEYSIR

SVONA ERUM VIÐ



25.000 tonn af spilliefnum voru flutt úr landi til meðhöndlunar á árunum 2000 til 2011.

Á tímabilinu 2003 til 2005 voru flutt út 4.000 tonn á ári, en árin þar á eftir eitt til tvö þúsund tonn.

Landeigendafélag Geysissvæðisins mun hefja gjaldtöku af ferðamönnum innan fárra daga: Lögbannskröfu fjármálaráðherra hafnað

NÁTTÚRA Lögbannskröfu ríkisins á að innheimt verði gjald af þeim sem heimsækja Geysissvæðið var hafnað af sýslumanni Árnæssýslu í gær. Í yfirlýsingu frá Landeigendafélagi Geysis segir að gjaldtaka muni hefjast innan fárra daga.

Fjármálaráðherra krafðist þess á föstudag fyrir hönd ríkisins að sýslumaður stöðvaði fyrirhugaða

gjaldtöku með þeim rökum að ríkið eigi þann hluta landsins sem goshverirnin séu á. Þá sé ekki hægt að taka ákvörðun sem þessa án samþykkis allra eigenda.

Ríkið á um 34 prósentu hlut jarðarinnar innan girðingar, en átta aðrir eigendur deila með sér 64 prósentum.

Landeigendur segja löngu ljóst

að landið við Geysi sé afar illa farið vegna ágangs ferðamanna. Brýnt sé að bæta aðstöðu á svæðinu og stýra umferð. Þar sem þeir hafi enga sjóði til að standa straum af milljóna kostnaði við framkvæmdir, sé gjaldtaka eina leiðin.



ÁGANGUR Árlega skoða um 400 þúsund ferðamenn svæðið við Geysi, Strokk og aðra hveru á Geysissvæðinu í Haukadal, segir í greinargerð landeigenda í lögbannsmálinu.



ÓBODLEG FRAMKOMA Svandís Svavarsdóttir var meðal þeirra sem gagnrýndu forsætisráðherra á Alþingi í gær.

Gagnrýndu forsætisráðherra

ALÞINGI Svandís Svavarsdóttir, þingflokksformaður Vinstri grænna, sagði á Alþingi í gær að tónn forsætisráðherra í garð þingsins einkenndist á köflum af lítillsvirðingu.

Í tilkynningu frá Vinstri grænum segir að Svandís hafi ásamt öðrum þingmönnum gagnrýnt hve illa gengi að fá forsætisráðherra til að taka þátt í umræðum sem hann vörðudu.

Hætt við tíma- bundna lokun

VESTMANNAEYJAR Engar tíma- bundnar lokanir verða á flugvellinum í Vestmannaeyjum. Þetta segir Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra en til stóð að loka vellið á laugardögum frá 15. mars til 26. apríl.

Flugfélagið Ernir sem heldur uppi áætlanarflugi til Vestmannaeyja hafði gefið út að ekki yrði flogið á laugardögum í vetur og því var ákveðið að loka vellið á þeim dögum.

Landsvirkjun endurmetur orkuskerðingu

Rennsli í Tungnaá, Blöndu og efri hluta Þjórsár er undir eða við sögulegt lágmark. Vatnsstaða miðlunarlóna Landsvirkjunar hefur versnað mjög síðustu vikur og fyrirtækið mun endurmeta orkuskerðingar vegna óvenjulegra aðstæðna.

ORKUMÁL Rennsli í Tungnaá er komið niður fyrir sögulegt lágmark og rennsli í efri hluta Þjórsár og Blöndu er nærri þeim mörkum einnig.

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, segir að fyrirtækið endurmeti nú þörf á orkuskerðingu vegna þessara óvenjulegu aðstæðna.



Hörður bendir á að ef samningarnir hefðu ekki þessa innbyggðu vörn gegn óvenjulegum aðstæðum þyrfti að tryggja afhendingu í öllum árum.

„Á Tungnaásvæðinu er staðan fordæmalaus vegna þurrka. Þetta kemur í kjölfar þess að síðasta ár var mjög slakt, og þegar við föstum annað eins í kjölfarið þá tekur það vel í,“ segir Hörður.



ÞJÓRSÁ Þó leitað sé aftur um hálfu öld hafa stór vatnsföll sem Landsvirkjun nýtir til orkuvinnslu sjaldan verið vatnsminni.

Óvenjulegt veðurlag kostar milljarða

Tekjutap Landsvirkjunar og viðskiptavina fyrirtækisins vegna orkuskerðingar hleypur á milljörðum. Tap Alcoa Fjarðaáls nemur 1,5 milljörðum króna, að óbreyttu.

Samkvæmt samningum Landsvirkjunar og orku kaupenda er leyfilegt að skerða raforkuafhendingu í slökum vatnsárum ef þurfa þykir, og í raun ráð fyrir því gert.

Óhagræðið af því að hafa ákveðinn hluta orkunnar skerðanlegan. Undanfarnir 10 ár hefur vatnsbúskapur Landsvirkjunar verið góður; óvenju hátt hlutfall ára hefur verið með innrennsli ofan meðallags og einungis árið í fyrra sem breytir þeirri mynd.



PINGVALLAVATN Veidið hefst eftir 38 daga.

Veidi hefst fyrir í Þingvallavatni

STANGVEIDI Silungsveiði fyrir landi þjóðgarðsins á Þingvöllum hefst að þessu sinni 20. apríl, tíu dögum fyrir en áður hefur tókast. Þingvallanefnd samþykkti tilögu þessa efnis frá Ólafi Erni Haraldssyni þjóðgarðsverði.

„Frá 20. apríl til 31. maí er einungis leyft að veiða með flugu og öllum urriða skal sleppa á þessu tímabili,“ segir um hinar breyttu veiðireglur í fundargerð Þingvallanefndar.

Candy Crush Saga á markað: Hlutabréf fyrir 70 milljarða

NEW YORK, AP Fyrirtækið á bak við tölvuleikinn Candy Crush Saga telur sig geta safnað nær 613 milljónum dala, eða sjöttíu milljörðum króna, við skráningu á markað.

King Digital Entertainment PLC ætlar að selja 15,3 milljónir hluta í hlutfjárútbodinu. Núverandi hluthafar selja 6,7 milljónir hluta til viðbótar.

Advertisement for Clever and Radson radiators, featuring a radiator image and contact information for Ísleifur Jónsson.

Weather forecast section titled 'Veðurspá' showing a map of Iceland with weather icons and temperatures for various regions, along with a table of international weather forecasts.

Nýtt bað fyrir páska!

20-40%

Afsláttur



Line hvít, 90 og 120 cm.

DUCAL hvít, 60 - 120 cm.



Hnota, margar stærðir.



Hvít, 100 cm.
með spegilskáp.



Hvít, 60 cm.
með spegilskáp.



Hvít, 53x31 cm.
með spegli.



Sturtuklefar 70, 80 og 90 cm.



CHRISTINA Blöndunartæki, mikið úrval.



Sturtugler, 6, 8 eða 10 mm.



Speglaskápar 50 - 120 cm.



Handklæðaofnar margar stærðir.

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 til 15
Ármúla 31 - Sími 588 7332

i-t.is 

**INNRETTINGAR
& TÆKI**
- fyrir þitt heimili

CHANEL

20% KYNNINGARAFSLÁTTUR AF VÖRUM FRÁ CHANEL
DAGANA 13. – 19. MARS

Sérfræðingar frá Chanel veita faglega ráðgjöf og kynna glæsilegar nýjungar í Hagkaup Kringlunni, Smáralind, Garðabæ og Holtagörðum.



CHANEL ENDURHANNAR LES 4 OMBRES AUGNSKUGGANA, MEÐ ÁTTA NÝJUM LITASAMSETNINGUM. INNBLÁSTURINN KEMUR FRÁ HINU VINSÆLA CHANEL TWEED EFNI. NÝ FORMÚLA MEÐ FALLEGUM TÓNUM, DÝPT OG BLÆBRIGÐUM. EINSTAKIR MJÚKIR AUGNSKUGGAR, MIKILL LITUR, AUÐVELD ÁSETNING OG FALLEG ÚTKOMA.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Sjúkraflug of seint í tíunda hvert sinn

Heilbrigðisráðherra segir að þar sem samningur við Mýflug um sjúkraflug sé hagstæður og framkvæmdin hafi almennt gengið vel haldi samstarfið við Mýflug áfram. Ekki sé til skoðunar að sjúkraflug verði allt hjá Landhelgisgæslunni eins og þingmaður vill að verði athugað.

STJÓRNSÝSLA Þótt viðbragðstími í sjúkraflugi hafi farið 68 sinnum út fyrir umsamin tímamörk á árunum 2012 og 2013 telja Sjúkratryggingar Íslands að aðeins tvisvar hafi skýringar á töfunum verið óviðunandi.

Þetta kemur fram í svari Kristjáns Þórs Júlíussonar heilbrigðisráðherra við fyrirspurn um sjúkraflugið frá Silju Dögg Gunnarsdóttur, alþingismanni Framsóknarflokks.

Silja spurði hversu oft árin 2008 til 2013 sjúkraflugvél hefði ekki verið tiltæk þegar eftir var kallað.

Í svari ráðherrans, sem tekur aðeins til áraanna 2012 og 2013, segir að samkvæmt samningi um sjúkraflug [við Mýflug] skuli aðal-sjúkraflugvél ávallt standa tilbúin til útkalls og varavél vera til staðar svo að félagið nái að sinna flugi innan tímamarka. Vegna bráða-útkalla skuli sjúkraflugvél tilbúin til flugs innan 35 mínútna. Ef bráðaútkall berst meðan á öðru sjúkraflugi standi sé tímafresturinn 105 mínútur. Samkvæmt fyrri skilgreiningunni voru 11 prósent sjúkrafluga utan tímamarka árin 2012 og 2013.

„Að mati Sjúkratrygginga Íslands voru lagðar fram fullnægjandi skýringar vegna allra ferða 2012 og allra ferða utan tveggja 2013,“ segir ráðherra í svarinu. Sjúkraflugvél hafi verið tiltæk vegna allra útkalla og langoftast innan tímafrests. „Algengustu ástæður þess að útkallstími fór fram úr mörkum voru þær að bíða



SILJA DÖGG GUNNARSDÓTTIR

þurfti eftir sjúklingi eða lækni og að útkall kom meðan á öðru sjúkraflugi stóð.“ Silja Dögg spurði hvenær væri að vænta niðurstöðu athugunar á því hvort hagkvæmt sé fyrir ríkið að hafa sjúkraflugið allt hjá Landhelgisgæslunni. Ráðherra vitnar til skýrslu Ríkisendurskoðunar þar sem segir að inn-anríkisráðuneytið þyrfti að taka formlega ákvörðun um aðkomu Landhelgisgæslunnar að almennu sjúkraflugi. „Velferðarráðuneytinu hefur ekki borist niðurstaða slíkrar vinnu,“ segir ráðherra. „Í ljósi þess að framkvæmd samningsins hefur almennt gengið vel og hann talinn hagkvæmur fyrir ríkið er að óbreyttu fyrirhugað að halda áfram að veita þjónustuna á grundvelli samnings við Mýflug,“ segir heilbrigðisráðherra.

Viðbragð í sjúkraflugi Mýflugs

Viðbrögð við útköllum í sjúkraflug	2012	2013
Flug innan tímamarka (35 mín. mörk)	217	220
Flug utan tímamarka (35 mín. mörk)	29	24
Hlutfall umfram tímamörk	11,8%	9,8%
Flug innan tímamarka (105 mín. mörk)	242	233
Flug utan tímamarka (105 mín. mörk)	4	11
Hlutfall umfram tímamörk	1,6%	4,5%
Ófullnægjandi skýringar á tíma umfram mörk (fjöldi tilfella að mati SÍ)	0	2

Heimild: Heilbrigðisráðuneytið.



„Algengustu ástæður þess að útkallstími fór fram úr mörkum voru þær að bíða þurfti eftir sjúklingi eða lækni og að útkall kom meðan á öðru sjúkraflugi stóð.“

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra

Þetta verði þó endurskoðað komi fram nýjar upplýsingar.

Silja Dögg segist enn ekki hafa krufið svar ráðherra til mergjar. „Fljótt á titið er gott að sjá varðandi það hversu flugvélarnar eru tiltækar að það virðist vera í nokkuð góðum farvegi. Þó set ég spurningarmarki við að tímamörk virðast ekki standa í um ellefu prósent tilvika. Er það nógu gott



SJÚKRA-FLUG Landhelgisgæslan sinnti sjúkraflugi 89 sinnum í fyrra en Mýflug fór þá í 244 sjúkraflug. Fyrir það fékk Mýflug 296 milljónir króna. MYND/LANDHELGISGÆSLAN

eða getum við bætt okkur?“ spyr Silja Dögg.

Þá kveðst Silja Dögg vilja sam-anburð á hagkvæmni þess að sjúkraflugið sé hjá einkaaðila eða á vegum Landhelgisgæslunnar. „Það

liggur fyrir hvað ríkið er að greiða Mýflugi fyrir sjúkraflugið. Eg vil, eins og Ríkisendurskoðun bendir á, að þetta verði borið saman við þann kost að fela Landhelgisgæslunni verkefnið.“ gar@frettabladid.is

Sýnir ástæðu núverandi rekstrarforms

„Svarið sýnir glögglega hvers vegna rekstur þessarar þjónustu er í því formi sem hann er,“ segir Sigurður Bjarni Jónsson, stjórnarformaður Mýflugs, um svör heilbrigðisráðherra varðandi sjúkraflug.

„Lausleg könnun á tímagjaldi fyrir afnot af þyrlu eða stærri flugvélum myndi sýna að kostnaðurinn myndi aukast gríðarlega væri fluginu sinnt með þeim hætti. Það er ekki að ástæðulausu að þetta rekstrarform er það sem tíðkast í nágrennalöndum okkar og King Air B200 flugvélarnar eru allsráðandi í sjúkraflugi á styttri leiðum víðast hvar í heiminum. Raunar er það svo að oft eru leit, björgun og landhelgisgæsla boðin út líka,“ segir Sigurður Bjarni.

Þá segir stjórnarformaðurinn skiljanlegt að menn velti rekstri sjúkraflugsins fyrir sér í ljósi undangenginna atburða. „Í því ljósi er eðlilegt að menn skoði hvort færa eigi sjúkraflugið til hins opinbera. Fyrir því sjónarmiði má færa ýmis málefnaleg rök. Þó ekki að reksturinn yrði hagkvæmari með þeim hætti,“ segir hann.



5
A+ A

Abýrgð
Ótakmarkaður
Akstur

5 ára abýrgð
Ótakmarkaður akstur

i30

Nettur og sparneytinn

Hyundai i30 - Verð: 2.990.000 kr.

1,4 bensín, beinskíptur / Brekkubremsa (HAS) / Hiti í sætum / Hiti í rafstýrðum hliðarspeglum eldsneytisnotkun 6,0 l/100 km*.

Bjóðum álfelgur og vetrardekk með öllum i30 í takmarkaðan tíma!



NEW THINKING.
NEW POSSIBILITIES.

Hyundai - Kaupúni 1 - 210 Garðabæ - Sími: 575 1200
www.hyundai.is - www.facebook.com/hyundai.is



Hyundai / BL ehf.

GE bílar / Reykjanesbæ / 420 0400 - Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 - Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 - Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 - IB ehf. / Selfossi / 480 8080

Hver er stefna opinberra aðila
í kjaramálum háskólamenntaðra?

SAMRÆÐUFUNDUR BHM OG VIÐSEMJENDA

Í HÁSKÓLABÍÓI Í DAG 13. MARS KL. 15.00 - 16.30

Fundinn ávarpa:

Frá Sambandi sveitarfélaga: Halldór Halldórsson, formaður.

Frá Reykjavíkurborg: Jón Gnarr, borgarstjóri.

Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti: Enginn.

Inngangs- og lokaorð flytur Guðlaug Kristjánsdóttir formaður BHM

Hægt verður að fylgjast með fundinum á **bhm.is**

Dagskráin verður táknmálstúlkuð.

Skrifstofa BHM verður lokuð frá kl. 14.00 vegna fundarins.

Fjölmennum og sýnum samstöðu!



Bandalag
háskólamanna

Fjárhagsaðstoð í Hafnarfirði: Styðja við fólk í leit að atvinnu

HAFNARFJÖRÐUR Á fundi fjölskylduráðs Hafnarfjarðar í gær var samþykkt verkefnið Áfram! – Ný tækifæri í Hafnarfirði.

Tryggja á atvinnuleitendum sem þiggja fjárhagsaðstoð tilboð um hlutastarf samhliða virkum stuðningi. Óvinnufæru fólk á að tryggja möguleika á starfsendurhæfingu, vinnufnameðferð eða öðrum úrræðum. Með þessu á að bregðast við auknu umfangi fjárhagsaðstoðar Hafnarfjarðarbæjar síðustu ár.

- skó

Verið er að kanna hvort Boeing 777 vélin sem leitað er hafi sést á ratsjá yfir Malakkasundi:

Allt í himnalagi rétt fyrir hvarf þotunnar

MALASÍA, AP Síðustu samskiptin á milli flugmanna malasísku farþegaflugvélarinnar sem hvarf á laugardag og flugumferðarstjórnar voru á þá leið að allt væri í himnalagi.

Aðeins nokkrum mínútum áður en vélin hvarf yfir Suður-Kínahafi sagði flugmaður vélarinnar: „Allt í lagi, góða nótt,“ samkvæmt upplýsingum frá malasískum yfirvöldum. Síðan þá hefur mikil leit staðið yfir að vélinni en án árangurs. 239 manneskjur voru um borð.

Varnarmálaráðherra Malasíu

segir yfirvöld í landinu gera allt sem í þeirra valdi stendur til að finna flugvélin. „Við munum ekki gefast upp. Fjölskyldurnar eiga ekkert minna skilið frá okkur,“ sagði hann. Alls hafa 43 skip og 39 flugvélar frá að minnsta kosti átta þjóðum tekið þátt í leitinni.

Á þriðjudag greindu yfirvöld frá því að ratsjá hefði greint merki sem hugsanlega kom frá flugvélinni. Samkvæmt því hafði hún breytt um stefnu og flogið yfir Malakkasundi, um 400 km frá þeim stað sem síðast

92.600

Leitarsvæðið er tæpir níutíu og þrjú þúsund ferkílómetrar að stærð.

heyrðist frá henni. Yfirvöld biða staðfestingar á að þetta hafi verið Boeing 777-vélin og þangað til mun leitinn að henni halda áfram á mjög stóru svæði í Malasíu og nágrenni.

- fb



GEFST EKKI UPP Hishammuddin Hussein, varnarmálaráðherra Malasíu, á blaðamannafundi. NORDICPHOTOS/AFP

Sölumaður

Grillbúðin óskar að ráða þjónustulundaðan og vanan sölumann með áhuga á alvöru grillum

Ráðningartími fram í október 2014

Umsóknir og fyrirspurnir sendast á einarl@grillbudin.is

Grillbúðin
www.grillbudin.is
Smíðjuvegi 2, Kóp - S. 554 0400

Eftirlitsflug NATO skammt frá Úkraínu

Tvær eftirlitsflugvélar á vegum Atlantshafsbandalagsins sveimuðu yfir Póllandi og Rúmeníu í gær. Þær geta rannsakað rúmlega 300 þúsund ferkílómetra svæði.

PÝSKALAND, AP Tvær eftirlitsflugvélar á vegum Atlantshafsbandalagsins (NATO) sveimuðu yfir Póllandi og Rúmeníu í gær til að fylgjast með ástandinu í nágrenninu Úkraínu.

Vélar, sem eru af tegundinni AWACS, tóku á loft frá herstöðvum í Þýskalandi og Bretlandi. Þær yfirgáfu ekki lofthelgi Póllands og Rúmeníu og flugu því ekki inn í lofthelgi Úkraínu eða Rússlands, að sögn talsmanns NATO í Belgíu.

„Flugvélar geta rannsakað yfir 300 þúsund ferkílómetra svæði og munu aðallega skoða það sem er að gerast í lofti og á hafi úti,“ sagði hershöfðinginn Jay Janzen og bætti við að önnur AWACS-flugvél hefði farið í eftirlitsflug yfir Rúmeníu á þriðjudag og að verið væri að undirbúa fleiri slík flug. „Okkar flugvélar munu ekki yfirgefa lofthelgi NATO,“ áréttaði hann. „Samt sem áður getum við fylgst vel með því sem er að gerast langt í burtu.“

28 aðildarríki NATO ákváðu á mánudag að bregðast við ástandinu í Úkraínu með því að senda eftirlitsvélar á vettvang. Ákvörðunin var tekin eftir að bandarískar herþotur voru sendar til austur-evrópskra ríkja sem eiga landamæri að Rússlandi, þar á meðal Póllands og Litháens.

Bronislaw Komorowski, forseti Póllands, segist vilja sjá fleiri hermenn frá Bandaríkjunum í landinu til að tryggja öryggi þess innan NATO. Í þessari viku eru liðin fimmtán ár síðan Pólland gekk inn í Atlantshafsbandalagið.

Um þrjú hundruð liðsmenn bandaríska flughersins og tólf F-16-herþotur eru væntanlegar til Póllands í þessari viku til að taka þátt í sameiginlegum heræfingum. Pólska ríkisstjórnin óskaði eftir liðsstyrknum eftir að Rússar tóku völdin á Krímskaga. freyr@frettabladid.is

Nató eflir varnir sínar vegna ástandsins í Úkraínu

Bandarísk stjórnvöld og Atlantshafsbandalagið hafa aukð við herafli sitt og haldið heræfingar skammt frá landamærum Úkraínu. Spennan er mikil á Krímskaga eftir að Rússar reðust þangað inn með herlið sitt.

Boeing E-3 Sentry: Eftirlitsflugvél með ratsjá sem getur komið auga á flugvélar, skip og önnur farartæki í allt að 400 km fjarlægð.




1 Svartahafið Varðskip bandaríska sjóhersins, USS Truxtun, verður við æfingar ásamt þremur rúmenskum varðskipum og búlgörsku freygátunni Drazki á alþjóðlegu hafsvæði suðaustur af rúmensku hafnarborginni Constanta.

2 Eftirlit Eftirlitsflugvél E-3 Sentry frá Nató flýgur frá flugstöð breska flughersins í Waddington og frá Geilenkirchen í Þýskalandi í rannsóknarskyni yfir Póllandi og Rúmeníu.

3 Pólland Bandaríkjamenn senda að minnsta kosti 12 herþotur af tegundinni F-16 ásamt 300 hermönnum til herstöðvar í Lask þar sem þær taka þátt í sameiginlegum heræfingum.

Krímskagi: Yfir 30.000 rúneskir hermenn eru sagðir ráða yfir svæðinu. Þó nokkrar úkraínskar herstöðvar hafa verið umkringdar.



4 Litháen Tíu bandarískar F-15-herþotur og yfir 200 hermenn eru staðsettir í herstöð í Siauliai í því skyni að auka eftirlit Nató í lofti yfir Eystrasaltsríkjunum.

Spænskir dagar

Allt að 15.000 kr. bóknararfláttur til 18. mars 2014
valdir gístaðir, valdar dagsetningar, ásamt stökku- og sértílbodum.

STÖKKTU

Kanarí frá kr. 89.900
Netverð á mann frá kr. 89.900 m.v. 2 í herbergi/stúdíó. 19. mars í 9 nætur.

Tenerife frá kr. 109.900
Netverð á mann frá kr. 109.900 m.v. 2 í herbergi/stúdíó. 18. mars í 10 nætur.

Netverð á mann frá kr. 139.900 m.v. 2 í herbergi/stúdíó. 20. mars í 14 nætur.

Netverð á mann frá kr. 129.900 m.v. 2 í herbergi/stúdíó. 27. mars í 7 nætur m/allt innifalið.

SÉRTILBOÐ

Kanarí frá kr. 99.900
Netverð á mann frá kr. 139.900 á Barcelo Margaritas m.v. 2 í herbergi. 19. mars í 9 nætur m/ allt innifalið.

Netverð á mann frá kr. 99.900 á Roque Nublo m.v. 2 í íbúð. 26. mars í 8 nætur.

Netverð á mann frá kr. 99.900 á Parquesol m.v. 2 í íbúð. 2. apríl í 7 nætur.

Tenerife frá kr. 129.900
Netverð á mann á Villa Adeje frá kr. 129.900 m.v. 2 í stúdíó. 27. mars í 7 nætur m/ allt innifalið.

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000
www.heimsferdir.is

Heimsferðir

G7 tekur ekki mark á atkvæðagreiðslu



LEGGUR AF STAÐ AWACS, eftirlitsflugvél NATO, tekur á loft í Geilenkirchen í Þýskalandi. MYND/AP

Leiðtogar sjö helstu iðnríkja heims munu ekki taka mark á niðurstöðum atkvæðagreiðslu um það hvort Krímskagi verði aðskilinn frá Úkraínu og verði hluti af Rússlandi.

Í yfirlýsingu frá ríkjunum og Evrópusambandinu eru Rússar hvattir til að „hætta tilraunum sínum til að breyta ástandi mála á Krímskaga þvert gegn úkraínskum og alþjóðlegum lögum“. Þar sagði einnig að atkvæðagreiðslan sem er fyrirhuguð á Krímskaga um helgina „muni ekki hafa neitt lögfræðilegt vægi“ og að skipulagning hennar væri gölluð.

Leiðtogarnir bættu við að þeir myndu grípa til frekari ráðstafana, bæði hver í sínu horni og í sameiningu, ef Rússar reyna að innlima Krímskaga í ríki sitt. Undir yfirlýsinguna skrifuðu leiðtogar Kanada, Frakklands, Þýskalands, Ítalíu, Japans, Bretlands, Bandaríkjanna og Evrópusambandsins.

DEBENHAMS

*Gerðu lífid
skemmtilegra*




krakka DAGAR
KAUPTU 1 FÁÐU 1 Á

**HÁLF
VIRÐI***

ALLUR BARNAFATNAÐUR & SKÓR

Gildir út sunnudag

*Gildir ekki með öðrum tilboðum
*Greitt er fullt verð fyrir dýrari flíkina

 Finndu okkur á facebook

Opið í dag 11 - 21

DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Meirihluti bílaflotans eru forn bílar

Bílafloti slökkviliðanna er að stórum hluta kominn til ára sinna, og fellur undir skilgreiningar um forn bíla. Þjálfun er ekki sinnt eins og þörf krefur. Sameining slökkviliða er aðeins tímaspursmál, enda þarf að mæta kalli tímans til að uppfylla sívaxandi kröfur.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Bílafloti slökkviliðanna í landinu er kominn til ára sinna, en sex af hverjum tíu slökkvibílum eru eldri en 25 ára og væru því gjaldgengir á forn bílaskrá. Aðeins tólf bílar af um 180 hafa verið keyptir á síðasta áratug. Þjálfun og endurmenntun slökkviliðsmanna um allt land hefur setið á hakanum á undanföllum árum.

Eins og Fréttablaðið hefur fjallað um að undanförunu er útbreidd skoðun að gæta verði að uppbyggingu brunavarna í landinu. Brunavarnaáætlanir hafa ekki verið gerðar eða eru ekki uppfærðar, en í lögum segir að brunavarnaáætlun eigi að tryggja að slökkvilið hvers svæðis sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og þjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin.

Forn bílaskrá

Slökkviliðin í landinu eru 37 og bílakosturinn telur um 180 slökkvibíla. Innan við fjórðungur bílaflotans er yngri en 20 ára, og aðeins 6% bílanna keypt á síðasta áratug.

Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri höfuðborgarsvæðisins, samsinnir því að búnað slökkviliðanna þurfi að bæta og endurnýja.

„Þetta er sá þáttur þessarar starfsemi sem þarf sífellt að vinna í. Þjóðin varð hins vegar fyrir áfalli og þá hægði allverulega á uppbyggingu á búnaði slökkviliðanna. „Samkvæmt skilgreiningu tryggingafélaganna er stór hluti bílaflota slökkviliðanna forn bílar. Ég tek undir það að tölurnar er sláandi,“ segir Jón Viðar og nefnir bilanahættu í samhengi við þá staðreynd að rekstur gamalla tækja geti verið flókin. „Það er ekkert sjálfsgætt að finna varahluti. Það þekktist að menn leiti fyrir sér á e-bay til þess,“ segir Jón Viðar.

Bedford

Á árunum 1970 til 1972 var gert risaátak í að endurnýja búnað slökkviliðanna og voru um sjötíu bílar fluttir inn á þessu tímabili. Oft er talað um „Bedford-væðinguna“, eftir bílum af þessari gerð sem margir voru af 1962 árgerð. Margir þessara bíla eru enn í notkun, þótt þeir sitji við hliðarlínuna ef mikið stendur til. Mun afkastageta og áreiðanleiki dælu Bedfordins vera ástæðan fyrir því að þessum bílum hefur ekki verið fyrir löngu komið fyrir á safni.

Spurður hvort viðlíka átaks,

á landsvísi, sé þörf svarar Jón Viðar að kannski sé sá tímunktur að nálgast að huga verði að því. „Þarna þurfa menn hins vegar nýja hugsun. Samvinna og samnýting verður að vera ofarlega á baugi. Fjárfestingarnar verða að byggja á greiningum hvað hentar á hverju svæði fyrir sig,“ segir Jón Viðar, sem segir þetta eiga við um atvinnuslökkviliðin jafnt sem minni liðin úti um land. Hvað varðar slökkvilið höfuðborgarsvæðisins þurfi að huga að bíla kaupum. „Maður finnur samt á sveitarstjórnarmönnum að þeir eru meðvitaðir um þennan vanda. Það er enginn að líta fram hjá þessu, en vandinn er kannski það stór að hendur manna eru bundnar. En við fáum þó góðan stuðning frá þessum stóru sveitarfélögum sem standa að baki okkur, og má nefna nýja og dýra bælistöð í Mosfellsbæ. Þannig að stuðningurinn er ekki bara í orði heldur líka á borði.“

Búnaður slökkviliðanna er fleiri en bílarnir, þó þeir komi fyrst upp í hugann. Sama skurk þarf við endurnýjun annars búnaðar, hlífðarfatnaðar til dæmis. Nefnt hefur verið að gróueldrar útheimti sérstakan búnað, léttari og meðfærilegri, en slíkt er vandfundið hér.

Spurður um þjálfun og endurmenntun slökkviliðsmanna segir Jón Viðar það renna í sama farveg og tækjakaupin, vegna fjárhagsvandans. „Það liggur fyrir að endurmenntun og þjálfun þarf að vera betri hjá öllum. Það liggur í hlutarins eðli að þessir þættir sitja á hakanum þegar glíma þarf við stærri mál,“ segir Jón Viðar.

Of mörg og smá

Jón Viðar heldur því fram að slökkviliðin í landinu séu of mörg og vanmáttug mörg hver. Víða eru slökkviliðsstjórar í hlutastarfi og geta engan veginn uppfyllt kröfur, til dæmis um forvarnastarf, og margt sem fylgir stjórnslu dagsins í dag.

Jón Viðar telur að líta megi til þess þegar málefni fatlaðra voru flutt til sveitarfélaganna frá rík-inu, og þá þess að átta þúsund manns væru að baki hvers þjónustusvæðis. Í Noregi til dæmis séu uppi raddir um að lögbinda lágmarksfjölda íbúa að baki slökkviliðs. „Það er engin spurning í mínum huga að víða á landinu muni verða mjög til bóta að sameina slökkvilið í stærri og sterkari einingar, og í raun aðeins tímaspursmál hvenær í þetta verður ráðist. Nú þegar hefur slökkviliðum fækkað verulega og atvinnuslökkviliðum fjölgað. Kröfurnar



ELDUR Í HÖFÐA Starf slökkviliðanna er hulið óvissu og verkefni ólík. Það er því bráð nauðsyn að búnaður þeirra hæfi verkefnum.



Það liggur fyrir að endurmenntun og þjálfun þarf að vera betri hjá öllum. Það liggur í hlutarins eðli að þessir þættir sitja á hakanum þegar glíma þarf við stærri mál.

Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri höfuðborgarsvæðisins

fara vaxandi og fólk er betur meðvitað um þessa þjónustu. Sveitarfélögin eru líka orðin meðvituð um það að ef þessi þjónusta er ekki ásætlanleg þá spyrji bæði stór og lítil fyrirtæki sig þeirrar spurningar hvort fýsilegt sé að setja sig niður á viðkomandi svæði.“

Hröð uppbygging

Um þessar mundir er mikil upp-sveifla í ferðaþjónustu, og eins og nauðsyn krefur fylgir uppbygging innviða. Hótel munu spretta upp sem gorkúlur ef áform ganga eftir, en færri ræða hvað verður að fylgja slíkri uppbyggingu.


„Það er alltaf hættan í hraðri uppbyggingu að ekki séu allir þættir teknir inn í jöfnuna. Aukin umferð fólks og farartækja skapar

Búnaður og mannaflí slökkviliðanna 2013

FJÖLDI SLÖKKVIBÍLA

Heildarfjöldi slökkvibíla 179


■ 6-9 ára ■ 10-19 ára ■ 20-29 ára
■ 30-39 ára ■ 40-71 ára



FJÖLDI SLÖKKVILIÐSMANNA

Heildarfjöldi tæplega 1300

■ Atvinnuslökkviliðsmenn (17%)
■ Hlutastarfandi slökkviliðsmenn (83%)



Heimild: Mannvirkjastofnun

ómflýjanlega aukna áhættu. Þá er alltaf stóra spurningin, ef eitthvað kemur fyrir, hvernig við erum í stakk búin til að bregðast við. Það er til dæmis ekkert gefið, þegar nýtt hótél er byggt á nýjum stað út um land, að til staðar séu innviðir í samræmi við það, og geti svarað kallinu,“ segir Jón Viðar og nefnir að í nýrri byggingareglugerð er tekið sérstaklega til þess að ef viðbragðstími og burðir viðkomandi slökkviliðs á svæði eru ónógir þá skuli gert ráð fyrir því í viðkomandi byggingu – til að veða

upp á móti löngum viðbragðstíma eða getu slökkviliðs.

Jón Viðar nefnir sem dæmi þegar álver Alcoa Fjarðaáls við Reyðarfjörð var byggt, að þá tóku sveitarfélögin á svæðinu sig saman ásamt fyrirtækinu og byggðu upp atvinnuslökkvilið. „Það hefur þegar sannað sig, og það hefur verið nefnt að þegar kviknaði í spennistöð verk-smiðjunnar hafi starfsemin verið í hættu. Það er í raun þrekvirkni slökkviliðsins á staðnum að þakka að ekki fór verr.“

Notaðir bílar

Frábært úrval af notuðum bílum. Veldu þann sem hentar þínum þörfum best.

Þú finnur bílinn á **benni.is**



Hummer H3
Skráningarár 8/2006 | Sjálfskiptur
Bensín | Ekinn: 79.000 km.
Verð 2.690.000 kr.



SsangYoung Rexton RX290
Skráningarár 6/2005 | Sjálfskiptur
Dísel | Ekinn: 49.000 km.
Verð 1.990.000 kr.



Chevrolet Captiva
Skráningarár 10/2008 | Beinskíptur
Dísel | Ekinn: 86.000 km.
Verð 2.690.000 kr.

Opnunartími: Virkir dagar 10-18 og laugardaga 12-16

Reykjavík
Bíldshöfða 10
Sími: 590 2035
Netf: notadir@benni.is

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330
Netf: svavar@benni.is

Bílaúð
Benni

Notaðir bílar

Meistarar fram tíðarinnar



**1. sæti
í framreiðslu**
Jón Bjarni
Óskarsson
Satt

**3. sæti
í framreiðslu**
Sunnefa Hildur
Aðalsteinsdóttir
Satt

**2. sæti
í matreiðslu**
Arnar Ingi
Gunnarsson
Slippbarinn

**1. sæti
í matreiðslu**
Karl Óskar
Smárason
VOX

Unga fólkið okkar var sigursælt á Íslandsmóti nema í matreiðslu og framreiðslu 2014. Við erum stolt af því að hafa þau innan okkar raða og óskum þeim hjartanlega til hamingju.

Sem leiðandi afl í rekstri hótela og veitingastaða, teljum við það skyldu okkar að þjálfa alla okkar nema af alúð og metnaði. Þannig tryggjum við fagmennsku í íslenskri ferðaþjónustu til framtíðar.



REYKINGAR Áhrifin af því að hætta að reykja eru sögð jafn mikil eða jafnvel meiri heldur en ef þunglyndislyf hefðu verið tekin.

NORDICPHOTOS/AFF

Pegar reykingum er hætt:

Kvíði, depurð og streita minnkar

Sá sem hættir að reykja dregur ekki bara úr hættunni á að fá krabbamein og hjarta- og lungna-sjúkdóma, heldur getur hann einnig losnað við kvíða og þunglyndi. Þetta kemur fram í grein í British Medical Journal sem vitnað er í á fréttavef Dagens Nyheter.

Rannsókn breskra vísindamanna hefur leitt í ljós að það er gott fyrir andlega heilsu manna að hætta reykingum. Áhrifin eru sögð jafn mikil eða jafnvel meiri heldur en ef þunglyndislyf hefðu verið tekin inn.

Vísindamennirnir skoðuðu gögn 26 rannsókna þar sem andleg heilsa reykingamanna var könnuð bæði áður og eftir að þeir höfðu alveg hætt að reykja. Þátttakendur í rannsókninni höfðu reykt um 20 sigarettur á dag og var þeim fylgt eftir í hálf ár eftir að þeir hættu reykingum. Greinileg merki sást um að kvíði, þunglyndi og streita hafði minnkað.

- ibs

Jafnnæringarríkur matur í öllum grunnskólunum

Samsetning máltíðar og næringargildi verður sambærilegt. Með sameiginlegum gagnagrunni má áætla betur hráefnismagn og ná fram hagræði í innkaupum. Börnin í matsal í 20 mínútur í flestum skólum.

Í apríl eiga öll grunnskólabörn í Grafarvogi og á Kjalarnesi, sem eru í mataráskrift í skólunum, að fá jafnnæringarríkan mat. Í þessum hverfum verður tekið fyrsta skrefið að því að innleiða þjónustustaðal í skólamötuneytum borgarinnar þannig að hráefni sé sambærilegt að gæðum og matseðlar næringarútreiknaðir í samræmi við ráðleggingar Embætti landlæknis.

Settur verður upp sameiginlegur gagnagrunnur fyrir matseðla fyrir tiltekna daga. Yfirmenn mótuneyta munu nýta grunninn við val á uppskriftum og matseðlum sem uppfylla orku- og næringarþörf barna miðað við aldur.

„Þetta þarf ekki endilega að vera sami réttur í grunnskólunum sama daginn, heldur verða til dæmis fiskidagarnir þeir sömu og hakkdagarnir þeir sömu. Þá er til dæmis boðið upp á spagettibollur í einum skóla og lasanja í öðrum. Samsetning máltíðarinnar og næringargildi hennar verður sambærilegt,“ segir Helga Sigurðardóttir, næringarfræðingur og gæðastjóri mótuneyta skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur. Að sögn Helgu má með sameiginlegum gagnagrunni



HELGA SIGURÐARDÓTTIR

áætla betur hráefnismagn og ná fram hagræði í innkaupum.

Samræmd þjónusta verður tekin upp í skólamötuneytum í fimm öðrum hverfum í kjölfarið. „Áætlað er að þjónustan verði tekin upp í tveimur til þremur hverfum næsta haust. Við munum meta hvornig þetta kemur út í Grafarvogi og á Kjalarnesi. Við gerum ráð fyrir að það verði einfaldara að innleiða þetta í fleiri hverfi þegar við sjáum hverju þarf að breyta. Þegar kerfið hefur verið tekið upp í öllum grunnskólum bætast leikskólarnir og frístundaheimilin við.“

Í flestum grunnskólum borgarinnar er gert ráð fyrir að börnin séu í matsal í 20 mínútur og yfirleitt í frímínútum í 20 mínútur á undan eða eftir, að því er Helga greinir frá. „Það kemur reglulega upp umræða um að mikið álag sé í matsalnum á svona stuttum tíma. Tímenn sem þau hafa í matsalnum mætti vera lengri ef maður hugsar þetta frá upplifuninni að borða. Tuttugu mínútur eru ekki langur tími þegar þau þurfa að standa í biðröð, setjast til borðs og ljúka máltíðinni.“

ibs@frettabladid.is



Í SKÓLAMÖTUNEYTI Yfirmenn mótuneyta munu nýta sameiginlegan gagnagrunn við val á uppskriftum og matseðlum sem fylla orku- og næringarþörf barna miðað við aldur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Tólf þúsund börn í mataráskrift

Um 12 þúsund grunnskólabörn eru í mataráskrift í skólamötuneytum borgarinnar.

Fjöldi hádegisverða er um 2,1 milljón matarskammtar.

Samkvæmt þjónustukönnun skóla- og frístundasviðs eru 68 prósent foreldra ánægð með mótuneyti grunnskólanna.

Í fjárhagsáætlun Reykjavíkur fyrir 2014 var úthlutað viðbótarfjármagni til að bæta gæði hráefnis í skólamötuneytum. Um er að ræða 87 milljónir til grunnskólanna.

— HRAUSTIR MENN —

MOTTU

MARS

Netkórinn

SYNGJUM

STYRKINN INN

Krabbameinsfélagið

Arion banki

— TAKTU HRAUSTLEGA UNDIR —

SYNGDU „HRAUSTA MENN“

OG SENDU INN MYNDBAND

ARION BANKI STYRKIR HVERJA INNSENDINGU Í NETKÓRINN

— SKRÁÐU ÞIG —

WWW.MOTTUMARS.IS/NETKORINN

Brandenburg

TM Software

KUKUL

trickshot

PEASER

Icelandair Hotels

ALASKA

FUGUFLAG ÍSLANDS

SILENT

DÆGURELUGAN

ÖRTU



MJÓLKURVÖRUR Neysla á jógúrt og skyrri minnkar líkur á sykursýki 2 um fjórðung.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Niðurstöður rannsóknar í Cambridge:

Skýr og jógúrt draga úr hættu á sykursýki

Hálft glas af jógúrt eða skyrri á dag getur dregið úr líkunum á að maður fái sykursýki 2 um fjórðung. Þetta eru niðurstöður nýrrar rannsóknar vísindamanna við Cambridge-háskólann sem vitnað er í á fréttavef danska ríkisútvarpsins. Vísindamennirnir skoðuðu gögn um mataræði rúmlega fjögur þúsund einstaklinga um 11 ára skeið.

Rannsóknin leiðir ekki í ljós hvers vegna sýrðar mjólkurvörur hafa þessi jákvæðu áhrif. Haft er eftir Kjeld Hermansen, lektor við

Háskólann í Árósum, að það geti að hluta til verið vegna þess að lítið sé af kaloríum í sýrðum mjólkurvörum. Ástæðan geti jafnframt verið fjöldi hollra baktería í sýrðu mjólkurvörum.

Vísindamennirnir rannsökuðu einnig tengslin milli neyslu fitusnauðrar mjólkur, eins og undanrennu og léttmjólkur, og hættunni á að fá sykursýki 2. Niðurstaðan var sú að 19 prósent minni líkur voru á að fá sykursýki 2 ef slíkrar mjólkurvörur er neytt.

- ibs

Fræðslufundur um læsi og lesskilning:

Rætt um PISA og möguleika barna

Á fræðslufundi um læsi og lesskilning barna í leik- og grunnskólum, sem haldinn verður í sal Garðyrkjufélags Íslands í Síðumúla 1 þriðjudaginn 18. mars, verður rætt um málið frá reynslu foreldra og fagmanna.

Fjallað verður meðal annars um niðurstöður PISA-könnunarinnar, hvornig foreldrar og kennarar skapa börnum bestu mögulegu

proskaskilyrði er varðar mál og tal og framtíðarsýn varðandi áherslur á læsi og stærðfræði í leikskólum.

Jafnframt verður fjallað um framtíð lesblindra á Íslandi, kennslu gegnum leik og hreyfingu, nýjungar á markaðnum og möguleika fyrir öll börn, að því er segir í fréttatilkynningu frá ABC leikföngum sem standa fyrir fræðslufundinum.

- ibs

Fyrst og fremst stolt

JAFNLAUNA- VOTTUN VR



Vörður tryggingar er fyrst íslenskra fjármálafyrirtækja til að hljóta Jafnlaunavottun VR. Vottunin staðfestir að hjá Verði ríkir sanngirni og réttlæti þar sem greidd eru jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf óháð kyni.

Af því erum við fyrst og fremst stolt.

VIÐ VILJUM KYNNAST ÞÉR BETUR.

 vörður

Nýr íslenskur app-leikur: Prautaleikur fyrir lengra komna

Íslenska hugbúnaðarfyrirtækið Gebo Kano setur á næstu dögum í loftið nýjan íslenskan prautaleik fyrir i-Phone og i-Pad.

Prautirnar er í anda hinnar

aldagömlu kínversku tangram-prautar en formin hennar Kristján Sætran Bjarnason.

Útlit leiksins og yfirbragð er hannað til að vera róandi og hefur fengið mikið lof frá erlendum leikjaútgefendum.

Fyrstu hundrað prautilr IKUE eru ókeypis en hægt er að kaupa viðbótarpakka sem inniheldur 400 fleiri prautilr.

- sss



Á HRADFERÐ Maður við merki leitarisins Google í Frankfurt í Þýskalandi.

Auglýsingar ekki aðgreindar: Google breytir útliti sínu

NEYTENDUR Leitarrisinn Google hefur breytt útliti sínu.

Sé leitarorði slegið upp eru auglýsingar ekki lengur aðgreindar frá hefðbundnum leitarniðurstöðum með appelsínugulum lit heldur er lítið gult merki látið nægja.

Keyptar auglýsingar eru eftir sem áður efstu leitarniðurstöður Google og geta verið villandi fyrir almenna notendur. Google hefur gefið það út að breytingarnar séu gerðar með það fyrir augum að einfalda útlit þessarar vinsælustu leitarvélar heims.

- sss

Vatnstjón kostuðu á þriðja milljarð króna á síðasta ári

6.700 vatnstjón urðu árið 2013 eða um 18 tilvik á dag. Það má ætla að einstaklingar hafi þurft að taka á sig samtals 753 milljónir króna vegna vatnsleka á árinu vegna sjálfsábyrgðar og vatnstjóna sem ekki eru bótaskyld.

Milljarða eignatjón, óþægindi og jafnvel heilsutjón verður vegna vatnsleka, raka og myglu á íslenskum heimilum ár hvert.

Sumt af því bæta tryggingafélögin og er kostnaður þeirra við vatnstjón tæpir tveir milljarðar á síðasta ári. Í um þrjátíu prósent tilfella, eða í 1.500 tilfellum af 5.200, er vatnstjónið ekki bótaskyld.

Kostnaður vegna tjóns sem ekki fæst bætt er ekki þekktur en ef reiknað er meðaltjón sem tryggingafélögin bæta einstaklingum, sem er þrjú hundruð þúsund krónur, þá má áætla að einstaklingar þurfi að taka á sig tæplega fimm hundruð milljónir króna á ári vegna vatnstjóna sem ekki eru bótaskyld. Jafnvel þótt tjón séu bótaskyld þurfa einstaklingar að greiða eigin áhættu, eða sjálfsábyrgð, upp á tæpar þrjú hundruð milljónir á ári.

Samstarfshópur um varnir gegn vatnstjóni var stofnaður á síðasta ári vegna þess mikla kostnaðar sem fylgir vatnstjóni og fjölda tilvika. Til sam- anburðar er kostnaður vegna eignatjóns í eldsvoðum 1.239 milljónir árið 2013 eða tæplega helmingi minni en vegna vatnstjóna.

Samstarfshópurinn hefur gefið út leiðbeiningar fyrir almenning til að draga úr tjóni vegna vatnsleka. Annars vegar leiðbeiningar til að minnka líkur á vatnstjóni, til dæmis með réttu viðhaldi og endurnýjun lagna með aðstoð fagmanna. Hins vegar með því að leiðbeina um fyrstu viðbrögð við leka; meðal annars loka strax fyrir vatnsinntak, hafa samband við tryggingafélagið og þurrka vel upp eftir vatnstjón svo ekki myndist raki og mygla í húsum.

erlabjorg@frettabladid.is

→ Tjón sem ekki er bætt af tryggingum

Ef vatn kemur að utan, til dæmis frá svölum eða þaki. Ef tjón verður vegna lélegs viðhalds, til dæmis við það, sturtu, blöndunartæki eða flísar.

VATNSTJÓN 2013 KOSTNAÐUR OG FJÖLDI TILVIKA

5.200

bótaskyld tilvik eða um 14 á dag

1.500

tilvik sem ekki eru bótaskyld eða um 4 á dag

2.242 milljónir

er heildarkostnaður vegna vatnstjóna

300 milljónir

er kostnaður einstaklinga vegna eigin áhættu

455 milljónir

er áætlaður kostnaður einstaklinga vegna óbættis tjóns einstaklinga

343 tilvik

verða á ári sem kosta yfir milljón krónur eða næstum eitt á dag



VATNSTJÓN Það geta fylgt því mikil óþægindi og rask að verða fyrir vatnstjóni og oft þarf að endurnýja innréttingar, gólfefni og flísar. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍS

Svakalegt umstang að lenda í vatnstjóni



OFNINN LAK Birna Ásmundsdóttir Olsen við ofninn sem lak og eyðilagði parketið í stofunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Að auki voru stórir, háværir blásarar í stofunni í fleiri daga til að þurrka gólfíð og svo þurfti að setja nýja ofna í stofuna og leggja parketið. „Þetta var svakalegt umstang. Við þurftum að tæma alla skápa og færa dót til og frá. Það er ekki gaman að lenda í þessu en sem betur fer var allt tilbúið tveimur dögum fyrir löngu planaða afmælisveislu í húsinu.“

Birna Ásmundsdóttir Olsen og maðurinn hennar lentu í því óláni að vatn lak úr gömlum ofni inni í stofu. „Nágrannar okkar vöktu okkur snemma á sunn- dagsmorgni og sögðu okkur að vatn læki niður loftið í þeirra íbúð,“ segir Birna. „Ef þau hefðu ekki orðið vör við lekann þá hefði þetta orðið miklu verra.“

Birna segir að miklar skemmdir hafi orðið á parketinu og það hafi verið rífið upp og þurrkað.

NEYTANDINN Vilborg Arna Gissurardóttir

Keypti kvikmyndatökuvél og sér ekki eftir því

VILBORG ARNA GISSURARDÓTTIR



Vilborg Arna Gissurardóttir er pólfari og sendiherra SOS barnabörpanna. Hún er nú búin að klífa sex af sjö hæstu tindum heims og stefnir á að gera heimildarmynd um ferðalög sín. „Bestu kaupin voru klárlega kvikmyndatökuvél sem ég keypti í fyrra, alvöru Canon-vél og mikil fjárfesting. Ég keypti hana af því mig langaði til að gera eitthvert efni úr þessum leiðöngrum mínum og stefni á að gera heimildarmynd.“ Vilborg keypti vélina daginn áður en hún kleif fyrsta tindinn af sjó. „Fyrst var ég lengi að klóra mig fram úr hvernig ætti að kveikja á henni og nota hana en síðan þá hef ég lært mikið.“

„Verstu kaupin mín eru hins vegar forlata samfestingur úr Karen Millen sem ég keypti fyrir einhverjum árum, Hann var alltof lítil á mig og var ekki til í minni stærð. Ég hugsaði með mér að ég myndi passa í hann einn daginn og keypti hann númeri of lítinn. Hann var dýr á sínum tíma. Ég á hann enn í dag og hef aldrei farið í hann.“

- áós

Yuasa rafgeymar

Stærsti rafgeymaframleiðandi í heiminum



Frí rafgeymaprófun



Suðurland

Bílabjónusta Péturs
Vallholti 17 - 800 Selfoss
Sími 482 2050

Bifreiðaverkstæði Klettur
Hrismýri 3 - 800 Selfoss
Sími 482 2050



Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

GÆÐAMÁLNING - GOTT VERÐ!

MÚRBÚÐARVERÐ

SPARAÐU!

Kynntu þér verðið á
Deka gæðamálningu
og málningavörum
í Múrbúðinni.

Deka Meistaralakk 70
Akrýllakk. hvítt. 1 lítrar

1.895



LF Veggspartl
0,5 lítrar

795



Bakki, grind og rúlla

1.190



Málningarfata 12 lítra

490



DekaCryl 7
Innimálning. 10 lítrar

5.995



Áltrappa 3 þrep
polir 150 kg EN:131

3.990



Mako pensill
50mm

225



Mako málaramotta 1x3 metrar

995



SMIG Med veggspartl 5 kg.

1.390



Deka Gólfmálning
grá 3 lítrar

4.295



Málningarlímband
25mmx50m

225


Málningarpappi
20mx80cm

695



25cm Málningar-
rúlla og grind

720



Framlengingarskaft
fyrir rúllur Tia-EP 1,2 metrar

325



Reykjavík Kletthálsi 7. Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18



MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

Slitastjórn Glitnis banka: Felldu niður skaðabótamál

Mál slitastjórnar Glitnis gegn Lárusi Welding og Guðmundi Hjaltasyni, fyrrverandi stjórnendum bankans, vegna Vafningsmálsins svokallaða var fellt niður í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Um var að ræða skaðabótahluta málsins en Lárus og Guðmundur voru sýknaðir í Hæstarétti í febrúar vegna þess.

Slitastjórnin hafði í skaðabótahlutanum farið fram á að Lárus og Guðmundur greiddu hátt í sextán milljarða króna en samþykkti í gær að greiða málskostnað manna að fjárhæð 1,5 milljónir fyrir hvorn.



LÁRUS WELDING

GUÐMUNDUR
HJALTASON

Sala Landsbankans:

Stækka skulda- bréfaflokk

Landsbankinn lauk í dag sölu á óverðtryggðum flokki sértryggðra skuldabréfa sem skráður er í Kauphöllina.

Samkvæmt tilkynningu frá bankanum var útgáfan, LBANK CB 16, stækkuð um 1,5 milljarða króna á ávöxtunarkröfnum 6,4 prósent. Áður hefur Landsbankinn gefið út 1,92 milljarða króna í sama flokki og nemur því heildarstærð flokksins 3,42 milljörðum.

Stefnt er að því að bréfin verði tekin til viðskipta í Kauphöllinni þann 18. mars en Straumur fjárfestingabanki sinnir viðskiptavakt.

-fbj



Útvegsmenn ósáttir við of sterkt gengi krónunnar

Forstjórar sjávarútvegsfyrirtækjanna HB Granda og Þorbjarnar segja stjórnvöld og Seðlabankann halda uppi óeðlilega sterku gengi krónunnar. Hagfræðingur Arion banka segir Seðlabankann þvert á móti vinna gegn styrkingu krónunnar. Bankinn hafi keypt gjaldeyri út úr bankakerfinu og safnað í eigin gjaldeyrisforða.

Forstjórar tveggja af stærstu íslensku sjávarútvegsfyrirtækjum landsins, telja að stjórnvöld og Seðlabankinn haldi uppi óeðlilega sterku gengi krónunnar, sem dragi úr tekjum þeirra í íslenskum krónum. Þetta sögðu Vilhjálmur Vilhjálmsson, forstjóri HB Granda, og Eiríkur Tómasson, forstjóri Þorbjarnar, í viðtali við fréttastofu Bloomberg í gær.

Eiríkur sagði að gengi krónunnar væri falsað eftir að gjaldeyrishöft voru tekin upp á Íslandi árið 2008. „Við erum að nota gengi sem er óraunhæft og dregur úr tekjum okkar í íslenskum krónum,“ sagði Eiríkur. Vilhjálmur sagðist efins um núverandi gengi krónunnar. „Seðlabankinn hlýtur einnig að vera efins, þar sem hann er tilbúinn til að greiða hærra verð fyrir evruna á uppboði en það verð sem hún er skráð á opinberlega,“ segir Vilhjálmur í viðtalinu við Bloomberg.

Í frétt Bloomberg var tekið fram að evran kostaði aðeins 155 krónur hérlendis en 239 krónur erlendis.

Undir þetta tekur Kolbeinn Árnason, framkvæmdastjóri LÍÚ, sem segir sjávarútveginn gríðarlega háðan því hvert gengið á gjaldmiðlinum sé. „Við hljótum að leggja áherslu á að það sé rétt skráð,“ sagði Kolbeinn. Hann sagði hið tvöfalda skráða gengi krónunnar skapa ástand sem feli í sér gríðarlega mikla mismun eftir því hvort verði sé að búa til gjaldeyri í gegnum reglulega starfsemi, líkt og sjávarútvegurinn gerir, eða þegar öðrum aðilum er hleypt inn í landið með krónum á allt öðru gengi. „Þetta er birtingarmynd þessara gjaldeyrishafta sem vonlaust er að búa við,“ sagði Kolbeinn sem kallar



ÚTVEGSMENN Forstjórar HB Granda og Þorbjarnar segja gengi krónunnar draga úr tekjum fyrirtækjanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

KOLBEINN
ÁRNASONHAFSTEINN G.
HAUKSSON

eftir skýrri stefnu stjórnvalda. „Það þarf að marka skýra stefnu í því hvernig á að aflétta þessum

höftum þannig að allir sitji við sama borð og að gengi gjaldmiðilsins sé rétt skráð. Stöðugleiki þarf að ríkja til framtíðar í gjaldeyrismálum.“

Hafsteinn Gunnar Hauksson, hagfræðingur hjá greiningardeild Arion banka, sagði í samtali við Fréttablaðið að krónan hefði sannarlega styrkst að undanförunni, það sé að gerast eins og hreyfingar með krónuna hafa verið eftir að höft voru sett á, þá gerist það vegna undirliggjandi innflæðis og útlæðis af gjald-

eyri sem hefur einkum með utanríkisverslun að gera. En um þessar mundir gæti einnig haft áhrif að greiðslubyrði innlendra aðila í erlendri mynt er almennt séð léttari í ár en í fyrra.

„Seðlabankinn er búinn að vinna heilmikið á móti styrkingu krónunnar, hann er búinn að vera að kaupa gjaldeyri út úr bankakerfinu, frá viðskiptavökum, þannig að hann er að leggja gegn þessari styrkingu og safna sér í forðann um leið,“ sagði Hafsteinn. fanney@frettabladid.is

23 prósent hlutur í Sjóvá verður boðinn til sölu: Sjóvá fer á markað eftir tvær vikur

Hlutafjárútbod Sjóvár-Almennra trygginga hf. hefst 27. mars og stendur yfir til 31. sama mánaðar. Boðin verða til sölu 366.279.829 hlutir sem samsvarar 23 prósentum af útgefnum hlutum í félaginu.

Hermann Björnsson, forstjóri Sjóvár, segir að það hafi legið fyrir af hálfu eigenda frá því þeir komu inn árið 2011 að þeir vildu fara með fyrirtækið á markað. „Það er mikil spenna af hálfu bæði stjórnenda og starfsmanna fyrirtækisins enda mikil vinna sem liggur þarna að baki. Sú vinna er bæði gefandi og góð, í henni felst oft mikil naflaskoðun. Allar áherslur hafa miðað að því undanfarið að innviðirnir væru eins og best er á kosið þegar við færum á markað. Nú er loksins komið að þessu og okkur líst bara mjög vel á þetta,“ sagði Hermann í samtali við Fréttablaðið í gær.

Fjárfestum verða boðnar tvær áskriftarleiddir, tilboðsbók A, þar sem 10 prósent af útgefnum hlutafé stendur til boða. Þar verður fjárhæð áskrifta á bilinu 100 þúsund krónur til 10 milljónir en öllum hlutum tilboðsbókarinnar verður úthlutað á sama verði, 10,7 til 11,9 krónur á hlut, sem jafngildir um 17-19 milljarða króna markaðsvirði.

Tilboðsbók B inniheldur 13 prósent af útgefnum hlutafé, þar sem lágmarksverð er 11,9 krónur á hlut en



MIKIL SPENNA Bæði starfsmenn og stjórnendur Sjóvár eru spenntir fyrir skráningu félagsins á markað.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

hámarksverð er ekkert. Lágmarksfjárhæð áskrifta verður 10.000.001 króna og verður hámarksáskrift í tilboðsbók B 9,99 prósent af útgefnum hlutafé félagsins. Þá verður öllum hlutum í tilboðsbók B einnig úthlutað á sama verði.

Skráningarlýsing Sjóvár var birt í gær og hlutafjárútbodið verður sem fyrr segir frá 27. til 31. mars. Niðurstöður verða birtar þann 3. apríl og Kauphöllin birtir í kjölfarið svar við umsókn útgefanda um töku til viðskipta. Eindagi viðskiptanna verður þann 9. apríl og hlutirnir afhentir daginn eftir, þann 10. apríl. Fyrsti mögulegi viðskiptadagur með bréf í Sjóvá á aðalmarkaði Kauphallarinnar verður því þann 11. apríl 2014. -fbj

Síðustu forvöð að kjósa!

Kosningu til stjórnar VR kjörtímabilið 2014 – 2016
lýkur kl. 12:00 á hádegi á morgun 14. mars.

Kosning er á Mínum síðum á www.vr.is

Láttu þig málið varða og hafðu áhrif með því að kjósa!

Virðing
Réttlæti

VR



zboom zboom



MAZDA CX-5 4WD HLAÐINN VERÐLAUNUM

BEINSKIPTUR 4WD FRÁ 5.590.000 KR.
SJÁLFSKIPTUR 4WD FRÁ 5.890.000 KR.

KOMDU Í REYNSLUAKSTUR.
MAZDA. DEFY CONVENTION.



TOP SAFETY PICK 2014
— Bandaríska umferðaröryggisstofnunin IIHS



BÍLL ÁRSINS Í JAPAN 2012-2013
— ein virtustu verðlaun bílgreinarinnar

L'ANNUEL DE
L'AUTOMOBILE
2014



BESTI SPORTJEPPINN 2014
— L'Annuel de l'automobile



AUTOMOBILE ALL-STAR 2013
— The Best Cars in America, AUTOMOBILE



MESTA ÁNÆGJAN
— J.D. Power | 2013

MAZDA CX-5 er sigurvegarinn í sínum flokki í ánægjukönnun J.D. Power en niðurstöðurnar byggja á svörum frá 83.000 eigendum nýrra bíla.



**LÆGSTI 5 ÁRA
REKSTRARKOSTNAÐURINN**
— Kelleys Blue Book

Mazda bílar hafa lægsta 5 ára rekstrarkostnaðinn skv. könnun Kelley Blue Book.



BESTI SPORTJEPPINN 2013
— Best Crossover, Auto Express



BESTI SPORTJEPPINN
— Best SUV, Green Awards WHATCAR

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | mazda.is

Mazda CX-5 er vel að þessum verðlaunum kominn. Hann er búinn SKYACTIV spartækni MAZDA, er einstaklega fallegur á að líta og með miklum staðalbúnaði: skynvætt fjórhjóladrif (4WD), snjallhemlunarkerfi (Smart City Break Support), blindpunktsaðvörunarkerfi (Rear Vehicle Monitoring), i-stop spartækni, Bluetooth síma- og tónhlöðutengi, 17" álfelgur, nálægðarskynjari, upplýsingasnertiskjár í mælaborði, hraðastíllir (cruise) og regnskynjari í framrúðu. Dráttargetan er 1800-2000 kg og veghæðin er 21 cm. Komdu í reynsluakstur.

Mazda CX-5 4WD 2,0i SkyActiv bensín. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,6 l/100 km. og 5,5 l/100 km. með sjálfskiptingu og 2,2 lítra SkyActiv dísilvél. Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

50 ár í bílgreininni

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Undarlegt launamál verður enn furðulegra:

Prinsipp og pukur í Seðlabankanum

Undarlegt mál, sem hófst með því að fyrrverandi ríkisstjórn gekk á bak orða sinna gagnvart Má Guðmundssyni seðlabankastjóra og lét lækka laun hans, hefur orðið furðulegra eftir því sem frá líður.

Launalækkun Más var liður í almennri launalækkun ríkisforstjóra, samkvæmt þeirri misráðnu stefnu fyrri ríkisstjórnar að enginn ríkisstarfsmaður ætti að hafa hærri laun en forsætisráðherra. Ástæðan fyrir því að það var vitlaus stefna er að ríkið verður að vera samkeppnisfært um fólk sem er miklu

hæfara, eftirsóttara og þar af leiðandi dýrara en flestir þeir sem setið hafa á stóli forsætisráðherra undanfarin ár. Gagnvart nýráðnum seðlabankastjóra var ráðstöfunin enn sérkennilegri en ella af því að ríkisvaldið, sem beitti sér fyrir launalækkuninni, var nýbúið að semja við hann um mun hærri laun.

Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Málshöfðun seðlabankastjórans gagnvart Seðlabankanum var svo enn ein furðulega og fordæmalaus vendingin. Dómstólar, bæði héraðsdómur og Hæstiréttur, komust hins vegar að þeirri niðurstöðu að ríkið hefði verið í fullum rétti að lækka laun seðlabankastjórans eins og annarra ríkisforstjóra.

Eftir að upplýst var að Seðlabankinn hefði greitt málskostnað Más vegna málarekstursins hafa Már og Lára V. Júlíusdóttir, fyrrverandi formaður bankaráðs Seðlabankans, haldið því fram að um prinsippmál hafi verið að ræða, sem varðaði sjálfstæði bankans; að mikilvægt hafi verið að fá úr því skorið hvort stjórnvöldum væri stætt á því að lækka laun seðlabankastjórans einhliða. Már Guðmundsson hefur réttilega bent á fordæmi fyrir slíku erlendis frá og að stjórnvöld gætu viljað klekka á seðlabankastjóra ef þau væru til dæmis óánægð með vaxtastefnunna.

Það er vissulega mikilvægt að standa vörð um sjálfstæði Seðlabankans, líka að þessu leyti. En í þessu tiltekna máli er ekki um það að ræða að aðgerð stjórnvalda hafi beint að seðlabankastjórnunum sérstaklega. Launalækkunin var almenn aðgerð, sem gekk jafnt yfir stóran hóp embættismanna og stjórnenda ríkisstofnana.

Annað sem bendir til að þessi skýring sé eftirá- eða hentiskýring, er sú leynd sem virðist hafa hvílt yfir ákvörðun bankaráðsformannsins um að greiða málskostnað bankastjórans. Bankaráðsmenn segjast ekki hafa vitað af henni og lögmaður bankans í málinu sem Már höfðaði vissi ekki af henni. Það sem er svo sýnu alvarlegast, er að þegar þáverandi fjármálaráðherra leitaði eftir svörum hjá bankanum til að geta upplýst Alþingi, greindi bankinn ekki frá ákvörðuninni um að greiða málskostnað bankastjórans, þrátt fyrir að hún hefði þá þegar verið tekin. Seðlabankinn hefur nú viðurkennt að sú upplýsingagjöf hafi verið „villandi“.

Þetta mál er ekki smámál eða stormur í vatnsglasi, eins og Lára V. Júlíusdóttir orðaði það í Fréttablaðinu í gær. Það snýst um meðferð almannaþjárfar og líka gegnsæi og traust í opinberri stjórnsýslu. Ef forsvarsmenn Seðlabankans voru svona vissir um að um mikilvægt prinsippmál væri að ræða, áttu ákvarðanir um að greiða málskostnað bankastjórans að sjálfsgöð að vera opinberar. Pukrið gefur hins vegar til kynna að þeim hafi ekki liðið vel með þær.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Engin tjaldútilega

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra átti afmæli í gær en þá fagnaði hann 39 ára afmæli sínu. Hann fékk fjöldann allan af afmælis-kveðjum á Facebook-síðu sinni frá vinum og vandamönnum. Sigmundur þakkaði pent fyrir sig og sagði að gott yrði að ná svolitlum tíma með fjölskyldu sinni á afmælisdaginn. Þá sagðist hann ætla að njóta síðasta ársins fyrir fertugt. Hann taldi þó að gefnu tilefni rétt að taka fram að sögu-sagnir um að hann hafi dvalið nætur-langt í tjaldútilegu á Þingvöllum með Jóhönnu Sigurðardóttur og drukkið

með henni uppáhaldskonfak Össurar Skarphéðinssonar ættu ekki við rök að styðjast.

1/45

Brynhildur Pétursdóttir, þingmaður Bjartrar framtíðar, lagði fram skriflega fyrirspurn til forsætisráðherra um styrkveitingar til menningarminja. Styrkveitingar hans hafa verið nokkuð í umræðunni, en um virðist vera að ræða styrkveitingar þar sem engar formlegar umsóknir um styrki hafa legið fyrir. Brynhildur spyr meðal annars um verkreglur í ráðuneytinu um styrkveit-

ingar og hvort þeim hafi verið fylgt. Þá spyr hún hvort styrkir hafi verið auglýstir og hvort jafnræðisreglum hafi verið fylgt. Brynhildur vakti einnig athygli á því að hún hafi beðið um sérstaka umræðu um þetta mál fyrir um tveimur vikum en ráðherra hafi ekki mætt í slíka umræðu. Hún vakti athygli á því að ráðherrar brygðust almennt hratt og vel við beiðnum um sérstaka umræðu, en forsætisráðherra hefði aðeins mætt í eina af 45 slíkum umræðum síðan ný ríkisstjórn tók við. Ætli hann sé upptekinn í tjaldferðalögum?

fanney@frettabladid.is



HALLDÓR



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Alþingi í sama farið

STJÓRN MÁL



Kári Jónasson fv. fréttamaður

Þegar nýtt þing kom saman í fyrra-sumar að loknum alþingiskosningum höfðu sumir þingmenn á orði að nú væri komið nýtt þing með mörgum nýjum þingmönnum og þörf væri á að breyta umræðuhefðinni í þingsal.

Þessar hugmyndir skutu líka upp kollinum í haust þegar þing kom saman á ný, en hvað gerist svo? Þingheimur er fallinn í sömu umræðuhefðina, en nú er sú breyting á að þeir sem þrösuðu mest þegar stjórn Jóhönnu var við völd, sitja nú við völd, en fyrrverandi stjórnarmeirihluti hefur að manni sýnist tekið upp nákvæmlega sömu vinnubrögðin og stjórnarandstaðan fyrir ári, – er það dapurlegt í meira lagi.

Þið þingmenn verðið að gæta virðingar ykkar og færa umræðuhefðina upp á annað plan en okkur almenningi þessa lands, háum og lágum, hefur verið boðið upp á að undanfögnu.

Ég er ekki að tala um efnisatriði og afstöðu til einstakra mála, heldur hvernig þingmenn haga sér í þingsal.

Mér finnst hlutverk háttvirts þingforseta, bæði nú og í fyrra hálf aukunarvert, svo ekki sé meira sagt. Það er eiginlega sama hvað hann tekur til bragðs og sama hvað hann segir og reynir að bæta umræðuhefðina, – ekkert breytist

→ Þingmenn vísa oft til fjölmiðla þegar þessi mál ber á góma og kenna þeim um hvernig komið er með álit þjóðarinnar á háttvirtu Alþingi. Þeir ættu hins vegar að líta í eigin barm...

– fólk fær meiri og meiri skömm á þinginu. Það verður bara að segja þetta eins og er.

Þingmenn vísa oft til fjölmiðla þegar þessi mál ber á góma og kenna þeim um hvernig komið er með álit þjóðarinnar á háttvirtu Alþingi. Þeir ættu hins vegar að líta í eigin barm, því fjölmiðlar eru aðeins að spegla ástandið sem við þeim blasir í þingsölu, og reyndar getur almenningur nú á dögum fylgst nákvæmlega með hvað er gerast þar innan dyra, vegna beinna útsendinga frá Alþingi.

Hafa þingmenn kannski ekki áttað sig á að fjöldi manna fylgist með umræðum á þinginu á degi hverjum, – ekki síst þegar von er á átökum um einstök mál?

Fjölmiðlar reyna hins vegar eftir bestu getu að skýra frá því sem frétt-næmt er hverju sinni, og láti þeim sem hver sem vill.

Ætlar þú að breyta um lífsstíl?

Heilsulausnir

Hentar einstaklingum sem glíma við offitu, hjartasjúkdóma og/eða sykursýki.

Námskeiðin hefjast mánudaginn 24. mars

Mánud., miðvikud. og föstud. kl. 07:20, 12:00 eða 17:30

Kynningarfundur fimmtud. 13. mars kl. 18:30 Allir velkomnir



HEILSUBORG

www.heilsuborg.is

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 108 • Reykjavík • Sími 560 1010

Bréf til Illuga

Kæri Illugi.

Ég tel mig hafa dottið niður á allsherjarlausn á vandamálum íslenska menntakerfisins. Ég vona að þú fyrst ekki við, að illa launuð framhaldsskólakennslukona úti á landi, ókjörin til þingsetu og óbreyttur þegn hafi orðið þér fyrri til.

Lausnin er mjög einföld. Hún felst í því, að þú gerir starfslokasamning við alla framhaldsskólakennara 60 ára og eldri. Ég er ekki að tala um útbólgn starfslokasamninga í anda hvítflibbaræningjanna sem keyrðu bankana í þrot og stýrðu þjóðarskútinni á sker. Mín hugmynd rúmast innan almenna tugakerfisins sem óbreyttir þegnar landsins lífa og hrærast í. Hún gengur út á, að hver kennari fengi hálf milljón í mánaðarlaun til æviloka fyrir að hætta kennslu. Og það strax. Upphæðin yrði auðvitað að vera tengd við allar mögulegar og ómögulegar vísitölur, vera verðtryggt í bak og fyrir, með belti og axlabönd, svo verðbólgan éti ekki upp hverja krónu strax á fyrstu önn starfsloka.

Eins og þú veist er kennarastéttin í framhaldsskólunum orðin nokkuð öldruð og starfslokasamningurinn myndi losa um fjölmargar stöður. Þá væri lag að skera eitt skólaár ofan af framhaldsskólanum og fækka kennurum. Þið þrífeykið, þú, SDG og BB gætuð gert stöður þeirra verulega eftirsóknarverðar með því að hækka kennaralaunin svo um munar. Annað er hreinn ómöguleiki. Myndarleg

KJARAMÁL



Jörunn Tómasdóttir framhaldsskólakennari

hækkunin myndi laða að skólunum ungt, frískt og drífandi fólk, alið upp á tækniöld við tölvuleiki.

Flugur steinrotaðar

Með þessu móti yrðu margar flugur steinrotaðar í einu höggi. Kennarastarfið yrði aftur eftirsóknarvert og launað í samræmi við menntun, eðli og mikilvægi starfsins og skóla-kerfinu yrði loksins fleytt inn í upplýsinga- og tækniveröld 21. aldarinnar. Nemendur þyrftu ekki lengur að velta því fyrir sér hvort risaeðlur hefðu verið uppi á unglingsárum kennara þeirra. Þeir myndu ekki hætta í skóla vegna leiðinda yfir gamaldags og hallærislegum kröfum um læsi og ritfærni.

Upplýsinga- og tæknivæðing menntakerfisins myndi gjörbylta skólaumhverfinu og kennsluháttum. Skólahúsnæði yrði næstum óþarft þannig að rekstur þess yrði ekki lengur byrði á ríki og sveitarfélögum. Autt húsnæðið mætti nota sem fangelsi, sem stöðugur skortur er á í seinni tíð, einhverra hluta vegna, og sem elli- og hjúkrunarheimili fyrir alla eldri borgara þessa lands sem glötuðu ævisparnaði sínum í bankahruninu.

Starfslokakennararnir, aldraðir en frískir og sprækir, enda með hálf milljón á mánuði til æviloka, yrðu síður til vandræða innan velferðarkerfisins; horrim og eynd myndu ekki gera þá að þungum bagga, hvorki hjá félagsmálayfirvöldum né innan heilbrigðisgeirans.

→ Hvað finnst þér, kæri Illugi? Er þetta framfylgjanlegt? Fyndist þér frekt ef ég færi fram á einkarétt á lausninni og einhverja þóknun fyrir að hafa dottið ofan á hana? Greidda í gjaldreyri, að sjálfsögðu.

Miklir fjármunir

Með þessa miklu fjármuni milli handanna – hálf milljón á mánuði eru miklir fjármunir í höndum kennara, skal ég segja þér Illugi – gætu þeir líka orðið öflug orkusprautu inn í verslun og þjónustu. Þeir gætu farið að eyða í ýmislegt, bæði þarft og óþarft, sem myndi hjálpa til við að koma hinum margumtöluðu hjólum efnahagslífsins í gang í því vesæla og einangraða kotsamfélagi sem þú og þínir eru að undirbúa að skapa okkur til framtíðar hér á hjara veraldar.

Ég fæ ekki betur séð en að þessi lausn yrði til hagsbóta fyrir alla, ekki bara fyrir menntakerfið heldur samfélagið allt. Allir vinna, allir græða. Við gætum kannski meira að segja náð svo langt að aflétta gjaldeyrishöftunum og þannig notað starfslokalaunin, vísitölutengd og verðtryggt í bak og fyrir, til að flytja á suðrænni slóðir. Jafnvel innan Evrópusambandsins.

Hvað finnst þér, kæri Illugi? Er þetta framfylgjanlegt? Fyndist þér frekt ef ég færi fram á einkarétt á lausninni og einhverja þóknun fyrir að hafa dottið ofan á hana? Greidda í gjaldeyri, að sjálfsögðu.

Með bestu kveðjum og von um skjót svör.

Varnaglar og valdbeiting

Samkvæmt fjölmiðlum, RÚV, Stöð 2 og Fréttablaðinu, lofuðu formenn Sjálfstæðisflokks og Framsóknar fyrir alþingiskosningarnar 2013 að þjóðaratkvæðagreiðsla yrði um hvort halda ætti viðræðum við ESB áfram. Ekki var minnst á að slíta bæri þessu viðræðuferli. Eftir kosningarnar endurtóku bæði Bjarni Ben. og Sigmundur Davíð (*Laugarvatni 22. maí 2013*) þetta fallega loford.

EVROPUMÁL



Tryggvi Gunnarsson kennari

Á vefnum Vísí.is segir Gunnar Bragi að Framsóknarflokkurinn hafi ekki gefið nein loford um þjóðaratkvæðagreiðslu á þessu kjörtímabili. Einungis hafi verið um að ræða þjóðaratkvæðagreiðslu ef Framsókn lenti í stjórn með Evrópusinnuðum flokki til að hafa þannig hemil á honum. Þetta átti að vera varnagli gegn gallhörðum aðildarsinnum Samfylkingarinnar, eins og Frosti Sigurjónsson hafði á orði. Hér vandast nú málið fyrir ykkur framsóknarmenn, því hvers vegna var þá Sigmundur Davíð að lofa þjóðaratkvæðagreiðslu um þetta mál eftir kosningar, þegar fyrir lá að Samfylkingin yrði ekki með Framsókn í ríkisstjórn heldur Sjálfstæðisflokkurinn?

Stenst engan veginn

Staðreyndin er því að sjálfsögðu sú, að þessi varnaglakennning ykkar stenst engan veginn og er með eindæmum fáránleg í þokkabót. Gátuð þið ekki fundið eitthvað aðeins trúverðugra en þessa emdemis þvælu? Varðandi sannfæringu þing-

manna við atkvæðagreiðslur á Alþingi, sem Gunnar Bragi dregur mjög í efa, þá er afar eðlilegt að spyrja hann um eftirfarandi vegna greinar Inga F. Vilhjálmssonar í helgarblaði DV:

1) Hversu mikinn þátt spilar sannfæring Þórólfs Gíslasonar, fyrrverandi yfirmanns þíns, í ákvarðanatöku þinni á hinu háa og virðulega þjóðþingi okkar Íslendinga?

2) eru lætin og yfirgangurinn í þér varðandi slitatillöguna nokkuð vegna sérstakrar hagsmunagæslu í þágu hins volduga kvótakóns á Saudárkróki?

Að lokum vil ég geta þess að framlagningin á þingsályktuninni um slit á viðræðum við ESB í miðri umræðu um skýrslu Hagfræðistofnunar Háskólans var alls ekki sjálfsögð og eðlileg eins og Gunnar Bragi hélt fram. Þetta athæfi hans var ekki aðeins fautaskapur, heldur einnig algjör rökleysa, því að þessi skýrsla átti að vera grundvöllur fyrir málefnalegri umræðu á þingfundum og síðan átti að taka málið fyrir í þingnefnd, þar sem sérfræðingar yrðu kallaðir til að veita þingmönnum svör við spurningum þeirra. Þetta þýðir að ákvörðunin um slitin var tekin áður en forsendur fyrir henni lágu fyrir og þar af leiðandi var hér um að ræða óhóflega valdbeitingu vegna ótta við óhagstæðar niðurstöður um skýrsluna og til þess að ljúka þessu máli, áður en hin stórhættulega skýrsla frá Alþjóðastofnun Háskóla Íslands birtist.



ISUZU
D-MAX

ISUZU D-MAX ER EINN HAGKVÆMASTI OG STERKASTI PALLBÍLL SEM UM GETUR

EYÐSLA AÐEINS 7,4 L/100 KM*

- Stærri en áður
- Eyðslugrenni en áður
- ESC skriðvörn
- TCS spólvörn
- Hátt og lágt drif
- Hæðarstilling á ökumannssæti
- Handfrjáls Bluetooth símabúnaður
- USB og AUX tengi
- Og margt fleira

Verð frá: **6.890 þús. kr. sjálfsk.**



Það þarf ekki að segja þeim sem til þekkja neitt um endingu og áreiðanleika Isuzu D-Max. D-Max pallbíllarnir eru hagkvæmir og áreiðanlegir í rekstri vegna lágrar bilanatíðni og lítillar eldsneytiseyðslu. Isuzu D-Max er í sérflökki hvað varðar dráttargetu því hann getur dregið allt að 3000 kg.



BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

ENEMM / SIA / N61778 - *Mest við bensínþan bíl í bílduðum akstri.

Í hverju felst stuðningur við landbúnaðinn?

Stuðningur við landbúnaðinn er með tvennum hætti, beingreiðslur til bænda og tollvernd. Ríkisvaldið gerir samninga við bændur þar sem meðal annars er kveðið á um beinan stuðning við framleiðslu mjólkur, kindakjöts og nokkurra tegunda grænmetis. Útgjöld ríkissjóðs vegna beingreiðslna nema 11,8 milljörðum króna á þessu ári sem er um 2% af heildarútgjöldum ríkisins. Upphæðin er á móta og ríkið greiðir í vaxtagjöld af lánum í tæpa tvo mánuði. Fyrir þessa fjármuni fá neytendur innlendar búvörur á góðu verði og bændum er gert kleift að útvega hráefni í umsvifamikinn matvælaíðnað sem skapar fjölda fólks atvinnu um allt land.

Meira en krónur og aurar

Stuðningur við landbúnað gerir okkur mögulegt að viðhalda byggð og atvinnu um mest allt Ísland. Bændur eru mikilvægur hlekkur í byggðastefnu landsins. Þeir eru vörslumenn lands, byggja sveitirnar og nýta landsins gæði. Það væri lítt eftirsóknarvert að ferðast um sveitirnar ef ekkert væri fólkið eða búsmalinn. Í menningarlegu tilliti á landbúnaðurinn langa sögu. Stór hluti þess að reka ferðaþjónustu í landinu byggir á því að sveitirnar séu í byggð og að þar sé grundvöllur fyrir nauðsynlegri þjónustu. Má þar nefna vegakerfi, fjarskipti, björgunarsveitir og aðgang að rafmagni og heitu og köldu vatni.

LANDBÚNAÐUR



Sindri Sigurgeirsson
formaður Bændasamtaka Íslands

Í umræðu um styrki til landbúnaðarins er mikilvægt að minna á það að allar þjóðir, sem við berum okkur saman við, styðja við sinn landbúnað. Margar þjóðir líta á það sem metnaðarmál og sjálf-sagðan hlut af því að vera sjálfstæð þjóð að framleiða eins mikinn mat og náttúrulegar aðstæður leyfa.

Tollverndin skiptir máli

Hinn angi stuðnings við landbúnað felst í því tollaumhverfi sem hér er við lýði. Þar ákvarðar ríkisvaldið tolla sem lagðir eru á nokkrar búvörur. Einkum er að ræða mjólkurvörur, kjötvörur og blóm. Einnig nýtir útíræktað grænmeti eins og gulrófur og kartöflur tollverndar þegar íslenska framleiðslan annar eftirspurn. Þegar íslensku vörurnar eru ekki til, eru erlendu vörurnar fluttar til landsins án tolla. Bændur hafa ekki lagst gegn breytingum á fyrirkomulagi tollverndar en jafnframt lagt áherslu á að tollar séu ekki lagðir niður einhliða.

Lægra hlutfall

Íslendingar verja lægra hlutfalli útgjalda sinna í mat en margar aðrar þjóðir. Samkvæmt tölum Eurostat voru útgjöld neytenda á Íslandi til matvörukaupa 13% af heildarútgjöldum árið 2013. Aðeins átta lönd á EES-svæðinu eru með lægra hlutfall. Meðaltalið innan ESB er 14%. Við eyðum lægra hlutfalli af útgjöldum okkar í mat en Svíþjóð, Finnland, Kýpur, Frakk-

land, Belgía, Ítalía og Noregur svo dæmi séu tekin. Verðlag er hlutfallslega hátt hérlendis á brauði, innfluttum ávöxtum, grænmeti og kornvörum. Vörur sem í flestum tilvikum bera enga tolla. Þetta segir okkur að verslun á Íslandi er einnig kostnaðarsöm atvinnugrein og vitað er að framlegð í þeirri grein er góð.

Sóknaráætlun fyrir landbúnað

Bændur eru alltaf tilbúnir til þess að ræða breytingar á starfsskiptum greinarinnar. Á nýliðnu búnaðarþingi var áréttáður vilji bænda til þess að fara yfir það með stjórnvöldum hvað hefur tekist vel og hvað miður í landbúnaði á síðustu árum. Samtökin hafa ályktað á þá leið að unnin verði sóknaráætlun fyrir landbúnað í samvinnu bænda og stjórnvalda. Landbúnaðarráðherra hefur sagt að settur verði á fót starfshópur sem hafi það hlutverk að móta tillögur um aukna matvælaframleiðslu á Íslandi.

Það er allra hagur að framleiðsluumhverfi landbúnaðarins sé með þeim hætti að hægt sé að stunda kraftmikinn landbúnað hér á landi. Tækifæri í matvælaframleiðslu á Íslandi eru mörg og við eigum að nýta þau til að skapa meiri velsæld. Þeir sem kjósa að tala með þeim hætti um landbúnað eins og hann sé baggi á þjóðinni og skipti ekki máli verða að svara þeirri spurningu hvort við eigum yfir höfuð að byggja sveitirnar, draga saman seglin í búvöruframleiðslu og treysta á aukinn innflutning matvæla. Er það raunverulegur vilji almennings?

Af landbúnaði og listum

Mikil umræða hefur nú verið, eins og oft áður, um landbúnað og styrkjumhverfið sem hann býr við. Þar hefur farið mikinn Þórólfrur Matthíasson, prófessor í hagfræði, og talar um íslenska bændur á framfæri skattgreiðenda við að mjólka og smala kindum. Þó svo að ríkisstyrktur landbúnaður tíðkist um allan heim.

En svo er önnur skemmtileg umræða sem skýtur oft upp kollinum. Styrkir til menninga og lista.

Andstæðingar þeirra styrkja hrópa hátt og snjallt að þeir sem geti ekki selt sína vöru, listina, og lifað af því eigi bara að finna sér eitthvað annað að gera.

Landbúnaður + Menning

Ég vil meina að þessir tveir hlutir, styrkir til landbúnaðar og styrkir til menninga og lista, séu í raun sami hluturinn. Þó að mér finnst að framlög til menninga og lista mættu vera enn meiri.

Allt snýst þetta um að tryggja og styrkja stoðir íslenskrar framleiðslu. Hvort tveggja er nefnilega nauðsynlegt okkar samfélagi. Mönnum er oft tíðrætt um matvælaöryggi, og að sama skapi tel ég að tryggja þurfi menningaröryggi okkar Íslendinga.

Raunveruleiki þessa máls er ekki svo ferkantaður að hann sé einfaldlega hægt að útskýra með hagfræðilíkani. Það er kannski

STYRKIR



Einar Freyr Elínarson
bóndi

→ Ef beingreiðslur til bænda væru ekki greiddar, þá þyrftu neytendur að borga hærra verð fyrir kjötið og mjólkina í búðinni. Eða þá að þessi framleiðsla myndi lognast út af.

þess vegna sem hann er sumu fólki svo torskilinn.

Í raun lít ég ekki á þessi framlög ríkisins sem styrki. Mér myndist réttara að tala um þetta sem niðurgreiðslur til neytenda.

Ef ekki kæmu til þessi framlög ríkisins væru þessar vörur þeim mun dýrari. Þetta er lykilaatriði, sem ég held að margir sjái ekki.

Ef beingreiðslur til bænda væru ekki greiddar, þá þyrftu neytendur að borga hærra verð fyrir kjötið og mjólkina í búðinni. Eða þá að þessi framleiðsla myndi lognast út af.

Sjálfsagt getur fólk spurt sig: „En þurfum við virkilega á þessu að halda?“

Við gætum alveg flutt inn þann mat sem við þurfum. Við getum meira að segja flutt inn menningu og list.

Það væri kannski auðveldasta leiðin. Sem er sjaldnast sú rétta.

Þetta snýst um það hvort við viljum tryggja íslenska framleiðslu og fjölbreytt samfélag. Sem ég vona að flestir vilji.

Við flytjum


Sameinaði lífeyrissjóðurinn flytur starfsemi sína í Sundabogann, Sundagörðum 2, Reykjavík.

Skrifstofa sjóðsins verður lokuð á morgun, föstudaginn 14. mars, vegna flutninganna.

Nýja húsnæðið býður upp á góða aðstöðu til þess að sinna þjónustu við sjóðfélaga og aðra sem erindi eiga við sjóðinn. Ágætt aðgengi er að húsinu og næg bílastæði.

Verið velkomin í Sundabogann!

Starfsfólk Sameinaða lífeyrissjóðsins



SÓFA- OG PÚÐADAGAR

13.-19. MARS

Boston
170.910
áður 189.900

10%

BOSTON SÓFI
230 cm // Svartur og brúnn

Boston
269.910
áður 299.900

10%

BOSTON TUNGUSÓFI
230x296 cm
Svartur og brúnn

HAAG FJÖLSKYLDUSÓFI
140x330x210 cm
Lengri tunga til hægri
og vinstri
Svartur og brúnn

20%

Haag
159.920
áður 199.900

Days
89.910
áður 99.900

10%

DAYS SVEFNSÓFI
150x227cm
Svartur og grár

POLO HORNSÓFI
225x310 cm
horn til hægri
og vinstri

Polo
125.910
áður 139.900

Púðar
frá
1.990

3
fyrir
2

Ný
sending

the
PIER



Verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/öða myndabrengi

Viðskiptatækifæri á Keflavíkurflugvelli

Isavia efnir til forvals á verslunar- og veitingaþjónustu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Rekstrarleyfissamningar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar renna út í lok árs 2014.

Tækifærið verður nýtt til að gera breytingar á brottfarasvæðinu og endurskoða framboð verslana og veitinga.

Ferlið hefst í mars og er gert ráð fyrir að breytingunum verði lokið fyrir sumarið 2015.

Áhugasamir aðilar eru hvattir til að taka þátt í forvalinu og koma sínum hugmyndum á framfæri.

Forvalskygning

Kynningarfundur um forvalið verður haldinn í Hörpu miðvikudaginn **19. mars kl. 15**. Skráning á fundinn fer fram á www.kefairport.is/pre-qualification.

Forvalsögn verða til sölu á staðnum og kosta þau 15.000 kr.

Frá og með fimmtudeginum 20. mars verður hægt að nálgast gögnin með því að hafa samband á concession@kefairport.is.

Athugið að kynningin og gögnin verða eingöngu á ensku.

// **Nánari upplýsingar á:** www.kefairport.is/pre-qualification



SKELJADAGAR 13.-31. MARS

Á Íslandi er allra veðra von sem endurspeglast í þeim kröfum sem Íslendingar gera til útivistarfátnaðar. Frá upphafi hefur markmið Cintamani verið að framleiða fatnað þar sem bestu mögulegu gæði og frábær hönnun vinna saman. Cintamani stenst því íslenska veðráttu ekki síður en strangar kröfur Íslendinga um fallega hönnun.

25% AFSLÁTTUR
af öllum 3ja laga skeljum



STEINN | 3JA LAGA
37.493 ~~49.998~~



BERGUR | 3JA LAGA
39.743 ~~52.998~~



STEINGRÍMUR | 3JA LAGA
56.243 ~~74.998~~



STEINAR | 3JA LAGA
40.493 ~~53.998~~



BJÖRG | 3JA LAGA
37.493 ~~49.998~~

Í 3ja laga skelina okkar er notuð sterk Gelanots® filma frá Toyota Tsusho. Filman aðlagar sig að hitastiginu og rakanum utan hennar. Filman hleypir raka í gegn og er með einstaka vatns- og vindheldni. 3ja laga skelin frá Cintamani hentar vel til alhliða útivistar, hvort sem haldið er á hæstu tinda veraldar eða í gönguferð um næsta nágrenni.

Vatnsheldni: 20.000 mm
Öndun: 20.000 gr/m²/24klst

Ingólfur Ragnar Axelsson mun leggja af stað að grunnbúðum Everest 5. apríl nk. og stefnir á að ná á toppinn um miðjan maí. Hann mun klæðast fatnaði frá Cintamani og er Steingrímur 3ja laga skelin frá Cintamani hans uppáhalds flík.

15. mars kl 14:00 mun gönguklúbbur Cintamani fylgja Ingólfi fyrstu skrefin að markmiðinu með því að ganga upp á Helgafell í Hafnafirði þar sem öllum gefst kostur á að taka þátt, sjá nánar www.facebook.com/cintamani.iceland



Ingólfur Ragnar Axelsson
Everestfari



CINTAMANI
WWW.CINTAMANI.IS

Austurhraun 3 | Bankastræti 7 | Kringlan | Smáralind | Sportver Akureyri

✠
Móðir okkar,
KRISTÍN JÓNASDÓTTIR
frá Öxney,
er látin.
Jarðarförin fer fram í kyrrþey.



Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Kolbrún Bjarnadóttir og Sigríður Anna Guðbrandsdóttir

✠
Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma, dóttir, systir og mágkona,
HELGA ÞÓRA TH. KJARTANSDÓTTIR
lést í faðmi fjölskyldunnar á Grensásdeild
Landspítala mánudaginn 10. mars.
Útför hennar fer fram frá Nes Kirkju,
Þriðjudaginn 18. mars kl. 15.00.



Hrefna Guðmundsdóttir og Tinna Tynes
Kjartan Guðmundsson og Emilía Gunnarsdóttir,
Melkorka, Hrafn og Haukur Orri Kjartansbörn
Hrefna Sigurðardóttir
Hreinn Kjartansson
Jens Kjartansson og Þórey Björnsdóttir
Þórunn Kjartansdóttir og Sigtryggur Jónsson

✠
Ástkær eiginkona mín, móðir mín, dóttir
okkar, systir okkar, mágkona og frænka,
SIGRÚN HASANI ÁSDÍSARDÓTTIR
lést á heimili sínu 6. mars síðastliðinn. Útför fer fram
frá Bústaðarkirkju þriðjudaginn 18. mars kl. 13.00.



Mentor Hasani
Elísa Ösp Jóhannsdóttir
Ásdís Sigurðardóttir
Einar Jóhannesson
Ingibjörg Einarsdóttir
Rakel Einarsdóttir
Hlynur Eggertsson
Einar Þór Brynjarsson
Mikael Eggert Hlynsson

✠
Elskulegur eiginmaður minn,
faðir, afi og langafi,
BALDUR ÞORSTEINN BJARNASON
verður jarðsönginn frá Fossvogskirkju
föstudaginn 14. mars kl. 13.00.



Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Iben Sonne
Baldur Þór Baldursson
barnabörn og barnabarnabörn.

✠
Elskuleg móðir mín,
SVAVA GUNNARSDÓTTIR
frá Steinsstöðum, Akranesi,
síðast til heimilis á dvalar- og hjúkrunar-
heimilinu Höfða á Akranesi, andaðist
miðvikudaginn 5. mars. sl. Útför hennar
verður gerð frá Akranes Kirkju föstudaginn 14. mars kl. 14.00.



Gunnar Jónsson

Graníthöllin Legsteinar
Eitt mesta úrval landsins
af fallegum legsteinum
og fylgihlutum hjá
Graníthöllinni



Bæjarhrauni 26 Hafnarfirði 555-3888 www.granithollin.is

Fjörug, unaðsleg og fyndin lög

Sætabrauðsdrengirnir halda tónleika í Salnum í Kópavogi annað kvöld. Þeir flytja lög og útsetningar eftir Jóhann Guðmund Jóhannsson sem leikur undir.

„Sum lögín eru fjörug, önnur ljúfsár, nokkur unaðsleg og mörg fyndin. Öll eru þau æðisleg,“ segir í fréttatilkynningu Sætabrauðsdrengjanna sem stíga á svið í Salnum annað kvöld klukkan 20. „Við einskorðum okkur við lög og útsetningar Jóhanns Guðmundar Jóhannssonar. Syngjum til dæmis bítlalög og Litla kvæðið um litlu hjónin eftir Pál Ísólffsson í skemmtilegum útfærslum hans,“ upplýsir Bergþór Pálsson, einn sætabrauðsdrengjanna. Textar eru meðal annars eftir Þórarín Eldjárn og Þorvald Þorsteinsson.“

Bergþór segir mikla vináttu hafa skapast innan hópsins. „Við fórum í fyrirasumar um Austurland og milli tónleika einkennidist samveran af skrafi yfir kaffiborðum og meðlæti. Þannig kom nafnið til.“

gun@frettabladid.is



SÆTABRAUÐSDRENGIRNIR
Söngvararnir Garðar Thor, Viðar Gunnarsson, Bergþór Pálsson, Gissur Páll Gissurarson og Jóhann G. Jóhannsson, tónskáld og undirleikari.

✠
Ástkær eiginmaður minn, faðir, fósturfaðir,
tengdafaðir, afi og langafi,
HÖSKULDUR SKARPHÉDINSSON
fv. skipherra
Kriulandi 8, Garði,
lést mánudaginn 3. mars. Útför hans fer
fram frá Útskálakirkju föstudaginn 14. mars kl. 15.00. Blóm og
kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hans
er bent á Slysavarnaskóla sjómanna og Landsbjörgu.



Magnús Ólafsdóttir
Rán Höskuldsdóttir
Kolbrá Höskuldsdóttir
Ingimundur Magnússon
Magnús Magnússon
Svanbjörg K. Magnúsdóttir
Arnar Magnússon
Dagrún Njóra Magnúsdóttir
Brynja Bjarnfjörð Magnúsdóttir
Björk Magnúsdóttir

Ólafur Jóhannesson
Ingibjörg Þorsteinsdóttir
Jóhanna Hafsteinsdóttir
Sigurður J. Guðmundsson
Kristbjörg Eyjólfssdóttir
Einar S. Sigurðsson
Ólafur Magni Sverrisson
Tómas Tómasson

barnabörn og barnabarnabörn.

✠
Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,
UNNUR ÁRNADÓTTIR
verður jarðsönginn frá Selfosskirkju
föstudaginn 14. mars kl. 13.30.



Steinþór Óskarsson
Hörður Óskarsson
Ingvar Árni Óskarsson
Margrét Óskarsdóttir

Valgerður Anna Guðmundsdóttir
Ásdís María Jónsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

✠
Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, amma og langamma,
ERLA ÞORVALDSDÓTTIR
Hringbraut 50, Reykjavík,
lést á heimili sínu þann 10. mars.
Útför hennar fer fram frá Háteigskirkju mánudaginn 17. mars
kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en bent er
á styrktarsjóð Ljóssins.



Bjarni Gíslason
Þórir Bjarnason
Anna Kristín Bjarnadóttir

Sigrún Gunnlaugsdóttir
Carsten Fröslev

barnabörn og langömmubörn.

✠
Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma,
langamma og langalangamma,
ERLA SIGURDARDÓTTIR
lést á hjúkrunarheimilinu Eir þann 5. mars. Útförin fer fram frá
Fossvogskirkju föstudaginn 14. mars kl. 11.00. Sérstakar þakki
til starfsfólks Eirar 3. hæð norður fyrir góða og hlýlega umönnun.



Sigríður Gissuraradóttir
Sigrún Gissuraradóttir

Guðmundur R. Ragnarsson
Steinar S. Jónsson

barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.

✠
Frændi minn og vinur,
GÍSLI SIGURÐSSON
Hópi, Eyrarbakka,
lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands
mánudaginn 10. mars.
Jarðarförin verður auglýst síðar.



Fyrir hönd aðstandenda,
Magnús B. Sigurðsson

✠
Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir,
tengdasonur, afi, bróðir og vinur,
ÖRN AXELSSON
rennismíðameistari
Hraunbæ 27,
lést þriðjudaginn 4. mars Jarðarförin fer fram
frá Árbæjarkirkju mánudaginn 17. mars kl. 13.00.



Sigrún Axeldóttir
Sigrún Hrefna Arnardóttir
Axel Örn Arnarson
Ingólfur Arnarson
Egill Sölvi Arnarson
Viggó Guðmundsson

Victor Björgvin Victorsson
Sigrún Aadnegard
Eva Bryndís Pálsdóttir
Bára Brynjólfssdóttir

✠
Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
MARGRÉT STEFÁNSDÓTTIR
lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð
aðaranótt 9. mars.
Jarðarförin verður gerð frá Kópavogskirkju
miðvikudaginn 19. mars kl. 15.00.



Stefán Baldursson
Þorgeir Baldursson
Vignir Baldursson

Þórunn Sigurðardóttir
Regína Arngrímsdóttir
Birna Ásgeirsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn

✠
Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
HAFSTEINN ÞORGEIRSSON
lést á Dvalarheimilinu Ási í Hveragerði,
föstudaginn 7. mars. Útförin fer fram
frá Hveragerðiskirkju föstudaginn 14. mars kl. 15.00.



Þorgeir Hafsteinnsson
Karin Herta Hafsteinsdóttir
Sigurður Helgi Hafsteinnsson
Davíð Einar Hafsteinnsson
Hafsteinn Ernst Hafsteinnsson
Hafdis Hafsteinsdóttir

Guðbjörg Þorsteinsdóttir
Rikharður Hrafnkelsson
Helga Möller
Helga Björg Marteinsdóttir
Guðrún Björg Sigurbjörnsdóttir
Arnar Guðnason

barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli
og útfarir má senda á netfangið
timamot@365.is.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNIN

Íslensku tónlistarverðlaunin fagna 20 ára afmæli í ár. Glæsilegir tónleikar verða að því tilefni í Eldborg, Hörpu, annað kvöld kl. 20. Margir þekktustu tónlistarmenn landins koma fram auk þess sem fram fer verðlaunaafhending fyrir það besta á síðasta ári. Kynnir verður Vilhelm Anton Jónsson betur þekktur sem Villi Naglbítur.

FLOTT FERMINGARGJÖF
fyrir stelpur og stráka

BORÐLAMPAR

Margar stærðir og gerðir
Verð frá kr. 9500.-

Tékk www.tk.is
KRISTALL

NÝTT

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955



BETRI ÁRANGUR
Nutrilenk hjálpar til við að auka heilbrigði liðanna, minnka verki og stírðleika og eykur þar með hreyfigetu og færni, segir Ásta.

Afmælis dagar!
Max Mara vörur í öllum stærðum á 10% kynningarverði.

Erum með afsláttarhorn. Nýjar sendingar af fatnaði fyrir frið eða fermingarnar. Sjáið myndirnar á facebook.com/Parisartizkan

WEEKEND **B/A/S/L/E/R** **Parisar** TÍZKAN
MaxMara

Skipholti 29b • S. 551 0770

FYRIR AUMA OG STIRÐA LIÐI!

GENGUR VEL KYNNIR Nutrilenk Active er frábært efni fyrir þá sem eru í mikilli hreyfingu og þjást af stírðleika og verkjum í liðum. Einstakt smurefni fyrir liðina.

Ný sending frá Mos Mosh

TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777

Nutrilenk hefur hjálpað ótrúlega mörgum sem hafa fundið fyrir verkjum og stírðleika í skrokknunum og í raun hefur fólk fengið nýtt líf," segir Ásta Kjartansdóttir, vörustjóri hjá Gengur vel ehf. Nutrilenk Active er hentugt fyrir þá sem þjást af stírðleika og verkjum í liðum þar sem það hefur áhrif á liðvökvann en Nutrilenk Gold er fyrir þá sem þjást af minnkuðu liðbrjóski og slitnum liðum. Reyndar nota margir báðar tegundir saman með frábærum árangri," bætir Ásta við.

Þegar nær dregur vori eru margir í átaki, bæði varðandi mat og hreyfingu en því miður veigra sumir sér við því að hreyfa sig sökum stírðleika og verkja. „Áralöng reynsla og rannsóknir á Nutrilenk gefa til kynna að það hjálpi til við að auka heilbrigði liðanna, minnki verki og stírðleika og auki þar með hreyfigetu og færni. Margir lækna mæla með Nutrilenk og sjúkrahjálparar, kírópraktorar og einkaþjálfarar hafa góða reynslu frá sínum skjólstæðingum," segir Ásta.

Nutrilenk Active er unnið úr vatns-

meðhöndluðum hanakambi sem inniheldur hátt hlutfall af náttúrulega efninu hýalúrónsýru sem getur aukið liðleika og séð til þess að liðirnir séu vel smurðir svo fólk geti hreyft sig af fullum krafti án hindrana. Margir þeir sem stunda stífar æfingar þar sem reynir óhóflega á liðina hafa bætt árangur sinn með inntöku á Nutrilenk.

„Við hvetjum fólk auðvitað til að hugsa vel um heilsuna, beita líkamanum rétt og hvílast til að varðveita liðheilsu, en alls ekki láta stírðleika og verki hindra sig í stunda þá hreyfingu sem þeim finnst skemmtilegust.“

Nutrilenk fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilshillum stórmarkaðanna. Nánari upplýsingar á: www.gengur-vel.is

MÆLA MEÐ

„Margir lækna mæla með Nutrilenk og sjúkrahjálparar, kírópraktorar og einkaþjálfarar hafa góða reynslu frá sínum skjólstæðingum.“



Reverie

Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
Kíktu á www.reverie.com

Gerðu gæða- og verðsamanburð

Frábært tilboð

12 mán. vaxtalaugar greiðslur*

*3.5% lántökugjald

REVERIE 7S með Memory heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 379.900.-

REVERIE 7S með IQ-Care heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 499.900.-

Proflex stillanlegur botn með Memory heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 249.900.-

Proflex stillanlegur botn með IQ-Care heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 369.900.-

WOMEN CERTIFIED

- Inndraganlegur sterkur stálbotn. Rúm dregst upp að vegg þegar baki er lyft upp
- Hægt að nota iPad, iPhone, iPod Touch eða Android snjalltæki sem fjarstýringu.
- 10 mismunandi nuddstillingar
- Hljóðlátir og krafmiklir mótórar
- Lyftigeta 2x611 kg, hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færast ekki í sundur.
- Glæsileg fjölnota fjarstýring

Fimm stjörnu verslun

Svefn & heilsa

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaál - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum



Vertu einstök – eins og þú ert stærðir 38-52

My Style tiskuhús

Bæjarlind 1-3
201 Kópavogur
s: 571-5464

HÆTTU Í MEGRUN VERTU FIT

FIT kjúklinga-salat
1.790 KR



Culiacan
MEXICAN GRILL

Suðurlandsbraut 4 533 1033 culiacan.is

Ítalskar og háar í mittið

Stretch.
2 litir: svart og beige.
Mismunandi skraut á vösum.
Skálmassið: straight/beinar niður.

Stærð 34 - 48.
Verð 11.900 kr.

Opið virka daga kl. 11-18.
Opið laugardaga kl. 11-16.

black pepper
FASHION
Laugavegi 178 (Bolhólmstígur) | Sími 555 1516

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT



GLÆSI-LEG
Angelina Jolie við BAFTA-verðlaunahátíðina í febrúar.

HVÍTUR SMÓKING-UR Sá hvíti var ekkert síðri, líka frá Saint Laurent.

ÓSKARS-DROTTNINGIN
Ellen DeGeneres var vel klædd sem kynnir á Óskarsverðlaunahátíðinni í smóking frá Saint Laurent.

Í TÍSKU
Miðað við hvað margar konur kjósa nú að ganga í smóking má telja það vitni um að hann er í tísku. Hér er leikkonan Ellen Page.

TÁKN UM KVENFRELSI

FLOTTUR FATNAÐUR Kvensmókingur kom fyrst fram árið 1966 sem tákn um kvenfrelsi. Það var Yves Saint Laurent sem kom með hugmyndina. Sama tiskuhús teiknaði smóking á Ellen DeGeneres fyrir Óskarinn.

Ellen DeGeneres kom fram í þremur ólíkum smókingum frá tiskuhúsinu Saint Laurent á Óskarsverðlaunahátíðinni 2. mars. Fyrst í svörtum smóking sem glitraði fallega í ljósadýrðinni á sviðinu. Þegar Saint Laurent kynnti vorlínu sína fyrir árið 2014 var smóking áberandi á pöllum. Verðið er 500 þúsund krónur. Smókingjakinn var bæði sýndur með buxum og sömuleiðis stuttum pils-um. Það er Hedi Slimane sem á heiðurinn af smókingunum en hún er hönnuður og listrænn stjórnandi hjá Saint Laurent.

Smókingföt fyrir konur ættu að sjást á árhátíðunum sem nú standa yfir, enda alltaf klassískur fatnaður. Angelina Jolie var í fallegum smóking þegar hún var viðstödd BAFTA-verðlaunahátíðina í Lundúnum nýlega og vakti ómælda athygli. Leikkonan Ellen Page mætti á hátíð hjá tímaritinu Vanity Fair í Los Angeles klædd smóking. Victoria Beckham hefur nýlega sést í smóking og sömuleiðis leikkonurnar Anne Hathaway og Lily Collins auk fyrirsættunnar Kate Moss. Það má því segja að kvensmókingur sé það heitasta um þessar mundir.

Kvensmókingur sást fyrst árið 1966 frá tiskuhúsinu Yves Saint Laurent og átti að vera tákn um kvenfrelsi.



MED PILSI Ekkert er að því að nota smókingjaka með stuttu pils eins og kom fram á tiskusýningu Saint Laurent.



BECKHAM Victoria er ekki síðri en aðrar drottningar og mætir í smóking.

Við eigum ennþá til
Raspberry Ketones

Fræið
FJÁRDARKAUP

Kynningartilboð!

Eitt mest selda fitubrennslu efnið í heiminum í dag!

natures aid
Raspberry Ketones ADVANCE⁺
400mg with Green Tea
60 CAPSULES

Uppselt hjá heildsala!

LÍKIR CÖRU VIÐ CHAPLIN

TÍSKA
Karl Lagerfeld sagði á dögunum að fyrirsætan Cara Delevingne væri Charlie Chaplin tiskuheimsins. „Hún er snillingur, líkt og persóna úr þöglu myndunum. Stúlkur dást að henni líkt og þær dáðust að Kate Moss á sínum tíma.“ Hann dásamaði einnig nokkrar aðrar konur. Kate Moss fyrir að vera frjálsgleg, Victoria Beckham sem hann sagði að liti út fyrir að vera kaldlynd en væri í raun glaðlynd og loks Elísabetu drottningu sem hann sagði gallalausa.



LANGAR ÞIG Í BÍÓ?

Það er sama hvað er að gerast - við seljum miðana.

FÍTON / SÍA

SMÁRA  BÍÓ

HÁSKÓLA  BÍÓ

LAUGARÁS  BÍÓ

BORGAR  BÍÓ

BÍÓ ★ PARADÍS

midi.is

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
 Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
 Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
 Sölumenn:
Bryndís Hauksdóttir,
 bryndis@365.is, s. 512 5434
Sverrir Birgir Sverrisson,
 sverrirbs@365.is, s. 512 5432
Kolbeinn Kolbeinsson,
 kolli@365.is, s. 512-5447

SNÍÐA SKYRTUR EFTIR MÁLI

TÍSKA SKYRTA er nýtt merki í íslenskri fatagerð sem sett var á laggirnar í haust. Saumað er eftir máli og annar fyrirtækið vart pöntunum. Á næstu vikum mun fyrsta línan líta dagsins ljós, SKYRTA Reykjavík

Viðtökurnar hafa verið frábærar. Við erum búin að framleiða yfir fimmtán hundruð sérsaumaðar skyrtur frá því við fórum af stað í ágúst á síðasta ári," segir Ólafur Tómas Guðbjartsson, einn eigenda Skyrtu.

„Á næstu vikum setjum við saman okkar fyrstu standard-línu sem mun heita Skyrtu Reykjavík og byggjum hana á þeim sniðum sem hafa verið vinsælust hjá okkur. Verslanir hafa þegar sýnt áhuga á að selja línuna frá okkar, sem er mjög spennandi. Ég veit ekki til að þessi þjónusta bjóðist víða á Íslandi," bætir hann við.

Ólafur þekkir framleiðsluferlið í fataiðnaðinum vel eftir að hafa síðustu ár, rekið Prowler efh. fyrirtæki sem framleiðir bæði efni og fatnað. Hann segist jafnframt þekkja vandaamálið að finna vel passandi skyrtu.

„Ég er nú bara meðalmaður í vexti með nokkra bjóra í mallanum en mér líður betur í sérsniðnu," segir hann sposkur. „Við þekkjum þennan markað vel og að margir eiga í erfiðleikum með að fá á sig skyrtu sem passar. Við ákváðum einnig strax að bjóða skyrtur úr hágæða efnum," útskýrir Ólafur, en hægt er að velja úr yfir fjögur hundruð efnum og úr yfir þúsund mismunandi samsetningum.

„Fólk hannar í raun sína eigin skyrtu með aðstoð hönnuðar og stílista. Við tökum mál og sniðið er síðan geymt. Þannig getur viðskiptavinurinn pantað nýja skyrtu þegar þarf. Eins förum við heim til fólks og tökum mál ef þess er óskað. Gæði og ending er okkur einnig mikið hjartans mál og til dæmis notum við 120 metra af þræði í okkar skyrtur meðan yfirleitt eru notaðir sjötíu til áttatíu metrar af þræði," útskýrir Ólafur.


Bækistöðvar Skyrtu eru á Klapparstíg 16 en nánar má forvitnast um Skyrtu á www.skyrta.is.



GOTT TEYMI Frá því SKYRTA var sett á laggirnar í haust hafa fimmtán hundruð skyrtur verið sérsaumaðar. Ný lína, SKYRTA Reykjavík, lítur dagsins ljós á næstu vikum og fljótlega fer vefverslun í loftið. Frá vinstri: Terry Devos, listrænn stjórnandi og stílisti, Sæþór Dagur sölustjóri, Ólafur Tómas, einn eigenda, Íris Sigurðardóttir hönnuður og Leslie Dcunha framkvæmdastjóri. MYND/STEFAN




FER VEL AF STAÐ Fimmtán hundruð skyrtur hafa þegar verið sérsaumaðar frá því Skyrtu var sett á laggirnar í haust. MYND/SKYRTA



SÉRSNIÐIÐ „Fólk hannar í raun sína eigin skyrtu með aðstoð hönnuðar og stílista. Við tökum mál og sniðið er síðan geymt.“ MYND/SKYRTA



ÞEKKT VANDAMÁL Ólafur segir marga eiga erfitt með að finna skyrtu sem passar. MYND/SKYRTA



HÁRLITA RÁÐGJÖF

Fáðu aðstoð við val á réttum litatón og leiðbeiningar um réttu skrefin við heimahárlitun.

Fimmtudagur 13. mars kl. 12-17
 Lyfju Smáratorgi

Föstudagur 14. mars kl. 12-17
 Lyfjum&heilsu Kringlunni

Laugardagur 15. mars kl. 12-17
 Hagkaup Smáralind



Heiðar Jónsson

Förðunarfræðingur og Image designer kennari frá First Impressions í Bretlandi.

Diplómagráða í litafræðum frá L'Oréal Paris.

GEFÐU HÆNU
 gjofsemgefur.is
 907 2003
 Hjálparstarf kirkjunnar

Barnaheill
 Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
 börn eiga rétt á varnd gegn einokki.

Fallegt fyrir ferminguna

Kjólar kr. 12.900.-
 Jakkar kr. 12.900.-

Fleiri litir :-)
Ríta
 Bæjarlind 6 • S. 554 7030
 www.rita.is
 Við erum á Facebook

MATRIX
 IMAGINE ALL YOU CAN BE

TOTAL RESULT
 vörurnar á 20% afslætti í mars

MATRIX
 total results™
 Amplify
 Shampoo
 Shampooing
 Champô

FERMINGAR

FIMMTUDAGUR 13. MARS 2014

Síðir lokkar og rokkabilly-hár

Feringarstúlkur hafa sjaldan verið með jafn sítt hár og nú. Hár feringardrengja er vel mótað og jafnvel toppað með gljóa. **síða 18**

Fersk brauðterta

Brauðtertur njóta síaukinna vinsælda á veisluborðum.

SÍÐA 4

Persónulegt skraut

Gamlir munir sem tengjast feringar-barninu setja fallegan svip á veisluborð.

SÍÐA 24

Breyttir tímar

Sverrir Hermannsson fermdist í Ögurkirkju fyrir 70 árum.

SÍÐA 30

Jesús, veisla og gjafir ástæðurnar

Séra Hildur Eir Bolladóttir segir ungmenni fermast því þau vilji hafa Jesú sem leiðtoga í lífi sínu, þau vilji halda veislu og fá gjafir. Fermingarbörn í dag standa frammi fyrir fjölbreyttara vali en eldri kynslóðir og þurfa því að hugsa og taka meðvitaðar ákvarðanir um hvort og hvernig þau vilja fermast. Fermingarfræðslan hefur breyst í takt við tímarn þótt boðskapur Jesú sé tímalaus.

Meirihluti íslenskra ungmenna fermist og segir séra Hildur Eir Bolladóttir, prestur í Akureyrarkirkju, þau gera það af þremur ástæðum. „Þau vilja hafa Jesú sem leiðtoga í lífi sínu og þekkja hann sem sína aðalfyrirmynd, þau vilja halda veislu og gleðjast með mikilvægasta fólkinu í lífi sínu og svo vilja þau fá gjafir og í þessari röð er markmiðum fermingarstarfsins náð. Einhver gæti spurt sig hvort það sé markmið að fá gjafir og því svara ég til að gjafir séu eitt tjáningarform af mörgum sem við höfum til að tjá elsku okkar og þakklæti fyrir fólkið okkar. Eina sem við þurfum er að vera vakandi fyrir að gjafirnar séu keyptar og gefnar á réttum forsendum.“

Fjölbreyttara val fyrir ungmenni

Hildur segir að sem betur fer lifum við í fjölmenningsamfélagi og því hafi eðli málsins samkvæmt þeim sem láta ferma sig eitthvað fækkað á undanförunum árum enda fleiri Íslendingar sem tilheyra nú öðrum trúarbrögðum og kirkjudeildum. „Einnig býður Síðmennt upp á fræðslu í siðfræði og heimspæki sem er góð viðbót því þá hafa krakkarnir fjölbreyttara val. Það að hafa val þýðir að við þurfum að hugsa og taka meðvitaðar ákvarðanir.“

Kirkjan bregst við breytingum

Tímarnir hafa breyst hratt undanfarin ár og eru áskoranir unglíngar í dag talsvert ólíkar þeim sem kynslóðirnar á undan þurftu að fást við. „Kirkjan bregst vissulega við breyttum tímum þótt boðskapur Jesú sé tímalaus. Kirkjan stendur auðvitað alltaf fyrir sömu gildin, þau sem Jesús gerði að algildum sannleika með lífi sínu og dauða, sem er kærleikurinn með öllum sínum greinum en það sem kannski var talið kærleiksrikt að gera fyrir fimmtú árum telst ef til vill meðvirkni í dag og jafnvel þöggun. Þannig að við þurfum alltaf að vera að hugsa þessi gildi í nýju samhengi og það er áskorun fermingarfræðarans. Guðfræðin er ótrúlega

lifandi fag og eiginlega getur maður aldrei talist fullnuma í henni,“ segir Hildur Eir.

Heyra um Jesú og líf hans

Hún segir fermingarfræðslu vera misjafna eftir prestum og öðrum fermingarfræðurum en að grunnstefið í öllum kirkjum sé að segja krökkunum frá Jesú, lífi hans og starfi. „Það er bæði gert með því að segja sögurnar af honum og sögurnar sem hann sagði til að kenna okkur að vera góðar manneskjur. Svo er áskorun að tengja kristindóminn við það sem krakkarnir eru að fást við í lífi sínu í dag. Annars kom líka mjög flott fermingarefni frá biskupsstofu í ár en það er mynddiskur með trúðunum Barböru og Úlfari, sem leikin eru af Halldóru Geirharðsdóttur og Bergi Þór Ingólfssyni, en þar fjalla þau um nokkrar biblíusögur og gera það með sínum einlæga og húmoríska hætti.“

Kynfræðingur í fræðslunni

Foreldrar eru virkjaðir meira með í fermingarfræðslunni nú en tíðkaðist á árum áður. „Hér hjá okkur í Akureyrarkirkju höfum við bæði fengið foreldrana til að mæta í guðsþjónustur með börnunum og eins köllum við þau á tvo fundi, annars vegar við upphaf vetrar og svo á miðjum vetri. Þá bjóðum við upp á einhvers konar fræðslu til að styðja við uppeldið. Kirkjan lofar nefnilega að vera slíkur stuðningsaðili þegar barn er fært til skírna og það er mikilvægt að hún standi við það. Við höfum fengið kynfræðing til að tala um kynlíf unglíngar og sálfræðing til að tala um það að ala upp unglíng í nútímasamfélagi og svo höfum við fengið heimssóknir frá meðferðarheimilum og margt fleira. Foreldrar hafa brugðist mjög vel við þessu og verið þakklátir, það er auðvitað ekkert einfalt að ala upp barn.“

Fermingarkjöllinn eldist vel

Faðir Hildar Eirar var prestur eins og hún, séra Bolli Gústavsson heitinn. Hún segir sína upplifun af fermingunni hafa mót-



Hildur Eir hlakkaði mikið til sinnar eigin fermingar og var dagurinn gríðarlega stór í hennar lífi.

MYNDBJARNI EIRIKSSON

ast mjög mikið af því. „Ég hafði fylgst með fermingarstörfum í mörg ár áður en kom að mér. Ég var búin að hlakka alveg ofboðslega lengi til, þetta var gríðarlega stór dagur í mínu lífi. Ég man hvað ég upplifði það sterkt að allir væru að skipuleggja og snúast í kringum mig og minn dag, mér fannst ég vera svo mikilvæg. Ég fékk Ís-

lendingasögurnar og Sturlungu frá foreldrum mínum í fermingargjöf en þess hafði ég óskað mér frá því ég var tíu ára. Ég fermdist í mjög flottum kjól sem var keyptur í Sautján og hefur elst svo vel að systurdóttir mín sem er 26 ára gömul fór í honum á árshátíð fyrir um tveimur árum. Það er ekki slæmt,“ segir Hildur Eir og hlær.

Fermingartilboð

3 verð á rímfötum

7.990 kr 8.990 kr 9.990 kr



Lin
DESIGN

Lín Design Laugavegi 176 Glerártorgi Akureyri www.lindesign.is

RITNINGARVER SIN VALIN

Hvert fermingarbarn velur sér ritningarvers úr Biblíunni sem það, eða presturinn, fer með í fermingunni. Á vefsíðunni ferming.is má sjá nokkur vers sem algengt er að fermingarbörn velji sér.

Úr Gamla testamentinu:

Í upphafi skapaði Guð himin og jörð. (1. Mósebók. 1.1)

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta. (Sálm. 23.1)

Fel Drottinn vegu þína og treyst honum, hann mun vel fyrir sjá. (Sálm. 37.5)

Nýja testamentið

Sælir eru miskunnsamir, því að þeim mun miskunnað verða. (Matt. 5.7)

Biðjið, og yður mun gefast, leitið og þér munuð finna, knýið á og fyrir yður mun upp lokið verða. (Matt. 7.7)

Allt sem þér viljið, að aðrir menn gjöri

yður, það skuluð þér og þeim

gjöra. Þetta er lögmálið og

spámennirnir. (Matt.

7.12)



Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000. Forsíðumynd: Daniel Rúnarsson. Ritstjórn: Vera Einarisdóttir, Sólveig Gísladóttir. Blaðamenn: Elin Albertsdóttir, Lilja Björk Hauksdóttir, Starri Freyr Jónsson, Ragnheiður Tryggvadóttir, Sólveig Gísladóttir, Vera Einarisdóttir, og Þórdís Lilja Gunnarsdóttir. Umsjónarmaður auglýsinga: Kolbeinn Kolbeinsson, kkolbeins@365.is, s. 512-5442. Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

Þú átt næsta leik

11.990,-

TISDAG vinnulampi
Innbyggð LED lýsing
D57×H58cm. Hvítt

16.950,-

MICKE skrifborð
B142×D50, H75cm. Hvítt
Einnig til svarbrúnt

FJÄLLBERGET vinnustóll
34.950,- B67×D40, sæti
H43-56cm. Eikarspónn/grátt

895,-

DOKUMENT pappírskarfa
Duftlakkað stál. H35cm
Silfurlítt

IKEA®



Helena býr svo vel að pabbi hennar er kokkur og mun hann sjá um veitingarnar í veislunni.

Alltaf ætlað að fermast

Helena Heiðdal Geirsdóttir, nemandi í Garðaskóla, fermist 13. apríl. Hún er mikill dansari, var lengi vel í ballett en æfir nú nútímadans af kappi. Hún á þrjú systkini, bæði eldri og yngri. Helena hefur gaman af fótbolta og fer gjarnan að horfa á systkini sín keppa. Á sumrin þykir henni sérstaklega gaman að fara í Vindáshlíð með vinkonunum.

Helena var tekin tali og spurð út í fermingarundirbúninginn og stóra daginn.

Í hvaða kirkju fermist þú? Ég fermist í Laugarneskirkju þótt ég búi í Garðabæ. Ég hef sótt fræðsluna þar en ég tengist Laugarneskirkju sterkum böndum frá því að ég var lítil og langaði því að fermast þar. Bróðir minn gerði þetta líka fyrir nokkrum árum.

Af hverju ætlar þú að fermast? Ég er alin upp á kristnu heimili. Við förum í kirkju og þegar ég var yngri störfuðu mamma og pabbi í Laugarneskirkju. Ég hef því alltaf ætlað að fermast og finnst eðlilegt að staðfesta trúna á þessum tímamótum.

Hvar verður veislan haldin? Hún verður haldin í Baðhúsinu þar

sem mamma mín vinnur. Það var verið að opna nýtt og rosalega flott Baðhús í Smáralind með veitinga- aðstöðu og þar verður veislan.

Hvernig verður veislan? Við ætlum að vera með smarétti og kökur. Pabbi minn er kokkur og sér um veitingarnar.

Er von á mörgum gestum? Þeir verða í kringum sextíu.

Verða skemmtiatriði? Nei, engin skemmtiatriði en kannski afi minn, Þorgeir Ástvaldsson, spili á píanó.

Hvernig eru fermingarfötin? Ég er ekki enn búin að ákveða kjólinn. Ég var í fermingarmyndatöku fyrir Gallerí 17 og þar var ég í mjög fallegum kjól en ég á erfitt með að ákveða mig.

Hvað langar þig í fermingargjöf? Ferðalag og pening.

Hvernig hefur fermingarfræðslan verið? Hún hefur verið ágæt. Ég hef líka stundum farið í fræðslu í Fíladelfíukirkjunni.

Tekurðu þátt í undirbúningnum fyrir ferminguna? Já, já, en það er samt ekkert brjáláð að gera.

Ertu stressuð fyrir stóra daginn? Nei, nei, alls ekki.



Fagurlega skreytt brauðterta sómir sér vel á veisluborði.

MYND/BERGLIND MARI VALDEMARSÓTTIR

Norðan-Heiða með gorgonzola

Brauðtertur, heitir brauðréttir og snittur tilheyrðu fermingarveislum gjarnan á áttunda og níunda áratugnum. Um tíma dattu brauðtertarnar úr tísku og kökuveislunum var víða skipt út fyrir heitan mat á borðum. Brauðtertarnar hefur síðan laumað sér aftur á veisluborðin og nýtur vinsælda. Berglind Mari Valdemarsdóttir, MA í hagnýtri menningarmiðlun og matgæðingur, varð sér úti um uppskrift að einfaldri brauðtertu sem kallast Norðan-Heiða.

Ég fékk uppskriftina frá systur minni, sem fékk hana frá samstarfskonu sinni, sem fékk hana frá, tja enginn man það lengur," segir Berglind Mari Valdemarsdóttir en hún deilir með lesendum einfaldri uppskrift að brauðtertu, sem hún kallar Norðan-Heiðu.

„Tertan hafði svo sem ekkert fast nafn en það má kalla hana Norðan-Heiðu ef svo ber undir.“

Eins og gengur gæti innihaldið hafa breyst frá upprunalegri uppskrift segir Berglind en það þurfi þó ekki að vera til vansa. Þessi útgáfa sé afar ljúffeng og matarmikil og girnilega skreytt tertan sómir sér vel á veisluborði.

„Norðan-Heiða“
80 g gorgonzola

- 1 dl svartar ólífur
- 1 dós sýrður rjómi
- 1 hvítlauksgeiri
- 1 dl söxuð basilika
- 1 dl klettsalat

Allt saxað og hrært saman, smurt innan í rúllubrauð og því svo rúllað upp.

Skreyting:

- 1 bolli sýrður rjómi
- klettsalat
- parmaskinka
- kirsuberjatómatar

Smyrjið rúlluna með sýrðum rjóma og dreifið klettsalat yfir. Leggið parmaskinkuna eftir endilangri rúllunni og raðið niðurskornum tómötum eftir smekk ofan á og í kringum rúlluna. Kælið tertuna áður en hún er borin fram.



Uppskriftin hefur gengið manna á milli.

Þríkrossinn

Íslenskt handverk
Ný útfærsla í silfri
Fjórar stærðir



Skartgripur með trúarlega merkingu seldur til styrktar blindum og sjónskertum á Íslandi. Fæst í skartgripa- og gjafaverslunum og á www.blind.is.

BLINDRAFÉLAGIÐ
Samtök blindra og sjónskerttra á Íslandi
STOFNAD 1939



Hamrahlíð 17 • 105 Reykjavík • Sími 525 0000 • www.blind.is

Svona fer ferming fram

Flestir hafa verið viðstaddir fermingu einhvern tíma á ævinni. Fyrir þá sem hafa hins vegar ekki reynslu af slíku er ef til vill forvitnilegt að vita hvernig hefðbundin ferming fer fram.

Á vef kirkjunnar, kirkjan.is, kemur fram að fermingar fari oftast fram í venjulegri messu. Að loknu hefðbundnu upphafi messunnar er komið að því er tengist fermingunni. Þá er byrjað á fermingarræðu eða predikun. Síðan er komið að sálmi sem oft tengist fermingarathöfninni. Næst minnir presturinn fermingarbörnin á að þau séu komin til að játast Jesú Kristi sem þau voru helguð í skírningu. Síðan rísa allir á fætur og fara saman með trúarjátninguna. Þá er komið að sjálfri fermingunni. Börnin ganga eitt í einu upp að altarinu. Presturinn spyr hvort þau leitist við að hafa Jesú Krist að leiðtoga lífsins og börnin svara játandi. Síðan krjúpa þau á gráturarnar, presturinn leggur hönd á höfuð barnsins og blessar það. Barnið rís á fætur og presturinn réttir því höndina og segir „Friður sé með þér“. Þá flytur barnið (eða presturinn) minnisvers sem barnið hefur valið. Eftir fermingu allra barnanna hefst svo altarisganga þar sem fermingarbörnin ganga til altaris með fjölskyldum sínum.



Í fermingunni krjúpa fermingarbörnin á gráturarnar þegar presturinn blessar þau.

MYND/STEFAN

VELKOMIN Í VEISLUNA

Í Kringlunni færðu allt sem þarf
til að halda glæsilega fermingarveislu.
Fötin, gjafirnar, veitingarnar og skreytingarnar.



Kringlan

Hætt að kenna henni bænirnar

Tvíburasysturnar Ásta Lind og Alma Rún Hannesdætur fermdust árið 2005. Önnur þeirra fermdist í kirkju en hin borgaralega.

Ég vildi ferma í kirkju og var ekki að ferma fyrir þakka. Ég er trúuð og finnst gott að fara með bænirnar enn þann dag í dag og kenni þriggja ára dóttur minni bænir,“ segir Ásta Lind Hannesdóttir.

„Við systurnar vorum alveg á öndverðum meiddi með þetta,“ bætir hún spossk við og rifjar upp þegar hún fór með bænirnar á kvöldin við lítinn fögnuð tvíbura-systur sinnar.

„Ég var alltaf að reyna að fá hana til að segja bænirnar en hún gerði bara grín að mér. Þá sagði ég bænirnar eins hátt og ég gat til að gera það þá fyrir okkur báðar. Sagði til dæmis „sitji Guðs englar saman í hring, sænginni yfir okkar,“ til að passa upp á hana,“ segir hún.

„Ég fór aldrei með bænirnar, sagðist kannski gera það en gerði það aldrei,“ viðurkennir Alma Rún. „Við þurftum báðar alltaf að eiga síðasta orðið á kvöldin. Ásta dreif sig þess vegna að segja góða nótt og fór svo með bænirnar og eftir það mátti ég ekki tala. Ég stríddi henni svoltíð, en það kom aldrei til greina hjá mér að ferma í kirkju,“ segir Alma. „Þegar ég frétti af borgaralegri fermingu fannst mér það spennandi kostur. Ég sé alls ekki eftir þeir ákvörðun.

Ásta var samt ekkert ánægð með mig,“ bætir hún við.

„Nei, ég var rosalega fúl út í hana og fannst fátíðlegt að hún ætlaði ekki að ferma í kirkju. Svo var fræðslan sem hún fékk svo rosalega skemmtileg,“ segir Ásta og Alma rifjar hlæjandi upp hvernig hún las samviskusamlega upp fyrir systur sína fræðsluefnið sem hún fékk fyrir borgaralegu ferminguna.

„Ég nennti síðan ekkert að hlusta á það sem hún var að læra í kirkjunni,“ segir Alma.

En hvernig tóku foreldrar þessum ólíku ákvörðunum tvíburastranna?

„Þau urðu hissa og héldu til að byrja með að mér væri engin alvara með þessu,“ segir Alma. „Þetta var í raun í fyrsta skipti sem við þorðum að gera eitthvað, alveg í sitthvoru lagi. En svo fannst þeim þetta skemmtilegt.“

Ásta heldur þó að foreldrunum hafi verið vorkunn þegar kom að veisluundirbúningnum.

„Ég fermdist 3. apríl og Alma þann 17. og það var haldin sameiginleg veisla þann dag. Við urðum hins vegar að hafa tvennt af öllu og völdum sitthvorn litinn á allar skreytingar,“ rifjar Ásta upp.

„Við vorum alltaf að reyna að persónugera okkur og vorum ekki

miklar vinkonur á þessum tíma,“ bætir hún við og Alma tekur undir það.

„Það var alltaf talað um okkur sem „tvíburana“ eða „stelpurnar“. Þegar hringt var heim til okkar var bara spurt „eru stelpurnar heima?“ og skipti engu máli hvor okkar kæmi í símann. En ég vildi vera Alma og hún vildi vera Ásta. Við völdum til dæmis gjörólík fermingarföt, Ásta var í hvítu, skósiðu pilsu og hvítu skyrtu, meðan ég var í svörtum stuttum kjól og háum stígvélum. Mamma var nú ekki sérstaklega ánægð með svarta kjólinn,“ segir Alma og hlær.

„Seinna þegar við máttum lita á okkur hárið litaði Alma það svart og ég aflitadi á mér hárið, svo við yrðum alls ekki eins,“ segir Ásta hlæjandi en segir þær síðar hafa sótt aftur í að vera eins.

„Í dag er það að vera tvíburi það besta sem ég veit,“ segir Ásta. „Nú verðum við voða móðgaðar ef fólk sér ekki strax að við erum tvíburar, það er ekki hægt að gera okkur til geðs,“ segir hún hlæjandi.

„Nú erum við meira að segja í sama skóla og hittumst í hverjum frímínútum,“ segir Alma. „Ég veit ekki um betri vinkonu.“

„Ég er samt alveg hætt að reyna að kenna henni bænirnar,“ segir Ásta.




Ásta Lind og Alma Rún Hannesdætur voru á öndverðum meiddi þegar kom að því að ferma. Ásta fermdist í kirkju en Alma fermdist borgaralega. MYNDVALLI

Jón Páll
ljósmyndari
www.jonpall.com

Örfáir lausir tímar í mars og apríl - Pantaðu núna.
Allar upplýsingar á www.jonpall.com.

Sýnishorn, hugmyndir, myndapakkar, verðskrár o.fl.

Fermingarmyndir | Barnaljósmyndir | Fjölskylduljósmyndir | Útskriftarmyndir | Brúðkaupsmyndir | Óléttumyndir



Jón Páll - ljósmyndari | Síðumúla 3 | www.jonpall.com | stofa@jonpall.com | 534 9870



Nútíma fjölskyldur eru margar hverjar samsettar úr foreldrum, stjúpforeldrum, systkinum og stjúp systkinum. NORDICPHOTOS/GETTY

Fermingarbarnið í aðalhlutverki

Á hverju ári lenda um og yfir þúsund börn á Íslandi í því að foreldrar þeirra skilja, aðstæður þeirra breytast og til verða stjúp fjölskyldur með nýju fólki, síðum og breyttum lífsstíl. Þegar kemur að fermingu þessara barna þurfa ólíkir einstaklingar að sameinast og halda veislu sem oft getur reynt á. Gömul sár geta opnast og þá er mikilvægt að muna að það er barnið sem er í aðalhlutverki.

Þegar margar fjölskyldur standa að einni fermingu geta persónulegar tilfinningar flækst fyrir en mikilvægt er að fyrir fullorðna fólkið að hefja sig upp fyrir eigin þarfir og tilfinningar, fermingar barnsins vegna.

Alloft er það staða fjölskyldumálanna sem er kvíðvænlegust fyrir fermingarbornin enda kemur fráskildum foreldrum misvel saman. Erfitt er fyrir börnin að átta sig á hvernig þau eigi að haga sér enda vilja þau að allir séu sáttir á fermingardag þeirra.

Gott er fyrir fráskilda foreldra að ákveða með nokkrum fyrirvara hvernig haga eigi fermingarundirbúningi. Fyrsta mál er hvort halda eigi eina eða tvær veislur. Í flestum tilvikum er ein veisla ákjósanlegri en stundum reynist það ekki möguleiki. Þá er gott að tala við börnin, skýra út fyrir þeim hvaða möguleikar séu fyrir hendi enda mikilvægt að ákvörðunin um eina eða tvær veislur sé tekin í sameiningu.

Nauðsynlegt er að skipuleggja allt í góðu tómi. Ákveða kostnaðarskiptingu til þess að ekkert komi á óvart eftir veisluna og verkskiptingu svo allir viti hvaða hlutverki þeir eigi að gegna.

Í öllu þessu má síðan ekki gleyma stjúpforeldrunum sem einnig hafa skoðun á hlutunum og þurfa að fá að vera hluti af undirbúningnum.

FERMINGARTILBOÐ HÁRTÆKI

Nýja PRO línan frá Philips – 5 ára ábyrgð



PHILIPS

Philips HPS930

- Professional Titanium plötur (110mm)
- Aðeins 10 sek. að hitna
- Stafræn hitastilling max 230C
- 2.5m snúra
- 100-240V

VERÐ ÁÐUR... 19.995
TILBOD 14.995



PHILIPS

Philips HPS910

- 2100w Professional hárlásari
- AC mótur
- ThermoProtect
- 6 hita og hraðastillingar
- Keramik hitunartækni
- Ion conditioning
- CoolShot
- 2.5 m snúra

VERÐ ÁÐUR... 14.995
TILBOD 11.995



PHILIPS

Philips HPS920

- 2300w Professional hárlásari
- AC mótur 120 km/klst blástur
- ThermoProtect
- 6 hita og hraðastillingar
- Keramik hitunartækni
- Ion conditioning
- CoolShot
- 3 m snúra

VERÐ ÁÐUR... 19.995
TILBOD 15.995

Vidal Sassoon – Infra Radiance Collection

Mildur innrauður hiti ásamt loftflæði heitum plötum fyrir árangursríkari mótun og viðheldur náttúrulegum raka og glæsilega mjúku hári.



Vidal Sassoon
HÁRBLÁSARI
2000W

VERÐ ÁÐUR... 6.995
TILBOD 4.995



Vidal Sassoon
SLÉTTUJÁRN
Infraradiance

VERÐ ÁÐUR... 7.995
TILBOD 5.995



Vidal Sassoon
KRULLUJÁRN
Infraradiance

VERÐ ÁÐUR... 5.995
TILBOD 4.495

VIDAL SASSOON

REMINGTON



Keramik m/Silki húðun - Digital LCD skjár - Fjótandi plötur sem fylgja hárinu eftir - Hitnar á 10 sek - Læsing á hitastilli - Slekkur sjálfkrafa á sér eftir 60 mín.

VERÐ ÁÐUR... 13.995
TILBOD 10.995



BaByliss

Öflugur Professional AC mótur með 3 ára ábyrgð - 90 km/klst - 3 ára ábyrgð

VERÐ ÁÐUR... 10.999
TILBOD 8.799



BaByliss Curl Secret

Eitt flottasta krullujárnið á markaðnum - Keramik húðað sem gefur glansandi krullur - 2 hitastillingar - 3 tímastillingar fyrir mismunandi gerðir af krullum - Aldrei verið einfaldara að gera fullkomnar krullur/liði - Glæsilegur kaupuki, BaByliss Mini sléttujárn að verðmæti 5.999.



VERÐ 22.995

byggto**g**búid

568 9400 byggto**g**buid.is | Kringlunni
facebook.com / byggto**g**buid





UNITED LED32X16

- Einfalt og gott 32" sjónvarp
- 1366x768 punkta upplausn
- Progressive Scan
- Stafrænn móttakari DVB-T
- USB margmiðlanartengi sem styður DivX, MKV, MP3 og JPEG
- 3 x HDMI, Scart, CI kortarauf, S-video, Coax, PC, heymartóls- og RCA tengi

KYNNINGARTILBOÐ

49.990

VERÐ 59.990

UNITED LED39X16T2

- Einfalt og gott 39" sjónvarp
- Háskerpu 1920x1080 punkta FHD upplausn
- Progressive Scan
- Stafrænn DVB-T2 móttakari
- USB margmiðlanartengi sem styður DivX, MKV, MP3 og JPEG
- 3 x HDMI, Scart, CI kortarauf, S-video, Coax, PC, heymartóls- og RCA tengi

KYNNINGARTILBOÐ

79.990

VERÐ 89.990

HLJÓMTÆKI OG HÁTALARAR



BAKLÝSING

MYNDAVÉLAR OG SJÓNAUKAR

Nikon **tasco** **OLYMPUS**



PRÁÐLAUSIR BLUETOOTH HÁTALARAR



Bluetooth

FERMINGARGJAFIR

FRÁBÆRT ÚRVAL



 **YAMAHA**

GULLFALLEG HÖNNUN

FRÁBÆR HLJÓMBURÐUR



YAMAHA RESTIO

Restio frá Yamaha hefur farið sigurför um heiminn enda er hér á ferð stílhrein og glæsileg hljóðlausn inn í hvaða rými sem er. Hægt er að fá Yamaha Restio í fjórum litum og er með innbyggðum geislaspilara, USB afspilun, FM útvarpi og iPod/iPhone vöggu.

VERÐ  **129.990**

EINNIG FÁANLEG MEÐ
Bluetooth á 149.990



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

**SJÁÐU ALLT
ÚRVALIÐ Á
SM.IS**



Ljúffeng indversk súpa á veisluborðið

Hvernig væri að breyta til og hafa bragðgóða súpu og góða brauðrétti í fermingarveislunni? Axel Björn Clausen matreiðslumaður gefur hér girnilegar uppskriftir að indverskri bauna- og tómatsúpu og bökuðum camembert með mango chutney og hnetum.

Axel Björn Clausen, yfirmatreiðslumaður á Fiskmarkaðnum, starfaði á námsárunum á Grand hóteli þar sem fermingarveislur eru algengar. Minna er um þær á núverandi vinnustað en Axel segist hafa heyrt að fólk kjósi fremur léttari veitingar í fermingarveislur í dag en áður tíðkuðust. „Mér sýnist að fólk vilji frekar útbúa matinn heldur en að kaupa hann tilbúinn af veislubjónustum, enda er það ódýrara. Það er einfalt að ná sér í góðar uppskriftir á netinu. Það er hins vegar hægt að kaupa mjög góðar og fallegar fermingartertur tilbúnar,“ segir Axel.

„Léttar snittur, pinnamatur, kjúklinga- og lambaspjót er mjög vinsælt á veisluborðið núna þótt alltaf séu margir sem kjósa rjóma- og brauðtertur,“ segir hann. „Algengt er að fólk bjóði í léttar veitingar stuttu eftir hádegi en þá er sniðugt að bjóða upp á matarmikla og bragðmikla súpu ásamt heitum brauðréttum,“ segir hann enn fremur.

Axel Björn er alinn upp á Akureyri og segir sína fermingarveislu hafa verið með hefðbundnu kaffihlaðborði með heitum brauðréttum, pönnukökum og rjómatertum. „Mamma réð veislunni, enda var ég ekki byrjaður að hugleiða kokkinn á þessum tíma,“ segir hann. Sautján ára flutti hann til Reykjavíkur og fór í kokkanám. Nú hefur hann starfað hjá Fiskmarkaðnum í tæp fimm ár. Axel Björn er í Íslenska kokkalandslíðinu sem er að undirbúa heimsmeistaramótið sem verður í nóvember.

„Ef ég mætti ráða veislunni minni í dag myndi ég hafa léttu súpu, til dæmis indverska bauna- og tómatsúpu sem ég gef uppskrift að hér. Síðan væru heitir brauðréttir, heitt rúllubrauð, snittur og spjót,“ segir hann. „Ég er mjög hrifinn af indverskum mat og margvíslegum kryddtegundum,“ segir Axel.

Indversk bauna- og tómatsúpa (Uppskrift miðast við 6 manns)

1 tsk. olía, til steikingar

1 stór laukur, fint skorinn

3 hvítlaugsgeirar, rifnir niður með rifjárn

4 cm af engifer, rifid með rifjárn

1-2 jalapeño, smátt skorid

1 tsk. mulið cumin

1 tsk. mulin korianderfræ

¼ tsk. kanill

¼ tsk. túrmerik

1 dós af niðursoðnum tómötum, um það bil 450 ml, skornir gróft niður, safinn líka notaður

2 bollar af elduðum linsubaunum

2 bollar af elduðum kjúklingabaunum

½ l af vökvanum sem baunirnar voru eldaðar í

Salt

250 ml grískt jógúrt

Um það bil 20 kvistir af graslauk, fint saxaðir

Olían hituð í potti og laukurinn settur út í, steiktur þar til hann er byrjaður að mykjast og brúnast. Þá er engifer, jalapeño og allt þurrkryddið sett saman við og hrært vel þar til góður ilmur berst frá kryddinu, um það bil 2 mín. Þá er tómötunum bætt út í ásamt vökvanum og helmingnum af baununum, bæði linsu- og kjúklingabaunum, og vökva af baununum. Lækkið hitann og látið malla í 10 mínútur. Því næst er súpan maukuð í blandara eða með töfrasprota þar til hún verður flauelsmjúk. Setjið aftur í pottinn og bætið restinni af baununum saman við. Smakkið til með salti.

Saxið graslauk og setjið saman við grísku jógúrtina. Gríska jógúrtin er síðan sett út í súpunu.

Bakaður camembert með mango chutney, hunangi og pekanhnetum (Uppskrift fyrir 6)

2 camembert-ostar

100 ml mango chutney

100 ml dökkt hunang

150 g pekanhnetur



Axel Björn Clausen, yfirmatreiðslumaður á Fiskmarkaðnum, segir að margir kjósi að bjóða upp á léttar veitingar í fermingarveislum. MYND/GVA

Osturinn skorinn í sneiðar og þeim raðað í grunnt eldfast mót. Þunnu lagi af mango chutney er smurt yfir ostinn með skeið. Hnetum og hunangi er blandað saman í skál en síðan sett yfir ostinn og chutney. Bakið í ofni í 180°C í 15 mínútur. Borðið fram með kexi. elin@365.is

NÁTTÚRULEGIR OG MILDIR
LITIR FYRIR FERMINGUNA

Burt's Bees vörurnar fást t.d. í Lyfjum & heilsu Kringlunni og í Frihöfninni.

BURT'S BEES
náttúran og ég



Kjúklingaspjót eru vinsæl á hlaðborð fermingarveislunnar.

Kjúklingaspjót vinsæl

Kjúklingaspjót eru mjög vinsæl á hlaðborðum í fermingarveislum. Þau henta fyrir allan aldur. Bæði er hægt að bjóða upp á satay-sósu með kjúklingnum og súrsæta sósu.

Þessi uppskrift er miðuð við þrjátíu manns. Hafa skal í huga að hér er um að ræða einn rétt af mörgum á borðinu. Flestir fá sér kjúkling.

15 kjúklingabringur

15 hvítlausrif

3¾ dl sweetchili-sósa

8 msk. sojasósa

8 msk. ólífuolía

salt og pipar

sesamfræ

tréspjót (þurfa að liggja í bleyti í að minnsta kosti 15 mínútur fyrir notkun)

Skerið hverja bringu eftir endilöngu í fjórar lengjur. Blandið öllu sem upp er talið hér fyrir ofan saman í skál fyrir utan sesamfræin. Leggið kjúklingastrimlana í blönduna og látið standa í um það bil tvo tíma í kælikáp. Þræðið kjúklingalengjurnar upp á spjótin og stráðið

sesamfræjunum yfir. Grillið eða steikið í um það bil þrjár mínútur á hverri hlið.

Berið fram með súrsætri sósu, sweetchili-sósu og hnetusósu. Hægt er að kaupa sósurnar tilbúnar eða gera sjálfur.

Einföld hnetusósa

(hægt að stækka uppskriftina eftir þörfum)

3 dl apríkósusulta

2 msk. hnetusmjör

1 msk. ferskt koriander, fint skorid

Súrsæt sósa

(hægt að stækka uppskrift eftir þörfum)

½ bolli hvítvíns- eða hrísgrjónaedik

4 msk. púðursykur

1 msk. tómatsósa

1 tsk. sojasósa

2 tsk. maismjöl blandað með 4 tsk. af vatni

Blandið saman ediki, púðursykri, tómatsósu og sojasósu í pott og látið suðuna koma upp. Hrærið maismjöl og vatn saman við til að þykkja.

Gott er að setja ananasbita út í sósunu ef einhver vill breyta til.



VEISLUFÖNGIN ÁÆTLUÐ

Peir sem sjálfir sjá um að elda eða baka fyrir fermingarveisluna þurfa að huga að magni, enda verri ef allt klárast en ekki síður að sitja uppi með veisluföng til næstu vikna.

Nokkrar þumal fingursreglur er hægt að nota til að áætla magn.

Matarhlaðborð

Á matarhlaðborð má gera ráð fyrir að séu tveir kaldir forréttir, tveir kaldir aðalréttir og tveir heitir aðalréttir.

Þá er miðað við 250 g af hreinu kjöti á mann, beinlausu og óelduðu.

75 g af fiski á mann, til dæmis í forrétt.

½ dl af sósu á hvern.

Meðlæti: um 100 g af kartöflum á mann og 100 g af salati eða öðru grænmeti eins og baunum, rauðkáli og þess háttar.

Kaffiboð

Gos: ½ lítra á mann

Kaffi: 3 bollar á mann.

Gott er að miða við að vera með þrjár tegundir af tertum, tvær tegundir af köldu brauði og eina gerð af heitum rétti.

Ein venjuleg stærð af hringlaga tertu sem sögð er u.þ.b. 12 manna dugir fyrir um 20 manns. Brauðterta sem er fjögurra laga, jafnstór og rúllutertubrauð, dugar fyrir 40 manns.

Af smurðu brauði má gera ráð fyrir um þremur stykkjum á mann.

Heitir réttir í eldföstu móti, stærð 23x33 cm, duga fyrir 15-20 manns.

FERMING Á NORÐUR-LÖNDUM

Fjölmargir Íslendingar hafa flutt til Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur á síðustu árum. Núna er 82 unglingar í fermingarfræðslu í þessum löndum. Sumir þeirra fermast þar sem þeir eru búsettir en aðrir koma heim til Íslands til að fermast um páskana eða í sumar.

Ágúst Einarsson er prestur Íslendinga í Svíþjóð þar sem tólf ungmenni eru í fermingarfræðslu en Arna Grétarsdóttir, prestur í Noregi, er með sextíu fermingarbörn. Fermingarfræðsla allra þessara fermingarbarna fer fram í fermingarbúðum í


Åh Stiftsgård í Svíþjóð. Fermt er á tveimur stöðum í Noregi, í Sandefjord 18. maí og í Ósló 9. júní.



LIST Í KLAUSTRINU

Þegar einhver viðburður er í fjölskyldunni, ferming, brúðkaup, skírni eða afmæli leggja margir leið sína í Karmelklausrið í Hafnarfirði. Þar selja systurnar ýmsa handgerða listmuni, kerti, kort, gestabækur og fleira. Mjög margar tegundir er þar að finna af fermingarkertum en jafnframt eru þau gerð að beiðni hvers og eins. Venjulega er nóg að gera í listsköpun hjá nunnunum fyrir fermingarnar. Handavinnan er hluti af starfi þeirra og lífi. Allur ágóði rennur til góðra málefna.

Verslun þeirra hefur stækkað og þróast með árunum og fjölbreytnin aukist. Má nefna sérmálaðar gestabækur sem er tileinkaður fermingardeginum sem er sannarlega góð gjöf. Til dæmis er hægt að skrifa þar allar fermingargjafir og frá hverjum þær eru. Best er að vera tímanlega í því að ákveða útlit kertisins því tíma tekur að handmála fyrir hvern og einn.



BROT AF HEIMINUM Í FERMINGARGJÖF

Gjafabréf Icelandair gildir sem greiðsla upp í flugfar til allra áfangastaða í Evrópu og Norður-Ameríku. Þú velur upphæðina.

+ Pantaðu fermingargjöfina á www.icelandair.is

    Vertu með okkur

Gjafabréf Icelandair gildir í tvö ár frá útgáfudegi.

ICELANDAIR



SÆTUR BITI Í BUDDUNA

Spenna og fiðringur getur komið í veg fyrir góða matarlyst á fermingdaginn. Í margmenni getur orðið heitt og loftlaust í kirkjunni og fermingarathöfnin dregist á langinn. Því er mikilvægt að fermingarbarnið nærst og drekki vel áður en stóra stundin rennur upp. Gott er að hafa meðferðis vatnsbrúsa og léttan millibita í kirkjuna og á hátíðisdegi sem þessum má alveg bjóða upp á ljúffengt og sætt nesti undir tönn sem gefur tafarlausu orku í kroppinn.

**Verndarengill****GULLSMÍÐJAN**

Guðrún Þjarnadóttir
Gullsmíður

LÆKJARGATA 34C
HAFNARFIRDI
565 4453

GULLSMÍÐJAN.IS

Utanlandsferð með vinkonum í fermingargjöf

Sunna Hlín Eggertsdóttir fermist í Lindakirkju í Kópavogi. Veislan verður fjölmenn enda fjölskyldan stór. Sunna fær utanlandsferð með vinkonum í fermingargjöf frá foreldrum sínum.

Sunna Hlín Eggertsdóttir Í hvaða kirkju fermist þú? Í Lindakirkju í Kópavogi

Hvar verður veislan haldin?

Veislan verður haldin heima hjá okkur.

Hvernig verður veislan? Veislan verður seinnipartinn og við verðum með smárétti, pinnamat og kökur.

Koma margir í veisluna? Já, ég á stóra fjölskyldu, það eru 125 á gestalistanum.

Verða skemmtiatriði? Nei, það verða engin skemmtiatriði

Hvernig eru fermingargjöfin? Við erum ekki búin að kaupa fermingargjöfin en mig langar í hvítan kjól og ballerínuskó.

Hvað langar þig í fermingargjöf? Foreldrar mínir gefa mér utanlandsferð með vinkonum mínum. Annars er ekkert sérstakt á óskalistanum.

Hvernig hefur fermingarfræðslan verið? Fermingarfræðslan hefur verið ágæt, við mætum í hverri viku í kirkjuna og svo var skemmtileg ferð í Vatnaskóg síðasta haust.

Tekur þú þátt í undirbúningum fyrir ferminguna? Ég tek smá þátt en pabbi og mamma sjá um þetta að mestu leyti.

Ertu stressuð fyrir stóra daginn? Nei, ekkert sérstaklega.

Afhverju ætlar þú að fermast? Það er orðin hefð að 8. bekkingar fermist. Alveg eins og það er ekkert spurt að því hvort þú viljir fara í 8. bekk þá er ekkert endilega spurt að því hvort þú viljir fermast, það fermast bara allir.



Sunna Hlín verður með fermingarveisluna heima og býður upp á smárétti og kökur.
MYND/DANIEL

Fermingargjöf sem gefur

Fermingarskeyti eða gjafabréf frá Hjálparstarfi kirkjunnar er gjöf sem heldur áfram að gefa. Fermingarbarnið fær skeytið eða bréfið í hendurnar en andvirðið rennur til jafnaldra fermingarbarnsins sem býr við fátækt.

Sendu skeyti, það kostar 1.990 kr. Eða gefðu fermingargjafabréf að upphæð 5.000 kr.

Þú færð skeytin og gjafabréfin á www.gjofsemgefur.is eða pantar þau á skrifstofunni okkar, 528 4400. Þú prentar út, sækir til okkar – eða við sendum fyrir þig. Einfalt og gleðilegt.

Óskalistinn minn:

Rúm
Myndavél
Svefnpoki
iPod
Vefmyndavél
Teppi
Orðabók
Hálsmen
Svo væri gaman að fá pening og „Gjöf sem gefur“.
Mig langar til að einhver sem er ekki eins heppinn og ég fái að njóta með mér.



Óskalistinn minn:

Við systkinin erum munaðarlaus. 1.990 kr. fermingarskeyti á Íslandi dugur fyrir 3 hænum. Þær gefa okkur fullt af eggjum.

5.000 kr. gjafabréf á Íslandi myndi gefa okkur geit. Eða kannski reiðhjól. Þá kæmist ég á markað með uppskeruna okkar og við fengjum pening.



Stór dagur framundan

Mikil tilhlökkun ríkir á heimili Halldórs Benedikts Haraldssonar, 14 ára Breiðholtsbúa, sem fermist í apríl. Halldór gengur í Seljaskóla og fermingarundirbúningur hans og jafnaldra hans hefur staðið yfir í allan vetur. Hann segist alltaf hafa verið ákveðinn í að fermast en flestir jafnaldrar hans í Seljaskóla fermast nú í ár.

„Við byrjuðum að hittast vikulega í Seljakirkju síðasta haust en þar hefur fermingarhópurinn hist alla þriðjudaga í vetur. Þar fer fjölbreytt fræðsla fram en við lærum um kristna trú og ferminguna auk þess sem við fáum fræðslu á ýmsum öðrum sviðum sem snerta ekki beint kristna trú heldur lífið almennt.“ Auk fermingarfræðslunnar í Seljakirkju fór hópurinn í Vatnaskóg í október og gisti þar eina nótt. Einnig tekur Halldór mikinn þátt í starfi KFUM. Stóri dagurinn verður 6. apríl næstkomandi í Seljakirkju þegar Halldór fermist ásamt skólafélögum sínum. „Athöfnin verður með hefðbundnu sniði, geri ég ráð fyrir, og ég hlakka mikið til dagsins.“

Veislan verður haldin í húsnæði Hjallastefnuleikskólans Laufásborgar þar sem móðir Halldórs vinnur. Hann býst við fjölda gesta og skemmtilegum degi. „Við erum



„Ég fékk að hafa skoðun á tertunni en foreldrar mínir réðu meira um matinn sjálfan.“ segir Halldór Benedikt Haraldsson.
MYND/GVA

búin að bjóða um 120 manns þannig að það verður mikið fjölmenni. Við erum búin að panta tertur frá Tertugalleríi Myllunnar og mat frá veitingastaðnum Habibi. Ég fékk að hafa skoðun á tertunni en foreldrar mínir réðu meira um matinn sjálfan.“

Aðspurður um fermingartískuna hjá drengjum í ár segir Halldór ekkert eitt sérstakt vera vin-

sælt heldur sé hún nokkuð blönduð. Flestir klæðist jakkafötum og ýmist með bindi eða slaufu en þó séu slaufurnar heldur vinsælli í ár.

Halldór á vafalaust eftir að fá margar fallegar og nýtsamlegar gjafir en hann segist ekkert vita hvað hann fær. „Ég held að foreldrar mínir séu að hugsa um nýtt golfsett en samt veit ég ekkert hvað þau eða aðrir gefa mér.“



11.900.-



6.900.-



9.600.-



Jens

Kringlunni og
Síðumúla 35
www.jens.is



11.100.-

Hægt að áletra
aftaná kross

Frí heimsending innanlands



12.300.-



7.900.-



7.700.-



13.900.-



17.200.-

Fyrir fermingarstrákinn



9.600.-



16.200.-



12.600.-



Íslenskt handverk handa fermingarbarninu

Uppsteytt



7.900.-



9.900.-



12.900.-



8.200.-



10.800.-



13.900.-



6.900.-



12.400.-



7.900.-



Minning um sakleysi og fjör

Fermingarmyndin er dýrmæt minnisvarði um æskuljóma og æviskeið þegar barnslegt sakleysi er enn við lýði en fermingarbarnið er þó að komast nær því að verða fullorðið. Eftirfarandi heilræði gagnast vel þegar teknar eru ljósmyndir af fermingarbarninu.

Það er áskorun að mynda unglínga. Fermingarmyndir skrásetja mikilvæg tímamót í lífi fermingarbarnsins og kúnst að ná fram einstöku samspili sakleysis í aðdraganda fullorðinsára.

- ❖ Takið myndirnar þegar unglíngurinn er ánægður, vel nærður og sofinn. Sé fermingarbarnið taugaóstyrkt og trekk birtist það í neikvæðni og tregðu framan við myndavélina. Skapið því þægilegt andrúmsloft þar sem barninu líður vel og nýtur sín óþvingað.
- ❖ Leyfið fermingarbarninu að velja hverju það klæðist. Unglingar eru á viðkvæmum aldri og mjög meðvitaðir um sjálfa sig. Íklæddir uppáhaldsfötunum sínum verða þeir sjálföruggari í framkomu.
- ❖ Gott er að hafa hugfast að unglíngar sýna gjarnan á sér aðrar hliðar þegar foreldrarnir eru fjarri og því verða viðbrögð þeirra í myndatökuinni afslappaðri.
- ❖ Unglingar hafa sterkar skoðanir á því hvernig þeir birtast á myndum. Þeir vilja fá að vera þeir sjálfir og ekki breyta sér fyrir myndatökuna. Reynið því að ná fermingarbarninu eins og það er í stað falskrar myndar sem sýnir annan mann.
- ❖ Komið fram við tánínginn eins og hann sé fullorðinn. Sýnið honum hvatningu og virðingu sem eykur honum sjálfstraust. Myndataka-

an verður þá bæði auðveldari og ánægjulegri.

- ❖ Spjallið við fermingarbarnið áður en myndataka fer fram. Hvert er áhugamál þess? Er það kannski fót-bolti eða að hangsa með vinum í almenningsgarðinum? Farið þá með út á fótboltavöll eða í garðinn og fáið unglínginn til að klifra í trjám eða leggjast í grasið. Því afslappaðra sem umhverfið er því meiri verður orkan og tjáningin.
- ❖ Sumir eru hræddir við myndavélar og vitaskuld óþarfi að allar myndir sýni bros og gleði. Frábær leið til að virkja tánínga er að ná mynd þar sem þeir dunda við áhugamál sitt og vita ekki af myndavélinni. Þegar óvænt útkoman kemur í ljós verða þeir vísast til í enn frekari myndatökur.
- ❖ Nú til dags eru börn mynduð oftar en eldri kynslóðir því nær allir símar eru búnir myndavélum. Enn er þó mikill munur á Instagrammynd og myndum úr alvöru ljósmyndavélum sem geta stýrt hraða, dýpt og urmull annarra atriða.
- ❖ Unglingar elska fjör og framan við myndavélina gefst frábært tækifæri til að ná því á mynd. Hleypið persónuleika þeirra út og leyfið þeim að grínast og glensa en munið þó að taka líka alvarlegri portrett sem sýna önnur svipbrigði.



Er fermingarbarnið kannski náttúruunnandi eða á sér einhvern uppáhaldsstað? Þá er tilvalið að taka fermingarmyndirnar líka á þeim stað því það sýnir vel persónuleika barnsins.

Persónuleg þjónusta

Vandað vöruúrval og góð þjónusta einkennir Okkar bakarí. Þótt margir útbúi einhverjar veitingar sjálfir kjósa þeir að kaupa stærri og betri kökur og tertur.

Okkar bakarí í Garðabæ er bakarí í stöðugri þróun sem byggir á gömlum grunni. Bakaríið hefur alla tíða lagt mikla áherslu á vandað og gott vöruúrval þegar kemur að fermingarveislum auk persónulegrar þjónustu. Að sögn Árna Þorvarðarsonar, bakara í Okkar bakarí, er eftirspurnin sífellt að aukast eftir vörum og þjónustu þeirra þegar fermingarveislur eru skipulagðar. „Við bjóðum upp á ýmsar tegundir af kökum og tertum, í öllum stærðum og gerðum. Kransahornið okkar er til dæmis mjög vinsælt, Rice Crispies-turninn vekur alltaf lukku hjá yngstu kynslóðinni og síðan bjóðum við upp á skúffubita en þar er búið að skera stærri tertur í smærri bita sem eru þægilegir í uppstillingu og snyrtilegir á borði.“ Af öðrum vörum nefnir Árni marsípanbókina sem er marsípanterta sem hægt er að fá með letri og mynd, franska súkkulaðitertu og hefðbundna súkkulaðitertu.

sun 23/3 kl. 20 **UPPSELT**
fös 28/3 kl. 20 **UPPSELT**

lau 29/3 kl. 20 **UPPSELT**
sun 30/3 kl. 20 **UPPSELT**
lau 5/4 kl. 20 **UPPSELT**
sun 6/4 kl. 20 **UPPSELT**
fös 11/4 kl. 20 **UPPSELT**

lau 12/4 kl. 20 **UPPSELT**
sun 13/4 kl. 20 **UPPSELT**
sun 27/4 kl. 20 **UPPSELT**
mið 30/4 kl. 20 **ÖRFÁSÆTI**
sun 4/5 kl. 20



Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is

Borgarleikhúsið

Klæða sig í takt við tíðarandann

Kvennakór Kópavogs heldur tvenna vortónleika 15. mars í Kaldalóni í Hörpu. Þar flytur hann létt og sígild dægurlög undir yfirskriftinni Perlur og pilsapytur.

Söngkonurnar í Kvennakór Kópavogs halda tvenna tónleika í Hörpu á laugardaginn í takt við hækkanandi sól. Þá fyrri klukkan 16 og þá síðari klukkan 20. Þar syngja þær gamlar og góðar dægurperlur enda hafa þær skírt dagskrána Perlur og pilsapytur.

Efnisskrá tónleikanna spannar tímabilið frá kreppuárum og vel fram yfir seinna stríð. Þar eru lög eins og Papermoon, Dream a little dream og Sugartime og einnig

verður syrpa með lögum frá sjöunda áratug síðustu aldar.

Kórkonur ætla að klæðast samkvæmt tíðaranda efnisskrárinnar og hárgreiðslan verður í stíl. Það verður því líf í tuskunum og sjónarspil í Kaldalóni ásamt ljúfum tönnum.

Stjórnandi kvennakórs Kópavogs er Gróa Hreinsdóttir og undirleikarar á tónleikumunum nú eru Árni Heiðar Karlsson á piano og Birgir Bragason á bassa.

Kvennakór Kópavogs er á 12.

starfsári sínu. Hann hefur tekið virkan þátt í menningarlífi Kópavogs og ber þar hæst að undanfarin fimm ár hefur hann stutt mæðrastyrksnefndina þar bæði með fata-söfnun og tónleikahaldi. Hjá kórnum hefur líka skapast sú hefð að syngja á adventumarkaði Ljössins, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda.

Í maí mun kórinn fjölmenna á landsmót kvennakóra sem verður haldið á Akureyri í ár. gun@frettabladid.is



PERLUR OG PILSAPYTUR Kvennakór Kópavogs kann að bregða á leik bæði á sviðinu og utan þess.

Féll útbyrðis og hóf myndlistarferilinn

Sýning til minningar um myndlistarmanninn Óla G. Jóhannsson opnar í Tveimur hröfnum í dag. Sýnd verða verk í einkaeigu og rjóminn úr dánarbúinu.

Sýningin „Óli G. Jóhannsson - In Memoriam“ verður opnuð í Tveimur hröfnum listhúsi á Baldursgötu 12, í dag klukkan 17.

Sýningin er haldin til heiðurs Óla G. Jóhannssyni myndlistarmanni, en hann lést í janúar árið 2011.

„Þetta er dálítið persónuleg sýning – hann var vinur okkar hjóna,“ segir galleríistinn Ágúst Skúlaason. „Ég og konan mín, Halla Jóhanna, kynntumst Óla þegar hann var að sýna í Listasafni Akureyrar árið 2001, ásamt Kristjáni Davíðssyni,“ segir Ágúst, en Óli var að norðan og bjó þar alla tíð. „Þegar sýningin stóð yfir kynntumst við hjónin bæði myndlistinni og honum sjálfum. Það varð ekki aftur snúið,“ segir Ágúst, og bætir við að þau hjónin hafi safnað verkum eftir hann og unnið mjög náð með honum eftir það. Óli fór ekki hefðbundnar leiðir í myndlistinni. „Hann þurfti að hafa fyrir lífinu og vinna mikið. Hann var líka á kafi í hestamennsku, en vann þess utan að ýmsu, var til dæmis til sjós og í blaðamennsku. En ég held að hann hafi alltaf stefnt, beint og óbeint, að því að eiga feril í myndlist,“ segir Ágúst.

Óli var einn af upphafsmönnum að stofnun Myndlistarskólans á Akureyri auk þess sem hann rak Gallerí Háhól ásamt eiginkonu sinni Lilju Sigurðardóttur en það var fyrsta einkarekna galleríið á Akureyri, stofnað 1974. Það var ekki fyrr en upp úr 1993 að Óli fór að helga sig myndlistinni alfarið. „Hann lenti í slysi á sjó, féll útbyrðis, axlarbrotnaði og fékk vægt hjartaáfall – hann var þarna í jökulköldum sjónum í 20 mínútur, en bjargaðist. Það var þá sem hann ákvað að láta drauminn rætast.“ Ágúst segir Óla svo hafa verið uppgötvaðan alþjóðlega um 2006. „Fulltrúar frá galleríeðjunni Opera-Gallery flugu norður og heimsóttu hann á vinnustofuna. Stuttu síðar gerðu þeir samning og hann hélt



TVEIR HRAFNAR Ágúst og Halla Jóhanna hafa safnað verkum eftir Óla síðan árið 2001. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

sína fyrstu einkasýningu, hjá þeim árið 2007 í London, en sú sýning seldist upp á opnuninni. Í framhaldinu sýndi Óli hjá Opera-Galleríinu víða um heim; í New York, Monte Carlo, Monaco, Miami, Seúl, Singapúr, Dúbaí og víðar og vann með þeim allar götur síðan, eða þar til hann lést fyrir aldur fram, í janúar 2011. Þegar Óli lést var nýbúið að opna yfirgripsmikla sýningu á verkum hans í Listasafni Reykja-

nesbæjar. „Eftir að Óli féll frá sögðu ýmsir að Akureyri væri bara hálfur bær, svo mikil var eftirsjáin að honum – hann var svo skemmtilegur og kraftmikill karakter.“ Á sýningunni verða verk úr dánarbúi listamannsins, ásamt verkum úr eigu þeirra hjóna. „Við höfum safnað verkum eftir Óla frá árinu 2001 og svo verður þetta rjóminn úr dánarbúinu,“ segir Ágúst að lokum.

olof@frettabladid.is

FIMMTUDAG
19:30 3

LÍFSSTÍLL

Í opinni dagskrá

3 Kl. 19:30

Íslenskir hönnuðir í aðalhlutverki

Lífsstíll er nýr þáttur um tísku, hönnun og lífsstíl sem hefst á Stöð 3 í kvöld. Hann verður í umsjá Theodóru Mjallar Skúladóttur Jack, sem gaf út metsölubókina Hárið 2012. Þátturinn verður í opinni dagskrá.

Fáðu þér áskrift! **365.IS**

LYFJA
– Lífið heil

15%
afsláttur
Gildir út mars.

**Nicorette
Fruitmint**

Allar pakkningar og styrkleikar.



www.lyfja.is

Lægra
verð í
Lyfju



ARNASYNIR

NIDUR BREKKU FER

30-40%

**AF SKÍÐUM, SKÍÐABÚNAÐI,
BRETTUM OG BRETTABÚNAÐI**

30%

**AF SKÍÐA- OG
BRETTAFATNAÐI**

SKÍÐA- OG BRETTAÚTSALAN ER Í GLÆSIBÆ



ÚTILÍF

GLÆSIBÆ

KRINGLUNNI

SMÁRALIND

utilif.is

Fór sigurför um heiminn allan

Þýsk kvikmyndaveisla hefst í dag en kvikmyndin Zwei Leben opnar hátíðina.

Þýsk kvikmyndaveisla hefst í dag í Bíói Paradís á Hverfisgötu en hátíðin er haldin í samstarfi við Goethe Institut og Þýska sendiráðið og stendur til 23. mars.

Sex nýjar kvikmyndir verða kynntar til leiks að þessu sinni. Opnunarkvikmynd hátíðarinnar er engin önnur en hin marglofaða Zwei Leben en hún hefur hlotið gífurlegt lof gagnrýnenda og farið sannkallaða sigurför um heiminn og var meðal annars tilnefnd til Óskarsverðlauna á dögnum.

Af öðrum eftirtektarverðum myndum að má nefna kvikmyndina Finsterworld eftir leikstjórnann Frauke Finsterwalder, en í myndinni tekst hún á við þá tilvistarkreppu sem þýskt þjóðarstolt stóð frammi fyrir

í kjölfarið á seinni heimsstyrjöldinni. Kvikmyndin varpar bæði surrealistisku og kankvíslegu ljósi á þungbært ástand.

Einnig verður í sýningu heimildarmynd eftir leikstjórnann David Sieveking en í myndinni sem ber nafnið Vergiss mein nicht (Forget me not) fylgist hann með alzheimersjúkri móður sinni og veitir inn-sýn í heim alzheimersjúkdómsins og hvernig hann birtist aðstandendum sjúklinga. Kvikmyndaveislan er frábært tækifæri til að kynna þýskri menningu og rjomanum af þýskri kvikmyndagerð. Hægt verður að kaupa tíu klippa klippikort sem gildir á kvikmynda-hátíðina.

-jm



→ Í kvikmyndinni Vergiss mich nicht veitir kvikmyndagerðamaðurinn David Seiveking inn-sýn í heim alzheimersjúkra með því að fylgjast með móður sinni sem glímir við þann hvímeiða sjúkdóm.

Engir punktar, engin aukakort og ekkert vesen!

A

Um 20 fyrirtæki og verslanir eru í Vild og fer fjölgandi

B

Afslátturinn kemur sjálfkrafa á kortaviðskiptin

C

Í Vild færðu afsláttinn án þess að biðja um hann

Fríðindakerfi fyrir áskrifendur 365

HAPPRÆTTI Í HVERJUM MÁNUÐI!

Í mars drögum við út: **46" Samsung sjónvarp**

Hvert skráð kort í VILD gildir sem happdrættismál

SVONA FÆRÐU AFSLÁTT ÁN ÞESS AÐ BIÐJA UM HANN!

Allir áskrifendur sjónvarps- eða fjarskiptabjónustu 365 fá nú sjálfvirkann afslátt hjá fjölda fyrirtækja og verslana án þess að þurfa að biðja um hann. Það eina sem þarf að gera er að skrá greiðslukort fjölskyldunnar í VILD á 365.is.

Skráðu þig á **365.IS**

Vild



FIMMTU

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Sýningar

14.00 Í dag klukkan 14.00 býðst foreldrum í fæðingarorlofi leiðsögn um grunnsýningu Þjóðminjasafnsins, Þjóð verður til - Menning og samfélag í 1200 ár. Víða eru starfræktir svokallaðir foreldramorgnar en með leiðsögn fyrir foreldra í fæðingarorlofi vill Þjóðminjasafnið taka þátt í þjónustu fyrir þennan hóp fólks. Leiðsögnin er ókeypis og allir foreldrar í fæðingarorlofi boðnir velkomnir.

15.30 Í dag klukkan 15.30 opnar sýning á kjólum eftir Aðalbjörgu Jónsdóttur sem hefur í áratugi þrjónað kjóla úr íslenskrí ull. Kjólarnir eru hannaðir af miklu listfengi og telja yfir eitt hundrað. Héléne Magnússon textílhönnuður vinnur nú að útgáfu bókar um verk Aðalbjargar.

17.00 Velkomin á opnun á sýningu til minningar um Óla G. Jóhannsson, í dag, á milli klukkan 17 og 19.

Íþróttir

11.15 Ókeypis tími í heilsu qi-gong í boði Konfúsíusarstofnunarinnar og Heilsudrekans. Staður og tími: Íþróttahús HÍ alla þriðjudaga og fimmtudaga kl. 11.15-12.00.

Kynningar

14.00 Á Íslandi eru töluð yfir hundrað tungumál af fólki sem hefur annað mál en íslensku að móðurmáli. Í dag klukkan 14.00, gefst tækifæri til að kynna hluta af þessum heimsálum í Café Lingua á Háskólatorgi Háskóla Íslands, þar sem nemendur, sem eru að læra íslensku sem annað mál, og aðrir áhugasamir, munu kynna tungumál sín á lífandi hátt. Kynningin fer fram á íslensku og gefst gestum svo kostur á að spreya sig á tungumálum eins og rússnesku, kínversku, frönsku, ítölsku, norsku, sænsku, dönsku, úkraínsku, þýsku og georgísku og kynna um leið fjölbreyttri menningu.

Tónlist

17.00 Sígildar, íslenskar dægurflugur munu hljóma á Bókasafni Seltjarnarness þegar Gamli Fóstbræður ásamt tenórnum Þorgeiri Andréssyni halda þar tónleika, en tónleikarnir eru liður í Tónstöfum, samstarfi Bókasafnsins og Tónlistarskóla Seltjarnarness.

20.00 Í kvöld leiða saman hesta sína böndin Slowsteps og Blær. Þó ólík séu í eðli sínu þá spila þau hlustendavæna tónlist sem allir ættu að geta gaman af. Tónleikarnir byrja klukkan 20.00 og það er ókeypis inn.

20.00 Í kvöld heldur kvennakórinn Kyrjurnar tónleika í Seltjarnarskirkju klukkan 20.00. Gestur kórsins

Túlkar grimma fegurð óbyggða

Tónlistarmaðurinn Hallur Ingólfsson heldur útgáfutónleika í Kaldalóni í Hörpu.

Tónlistarmaðurinn Hallur Ingólfsson gaf nýverið út plötuna *Öræfi* en platan komst meðal annars í úrtak af útgáfum ársins sem tilnefndar voru til Norrænu tónlistarverðlaunanna.

Í kvöld klukkan 20.00 verða haldnir útgáfutónleikar í Kaldalónssal Hörpu þar sem Hallur mun leika lögin af plötunni. Hallur er nú þegar orðinn þekktur innan tónlistargeirans en hann hefur komið víða við á sínum tónlistarferli sem fyrrum

meðlimur hljómsveitanna Ham og XIII og nú leiðir hann rokk-sveitina Skepnu.

Öræfi er sólóplata sem inniheldur níu lög sem eiga að túlka grimma fegurð óbyggðanna. Á tónleikunum mun Hallur sjálfur leika á gítar en með honum á sviðinu verður einvalalið hljóðfæraleikara. Öræfi er ódur til tónlistar tónlistarinnar vegna og er ætlað að senda áheyrendur í ferðalag um öræfi síns eigin huga.



FJÖLHÆFUR Halli er margt til lista lagt.

Kroppurinn er kraftaverk!

Blásið verður til útgáfuteitis í bókabúð Máls og menningar á Laugavegi klukkan 17.00 í dag í tilefni útgáfu bókarinnar „Kroppurinn er kraftaverk“, en bókin er barnabók sem ætlað er að vekja börn til umhugsunar um líkamsvirðingu og að kenna þeim að þykja vænt um líkama sinn.

Höfundur bókarinnar Sigrún Danielsdóttir en hún er mikill frumkvöðull í líkamsvirðingarbaráttunni og einn stofnmeðlimur Samtaka um líkamsvirðingu sem berst



FÖGNUMUR Sigrún heldur útgáfuteiti í dag.

gegn fitufordómum og skaðlegum líkamsstaðalmyndum.

Í útgáfugleðinni verður boðið upp á léttar veitingar og drykki.

DAGUR

á tónleikunum verður söngvarinn Þór Breiðfjörð, sem söng svo yndislega í Vesalingunum. Yfirskrift tónleikanna er *Thats Amore* og verður lagavalið létt og skemmtilegt. Stjórnandi Kyrjanna er Sigurbjörg Hvanndal Magnúsdóttir og píanóleikari er Helgi Hannesson. Auk þess kemur Trío Þórs fram á tónleikunum en það skipa þeir Jóhann Hjörleifsson á trommur, Jón Rafnsson á kontrabassa og Vignir Þór Stefánsson á píanó. Miðaverð er 3.500 kr. og verður miðasala við innganginn. Það er tilvalið að kíkja á tónleika og njóta góðrar tónlistar í fallegri kirkju.

20.00 Síðasta sýning á einleikum Eldklerkurinn í Tjarnarbíói verður í kvöld klukkan 20.00. Verkið, sem var frumsýnt á Kirkjubæjarklaustri 1. nóvember sl., hefur hlotið afburðadóma og góðar viðtökur áhorfenda. Að sýningum í Tjarnarbíói loknum taka við leikferðir með sýninguna um landið.

21.00 Hljómsveitin Hymnalaya heldur tónleika á Café Rosenberg í kvöld.

21.30 Magnús R Einarsson heldur tónleika á *Ob-La-Dí-Ob-La-Da*, Frakkastíg 8 í kvöld klukkan 21.30. Aðgangur er ókeypis.

Fyrirlestrar

12.00 Opinn fyrirlestur í dag klukkan 12.00 í Odda 101. Fundarstjóri er Kristín Loftsdóttir, prófessor við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands. Alþjóðamálastofnun stendur fyrir

fjórum málstofum um þróunarmál og neyðaraðstoð í samstarfi við námsbraut í mannfræði við Háskóla Íslands og utanríkisráðuneytið. Málstofurnar verða haldnar í hádeginu á fimmtudögum í mars.

12.00 Opinn fyrirlestur í dag klukkan 12.00 í Odda 101. Fundarstjóri er Kristín Loftsdóttir, prófessor við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands. Alþjóðamálastofnun stendur fyrir fjórum málstofum um þróunarmál og neyðaraðstoð í samstarfi við námsbraut í mannfræði við Háskóla Íslands og utanríkisráðuneytið. Málstofurnar verða haldnar í hádeginu á fimmtudögum í mars.

20.00 Í fyrirlestri í dag fjallar Dagný Bjarnadóttir landslagsarkitekt um hvernig hægt er að endurvinnna og endurnýta úrgang. Hann fer fram í Hönnunarmiðstöð Íslands.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

BOSS

HUGO BOSS

ILMDAGAR Í LYFJU DAGANA 13.-16. MARS



BOSS JOUR
POUR FEMME

THE NEW FRAGRANCE
FOR WOMEN



BOSS BOTTLED.
FRAGRANCE FOR MEN

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HUGO BOSS VÖRUM DAGANA 13.-16. MARS

Finndu þinn Hugo Boss ilm og fáðu veglegan kaupauka frítt með*

*á meðan birgðir endast





TÓNINN GEFINN

Haukur Víðar Alfreðsson

Handbolti í Skaftahlíð

Skoðanir manna eru misjafnar. Þessi fullyrðing hefur bundið enda á fjölmargar rökræður í gegnum tíðina. Það sem sumum finnst gott finnst öðrum slæmt. Þannig er það bara. En svo eru hlutir sem við sammælumst öll um að séu slæmir. Nasismi, hæsæri, að drekka appelsínusafa eftir tannburstun, já og hljómsveitin Creed. Það hélt ég að minnsta kosti.

Alvarlegt atvik kom upp hér á fréttastofunni á þriðjudag. Leiðindamál sem gæti grafið undan trúverðugleika okkar allra. Ég sat í mötuneytinu að japla á hádegismatnum mínum þegar það gerðist. Þegar ekki einn, ekki



HETJURNAR TÓNLIST Creed er tekið opnum örmum á fréttastofunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

tveir, heldur þrír samstarfsmenn mínir lýstu dálæti sínu á Creed. Eins og ekkert væri sjálfsgaðara. Ég ætla ekki að nafngreina mennina af tillitssemi við aðstandendur þeirra, en allir voru þeir á því að Creed væri alveg hreint ljómami góð hljómsveit.

Ég sendi tölvupóst um málið til minna yfirmanna og afrit af póstinum á alla fréttastofuna. Ég er vanalega ekki „sá sem kjaftar frá“ en þarna blöskraði mér algjörlega. Heitar umræður spunnust um málið þar sem einhverjir sögðu það vera augljósa brottrekstrarsök. Sjálfur var ég hófstiltari og lagði til að þremmingarnir yrðu settir til hliðar um stundarsakir.

En síðan skrifu undan steinum enn fleiri sem

virtust aðhyllast þessar viðurstyggelegu skoðanir þeirra, og aðrar náskyldar. Einn viðurkenndi ást sína á hljómsveitinni Nickelback á meðan annar rifjaði glaður í bragði upp lagið Outside með þeim Fred Durst og Aaron Lewis. Sá þriðji kvartaði sáran undan einelti í garð þessara hljómsveita, bæði á internetinu og víðar. Hvaða fólk er þetta? Látum vera ef þetta hefði komið frá íþróttadeildinni, en þetta voru meira og minna almennir fréttamenn.

Enn bíð ég eftir viðbrögðum yfirmanna minna. Handboltinn er hjá ykkur. Verður þetta virkilega látið viðgangast?

Í spilaranum



Ymsir - SG Hljómplötur
Pharrell Williams - Girls
Mono Town - In The Eye Of The Storm

TIL LEIGU



Til leigu gott 48 fm skrifstofurými á 6. hæð í Borgaratúni 30

Húsnæðið er í lyftuhúsi og skiptist í þrjár lokaðar skrifstofur með síma- og tölvutengjum, ásamt móttöku og með sér inngangi.

Aðgangur er að fundarsal sem rúmar 80 manns í sæti ásamt fullbúinni fundaraðstöðu.

Aðgangur að tækjarými og símsvörun. Sameiginleg snyrting og matar- og kaffiástaða eru á hæðinni. Húsnæðið tilvalið fyrir félagasamtök og er laust til afhendingar strax.

Upplýsingar í síma 8611449.



FAGNA ÚTGÁFU FRUMBURÐARINS Hljómsveitin Mono Town heldur tvöna útgáfutónleika í næsta mánuði en fyrsta breiðskífa sveitarinnar, In The Eye of the Storm, kom út síðastliðinn þriðjudag á geisladiski og vinyli.

MYND/HÖRÐUR SVEINSSON

Tvær milljónir manna hafa streymt plötunni

Hljómsveitin Mono Town gaf út sína fyrstu plötu, In The Eye of the Storm, á geisladiski og vinyli í vikunni. Plötunni hefur verið streymt 2 milljón sinnum á Deezer.

„Við fengum á dögnum staðfestingu á að plötunni hafi verið streymt oftar en tveimur milljón sinnum á Deezer,“ segir Börkur Hrafn Birgisson, gítarleikari hljómsveitarinnar Mono Town, en fyrsta breiðskífa sveitarinnar, In The Eye of the Storm kom út á geisladiski og vinyli í vikunni.

Hún kom þó út á streymisíðunni Deezer fyrir um tveimur mánuðum og hefur fengið frábærar viðtökur, og hefur eins og fyrr segir verið streymt yfir tveimur milljón sinnum.

„Deezer er eins og Spotify nema bara stærri á meginlandi Evrópu. Samstarf okkar við þá var mjög spennandi,“ segir Börkur Hrafn. Í kjölfarið hefur sveitin fengið athygli út um allan heim. „Við höfum ekki enn fengið uppgjör frá Deezer en við fáum greitt samkvæmt þeirra töxtum. Það sem er okkur mjög mikils virði er hins vegar það að nú er fullt af fólki út um allan heim að hlusta á plötuna. Það er rosalega

verðmætt,“ segir Börkur Hrafn spurður út í arðinn af svo miklu streymi á netinu.

Platan kom út á vegum Record Records síðastliðinn þriðjudag á geisladiski og vinyli og fæst því í öllum helstu verslunum. Hljómsveitin sá sjálf um upptökur á plötunni í Reykjavík og ferðaðist svo til New York-borgar þar sem Grammy-verðlaunahafinn Michael Brauer sá um hljóðblöndun.

Sveitin stefnir á að fara með plötuna víðar og hefur í hyggju að fara í tónleikaferðalag um Evrópu með hækkandi sól. Hljómsveitin Mono Town var stofnuð árið 2007. „Sveitin hefur verið til síðan 2007. Við byrjuðum að semja tónlist og vinna að plötunni þá en þó ekki af fullum krafti fyrr en árið 2010.“

Hana skipa bræðurnir Börkur Hrafn og Daði Birgissynir ásamt Bjarka Sigurðssyni en þeir eru allir laga- og textahöfundar sveitarinnar. Þeim til aðstoðar eru meðal annars þeir Guðmundur Óskar Guðmundsson

Deezer er eins og Spotify nema bara stærri á meginlandi Evrópu. Samstarf okkar við þá var spennandi og gáfu þeir okkur út.

Börkur Hrafn Birgisson

bassaleikari og Magnús Tryggvason Eliassen trommuleikari.

Mono Town hefur staðfest tvöna útgáfutónleika í tilefni af útgáfu plötunnar, annars vegar þann 3. apríl í Gamla Bíói í Reykjavík og hins vegar 12. apríl á Græna hattinum á Akureyri. „Á útgáfutónleikumunum verðum við með strengjasveit og kór með okkur. Við leggjum mikið í tónleikana,“ bætir Börkur Hrafn við.

Hljómsveitin ætlar einnig að spila í Lucky Records laugardaginn 15. mars. Miðasala á útgáfutónleikana fer fram á Miði.is.

gunnarleo@frettabladid.is

6.3.2014 → 12.3.2014



LAGALISTINN

1 ▲ Ed Sheeran	<i>I See Fire</i>
2 ▼ Pharrell	<i>Happy</i>
3 ▼ Pollapönk	<i>Enga fordóma</i>
4 ▲ Greta Mjöll	<i>Eftir eitt lag</i>
5 ▲ John Legend	<i>All Of Me</i>
6 ▲ Baggalútur	<i>Ég fell bara fyrir flugfreyjum</i>
7 ▼ Mono Town	<i>Peacemaker</i>
8 ▼ Rudimental / Emeli Sandé	<i>Free</i>
9 ▲ Aloe Blacc	<i>The Man</i>
10 ▲ U2	<i>Ordinary Love</i>



TÓNLISTINN

1 ► Ymsir	<i>Söngvakeppnin 2014</i>
2 ★ Midori	Mendelssohn & Bruch: Violin Concertos
3 ▲ Skálmöld og Sinfó	<i>Skálmöld og Sinfó</i>
4 ▼ Ásgeir Trausti	<i>Dýrð í dauðapögn</i>
5 ▼ Kaleo	<i>Kaleo</i>
6 ▼ Ásgeir	<i>In The Silence</i>
7 ▲ Baggalútur	<i>Mamma þarf að djamma</i>
8 ▼ Samaris	<i>Samaris</i>
9 ▲ Ymsir	<i>Hot Spring: Askja</i>
10 ▲ Ymsir	<i>This Is Icelandic Indie Music</i>

Skýringar ► Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ★ Nýtt á lista Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframléiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. [Vísir](#)

Þátttakendur í Lagalistaum Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. Verslanir í Tónlistanum Skífan, Hagkaup, Penninn/ Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.

BRJÁLUÐ...
LAGERSALA NTC

Faxafeni 10



LOKADAGAR

6 verð !!

1000 - 2000 - 3000 - 4000 - 5000 - 7000

jakkar - buxur - kjólar - skyrtur - bolir - peysur - úlpur - skór - fylgihlutir

Ekki missa af þessu !

flott merki frá verslunum NTC :

gallerisautján **Kultur** **gs skór** **FOCUS** **KARAKTER** **Kultur**
menn KONUR

COMPANYS **Deres** **SMASH** **Sparkz** **URBAN** **eva**

Opið frá kl. 11-18

+ + + OUTLET 10 + + +
merki fyrir minna

Lagersala **NTC** í Outlet 10 Faxafeni 10 - s. 578 7977

AFMÆLISBARN DAGSINS



Leikarinn William H. Macy er 64 ára í dag

Helstu myndir: Fargo, Magnolia, Boogie Nights og Pleasantville.

Sumarmyndir sem beðið er eftir

Vefsíðan Rotten Tomatoes hefur tekið saman lista yfir myndir sem starfsmenn síðunnar halda að eiga eftir að slá í gegn þegar sólin hækkar í sumar.

Vefsíðan Rotten Tomatoes hefur tekið saman lista yfir þær tíu myndir sem starfsmenn síðunnar halda að eigi eftir að gera það gott þegar hlýnar í veðri.

Í fyrstu tveimur sætunum eru ofurhetjumyndirnar X-Men: Days of Future Past og The Amazing Spider-Man 2 sem margir bíða í ofvæni eftir.

Í sjöunda sæti er myndin 22 Jump Street sem er framhald myndarinnar 21 Jump Street með þeim Jonah Hill og Channing Tatum í aðalhlutverki. Sú mynd var frumsýnd árið 2012 og var óvæntur smellur um heim allan.

- lkg

Topp 10 listinn í heild sinni

1. X-Men: Days of Future Past
2. The Amazing Spider-Man 2
3. How to Train Your Dragon 2
4. Dawn of the Planet of the Apes
5. Guardians of the Galaxy
6. Godzilla
7. 22 Jump Street
8. Neighbors
9. Transformers: Age of Extinction
10. Hercules



FRUMSÝNINGAR Ballet og bardagar

Pompeii

spenna

Frum-sýning: 14. mars

AÐALLEIKARAR Kit Harington, Carrie-Anne Moss, Emily Browning, Adewale Akinnuoye-Agbaje og Kiefer Sutherland.

Bönnuð innan 12 ára

IMDb 6,3/10

40/100

Rotten Tomatoes 24/100



Pyrnirós

ballett

Bein útsending frá London í Háskólabíói 19. mars

STJÓRNANDI: Valeriy Ovsiyanikov

AÐALHLUTVERK: Sarah Lamb og Steven McRae

Aðeins ein sýning í boði



Ástin gaf honum kjarkinn

Kvikmyndin Once Chance fjallar um söngvarann Paul Potts sem sigraði í hæfileikabáttunum Britain's Got Talent fyrir sjö árum. Hann þurfti að þola einelti í æsku en fékk kjark til að sigra þegar hann fann ástina.

Kvikmyndin One Chance er frumsýnd á Íslandi á morgun en hún er byggð á ævi söngvarans Paul Potts sem sigraði í þáttunum Britain's Got Talent árið 2007.

Áður en Paul sló í gegn var hann utangarðs í litlum iðnaðarbæ. Hann söng hástöfum öllum stundum, sem öðrum strákum í bænum þótti til efni til að leggja hann í hrottalegt einelti. Hann neyddist líka til að sitja undir háðsglósum föður síns í tíma og ótíma, sem vildi að hann færi að vinna með hinum körlunum í kolanámunum.

Þegar hann varð eldri kynntist hann stúlkunni Julie-Ann á spjallsvæði á internetinu en þau hittust fyrst augliti til auglitis í febrúar árið 2001. Þá öðlaðist Paul kjark til að elta drauminn um að þenja raddböndin á sviði. Paul og Julie-Ann gengu í það heilaga í maí árið 2003.

Það er spéuglunn og leikarinn James Corden sem fer með hlutverk Pauls, Hann er vel þekktur í Bretlandi og gerði garðinn fyrst frægan þegar hann skrifaði handritið og lék í skemmtiþáttunum Gavin & Stacey. Fyrir frammistöðu sína í þáttunum hlaut hann bresku BAFTA-verðlaunin fyrir besta gamanleik. Þá hefur hann einnig stjórnað þáttunum A League of Their Own og var kynnrir á BRIT-verðlaunahátíðinni fyrir stuttu.

Í öðrum hlutverkum eru Alexandra Roach, Julie Walters, Colm Meaney og Mackenzie Crook.

liljakatrin@frettabladid.is

IMDb 6,3/10

Rotten Tomatoes 68/100

51/100



STÓRT HLUTVERK Spéuglunn James Corden leikur Paul Potts í myndinni.



→ Stjarna er fædd

Paul Potts fór í áheyrnarprufu í hæfileikabáttunum Britain's Got Talent árið 2007 og bjóst enginn við miklu af söngvaranum. Hann söng Nessun dorma og sló vægast sagt í gegn. Dómararnir urðu steinhissa yfir röddinni sem hann bjó yfir og áhorfendur stóðu upp og klöppuðu eftir flutninginn. Horft hefur verið á atriðið á YouTube yfir 120 milljón sinnum og er það eitt af hundruð mest skoðuðu myndböndum á síðunni síðan hún var stofnuð.

Paul komst í undanúrslit í þættinum þar sem hann söng Time To Say Goodbye sem Andrea Bocelli gerði frægt. Hann komst í úrslitabáttinn eftir að hann fékk flest atkvæði almennings í sögu þáttarins. Paul söng Nessun dorma í úrslitabáttinum, bar sigur úr þytum og hlaut hundruð þúsund pund í sigurlaun.

REYKJAVÍK SÍÐDEGIS ER Í LOFTINU

ÞORGEIR, KRISTÓFER OG BRAGI
OG MÁLEFNI LÍÐANDI STUNDAR

VIRKA DAGA MILLI KL. 16:00 - 18:30



SJÓNVARP



BYLGJAN.IS



ÚTVAPPIÐ



FM 98.9

HLUSTAÐU
HVAR SEM ER,
HVENÆR SEM ER



BYLGJAN989

#BYLGJAN

BYLGJAN
989

NÝR 8BLS BÆKFLINGUR

STÚTFULLUR AF SJÓÐHEITUM FERMINGARTILBOÐUM

**SMELLTU
Á KÖRFUNA**
NETBÆKFLINGUR Á
WWW.TOLVUTEK.IS
MEÐ GAGNVIRKUM
KÖRFUHNAPP

GIGABYTE

ÞOTTUSTU TÖLVURNAR Í TÖLVUTEK

GIGABYTE EXTRA TÖLVUTILBOÐ 3

GIGABYTE EXTRA TÖLVUTILBOÐ 2

GIGABYTE 30 MONITOR TILBOÐ 2

GIGABYTE 30 MONITOR TILBOÐ 1

20" TILBOÐSPAKKI

22" TILBOÐSPAKKI

24" TILBOÐSPAKKI

ÖRYGGISVÖRN

TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

FERMINGAR TILBOÐ

STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM

Framúrskarandi
Fyrirtæki 2011-2013

**NR40
RISA
PASKAEGG**

HEPPINN FACEBOOK VENUR
VINNUR 3KG PASKAEGG
FRÍ FREY, Á!

**SENDUM
FRÍTT
ALLAR VÖRUR
TIL PASKA**

TENGDU ALLT VIÐ TÖLVUNA

TÖLVUTEK ER SITT MESTA ÖRUG LANGSOMU AF TÖLVUNARUM OG ALLT Á BETRA VERÐI

ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR

TÖLVUTEK ER SITT MESTA ÖRUG LANGSOMU AF TÖLVUNARUM OG ALLT Á BETRA VERÐI

GÆÐAMERKI Á BETRA VERÐI

TÖLVUTEK ER SITT MESTA ÖRUG LANGSOMU AF TÖLVUNARUM OG ALLT Á BETRA VERÐI

OPNUNARTÍMAR

Virka daga
10:00 - 18:30

Laugardaga
11:00 - 16:00

TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900



Birt með fyrirvara um breytingar. Innstættarvillur og myndabreytingar

LÍFIÐ

5 ný slanguryrði á enskri tungu

→ Nýjum slangurorðum er bætt við ensku slangurorðabókina í hverri viku. Hér eru fimm ný orð sem hafa skipað sér sess í enskri tungu upp á síðkastið.

1 OPP

Pýðing Óvinur, hópur fólks sem einhverjum líkar ekki við eða annarra manna eign.

Dæmi Ég þoli ekki þennan vínahóp. Hann er OPP fyrir mér.

2 Dingus

Pýðing Vitlaus eða óvarkár manneskja. Getur líka þýtt hlutur sem þú hefur ekki hugmynd um hvað er.

Dæmi Þessi gaur keyrði næstum því á mig! Þvílíkur dingus!

3 Cake

Pýðing Eitthvað sem veitir litla ánægju eða er auðvelt. Fólk getur líka notað þetta til að lýsa ánægju sinni.

Dæmi Þetta próf var svo cake!

4 Mazzled

Pýðing Ruglaður eða ringlaður. Yfirleitt notað þegar aðili er að gera marga hluti á sama tíma.

Dæmi Hvar var ég aftur? Æi, núna er ég mazzled.

5 Wax the carrot

Pýðing Að stunda sjálfsfróun.

Dæmi Hún var inni í herbergi waxing the carrot.



MÓÐINS Kendall hefur setið mikið fyrir upp á síðkastið og gekk meðal annars tískupallana fyrir Chanel og Givenchy á nýafstaðinni tískuviku í París.

BREYTTU GALLAJAKKANUM Í ANDA KENDALL

Auðvelt er að herma eftir stíl fyrirsætunnar Kendall Jenner í nokkrum, einföldum skrefum.

Fyrirsætan Kendall Jenner er á hraðri uppleið í tiskubransanum en hún er hálsystir Kardashian-systranna Khloé, Kim og Kourtney.

Kendall spókaði sig í Beverly Hills fyrir stuttu í reffilegum gallajakka sem var ansi snjádur og með götum á olnbogunum. Lítið mál er að breyta gömlum eða nýjum gallajakka til að líkjast þeim sem Kendall er í á meðfylgjandi mynd og er flíkin tilvalin fyrir sumarið – ef það kemur einhvern tímann.

- 1 Teiknið göt sem ykkur finnst passleg á olnbogasvæði gallajakkans með hvítu krít.
- 2 Takið ykkur skæri í hönd og klippið eftir krítarlínunum.
- 3 Togið í hvítu þræðina sem liggja lárétt við sárið. Hægt er að nota nálg til að losa þá ef þeir eru of þéttir. Stærð gatsins verður meiri eftir því sem togað er í fleiri þræði.
- 4 Takið bláu þræðina sem liggja lóðrétt við sárið úr gatinu þannig að þeir séu áberandi. Gott er að nota plockkara eða flísatöng við þann verknað.
- 5 Takið rifjárn eða sandpappír og farið yfir vasa, hálmál og ermálninguna á jakkanum. Þá virðist hann notaður.
- 6 Dýfið svampi í bleikiefni og nuddið því varlega í kringum götin á jakkanum.
- 7 Setjið jakkann í þvottavél. Þvotturinn mun valda enn meiri trossun í jakkanum.
- 8 Leyfið jakkanum að þorna og skellið ykkur út til að sýna ykkur og sjá aðra!



SÁTTAR STELPUR

Hönnuðir óskabeinsins f.v. Laufey Rut Guðmundsdóttir, Guðný Ósk Karlsdóttir, Jóna Kristín Benediktsdóttir, Helga Hauksdóttir og Ólöf Marý Waage Ragnarsdóttir

MYNDEINKASAFN

Borðuðu kjúkling í öll mál í heila viku

Fimm stúlkur í Verzlunarskóla Íslands hönnuðu hálsmen með óskabeini, sem þær selja til styrktar Krabbameinsféluginu. Langan tíma tók að finna rétt bein.

„Við ákváðum að við vildum framleiða hálsmen og vissum alltaf frá upphafi að Við ætluðum að styrkja gott málefni. Við heilluðumst af óskabeininu sem er nú er búið að vera í tisku úti í Ameríku,“ segir Helga Hauksdóttir en hún ásamt Laufeyju Rut Guðmundsdóttur, Jónu Kristínu Benediktsdóttur, Guðnýju Ósk Karlsdóttur og Ólöfu Marý Waage Ragnarsdóttur stofnaði fyrirtækið Infinity í frumkvöðlafræði sem er áfangi sem þær eru saman í í Verzlunarskóla Íslands.

Í frumkvöðlafræðinni mega nemendur gera það sem þá langar til, hvort sem það er að framleiða vöru sjálfir, panta hana að utan, eða fara út í nánast hvað sem er sem fellur undir frumkvöðlastarfsemi. „Óskabeinið er smíðað úr silfri hjá Gull- og silfursmíðjunni Ernu og þykir okkur það einstaklega fallegt. Við erum stolt að segja frá því að allur ágóði mun renna óskiptur til Krabbameinsfélagsins,“ útskýrir Helga. Einn meðlimur hópsins missti pabba sinn úr krabbameini fyrir tveimur árum og því er þetta verkefni stúlkunum hjartans mál. „Við munum leggja okkur allar í að vinna verkefnið eins vel og við mögulega getum.“

Óskabein finnst í fuglum og hjálpar þeim að standast álag af fluginu. Þær borðuðu kjúkling í öll mál til þess að finna alvöru óskabein sem þær vildu nota sem mót fyrir gripinn og tókst það á endanum. „Daginn eftir að við höfðum fundið rétta óskabeinið, fórum við með það til gullsmíðsins. Hann hringdi svo í okkur skömmu síðar en þá hafði hundur eyðilagt beinið og við þurftum að afhenda nýtt bein. Þá fórum við í að

„Daginn eftir að við höfðum fundið rétta óskabeinið fórum við með það til gullsmíðsins. Hann hringdi svo í okkur skömmu síðar en þá hafði hundur eyðilagt beinið og við þurftum að afhenda nýtt bein. Þá fórum við í að finna nýtt bein sem heppnaðist líka svona vel.“

finna nýtt bein sem heppnaðist líka svona vel.“

Þá tók við bið eftir frumgerðinni. „Þegar við höfum séð hana vissum við að þetta yrði flottur gripur og þá hófst leitinn að keðjum og umbúðum,“ bætir Helga við. Þær hönnuðum og framleiddu umbúðirnar sjálfar og tók sú vinna rúman mánuð. „Við gætum ekki verið sáttari með útkomuna.“

Hægt er að fjárfesta í einu slíku á fébókar síðu stúlkanna undir nafninu Óskabein.

gunnarleo@frettabladid.is



ÓSKABEINIÐ FAGURT ER

Frumkvöðlafræðin er ákaflega hagnýt

Í Verzlunarskóla Íslands þurfa nemendur á viðskipta- og hagfræðisviði í 6. bekk að taka þátt í verkefni sem nefnist Ungir frumkvöðlar, og fellur það undir áfangann rekstrarhagfræði hjá nemendum á viðskiptabraut en þjóðhagfræði hjá hagfræðasviðinu.

„Við ákváðum að framleiða skartgrip, og nota jafnframt íslenska framleiðslu. Við erum fimm bestu vinkonur og því margar skoðanir og margir möguleikar sem koma til greina, en að lokum varð þetta niðurstaða okkar, óskabeinið. Við munum halda fyrirtækinu gangandi fram í apríl, en þá eigum við að skila árskýrslu. Þetta verkefni er mjög krefjandi en jafnframt fram í apríl, en þá eigum við að skila árskýrslu. Þetta verkefni er mjög krefjandi en jafnframt fram í apríl, en þá eigum við að skila árskýrslu. Þetta verkefni er mjög krefjandi en jafnframt fram í apríl, en þá eigum við að skila árskýrslu. Þetta verkefni er mjög krefjandi en jafnframt fram í apríl, en þá eigum við að skila árskýrslu.“ segir Helga Hauksdóttir og bætir við að áfanginn sé ákaflega hagnýtur.

Spænskir dagar

Laugardaginn 15. mars í Kringlunni

Kynntu þér ótal ferðamöguleika Úrvals Útsýnar til Spánar

Spænskur ferðadagur verður haldinn á Blómatorginu í Kringlunni laugardaginn 15. mars frá klukkan 11 til 17. Skemmtiatriði fyrir alla fjölskylduna og eitthvað gott fyrir bragðlaukana.



ALMERÍA



PIERRE VACANCES
FRÁ **79.900** KR.

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn.
Verð 99.800 kr. m.v. tvo fullorðna.

ALBÍR



ALBIR PLAYA
FRÁ **89.900** KR.

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn.
Verð 103.680 kr. m.v. tvo fullorðna.

COSTA BRAVA



COSTA ENCANTADA
FRÁ **95.900** KR.

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn.
Verð 127.900 kr. m.v. tvo fullorðna.

TENERIFE



PARQUE DE LAS AMERICAS
FRÁ **95.900** KR.

á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn.
Verð 111.799 kr. m.v. tvo fullorðna.

MADEIRA



ALTO LIDO
FRÁ **159.900** KR.

á mann m.v. tvo fullorðna.



NÝR SUMARBÆKLINGUR

Skannaðu kóðann til að skoða nýja bæklinginn okkar, eða farðu á uu.is/sumar

Komdu við hjá okkur í Hlíðasmára 19, Kópavogi og nældu þér í eintak.



Miley stælir stjórnur

Söngkonan Miley Cyrus er nú á sínu fjórða tónleikaferðalagi sem heitir einfaldlega Bangerz, eins og platan sem hún gaf út í fyrra. Tónleikaferðalagið hófst í Kanada um miðjan febrúar og lýkur í júní í Barcelona á Spáni. Miley klæðist ýmsum, litríkum dressum á ferðalaginu og sækir greinilega innblástur í fyrirmyndir sínar í poppmenningunni, til dæmis Madonnu og Britney Spears.



EFNISLÍTIÐ Söngkonan klæðist efnislitlu, hvítu bandadressi á Bangerz-ferðalaginu en það dress er mjög svipað því sem Britney Spears klæddist á tónleikaferðalaginu Femme Fatale árið 2011.

UMDEILDAR Miley er þekkt fyrir að vera ansi djörf á sviði eins og söngkonan Madonna var á tónleikaferðalagi sínu Blond Ambition árið 1990.



KANKVÍS MED KLAUF Rauði kjóllinn hennar Miley minnir um margt á þann sem Jessica Rabbit klæddist oft.

BUXNABOMBUR Christina Aguilera gerði þetta lúkk frægt um svipað leyti og plata hennar stripped kom út árið 2002. Nú hefur Miley fetað í fótspor hennar.



ÓÐUR TIL GUÐMÓÐURINNAR Miley hefur eflaust horft oft á kvikmyndina The Best Little Whorehouse in Texas frá árinu 1982 enda leikur guðmóðir hennar, kántrísöngkonan Dolly Parton, aðalhlutverkið.



GÓÐ HUGMYND „Kannski þarf kynfræðsla í myndarherferð.“ NORDICPHOTOS/GETTY

Kynfræðsla er of lítil

Stundum líður mér eins og ég sé að röfla í poka. Á hverjum einasta degi sinni ég kynfræðslu í einhverri mynd, hvort sem það er með beinum fyrirlestri, svari við spurningu í tölvupósti eða með pistlaskrifum. Hvert sem ég fer og blaðra um kynfræðslu þá jánka allir viðmælendur mínir og við erum öll á einu máli, kynfræðslan er of lítil og hún er alltof alls konar. Kennarar segja hana þurfa að vera meiri því krakkar vilji vita meira. Krakkar segja hana verða vera meiri því þeir viti ekki neitt. Foreldrar lenda svo einhvers staðar þarna á milli. En hver á að tala um hvað og við hvern, og hvenær?

Allir eru sammála um að klám hafi of mikil ítök í kynhegðun og bregðast þurfi við því ástandi. Meira að segja ráðamenn þjóðarinnar viðurkenna að þetta sé vandamál. Ég hef reyndar greint þetta vandamál og lýst því hvernig það birtist í kynhegðun sem ég reyni að útskýra fyrir krökkunum að gangi hreinlega ekki upp. Dæmi um það er standandi „69“. Hvern með réttu ráði langar að setja lim sinn upp í manneskju sem er á hvolfi og mun eflaust falla í yfirlíð? Hvar endar limurinn þá? Jú, fastur kyrfilega á milli tannanna á meðvitundarlausum bólfélaga. Þetta segir sig bara sjálft, en samt ekki miðað við sumar spurningar sem ég fæ.

En hvað skal þá gera þegar allir eru sammála um vandamálið og lausnin blasir við? Ekkert. Við skulum ekki gera neitt. Bara vona að fólk læri þetta með tíð og tíma, því jú einhvern veginn náðum við að þreifa okkur áfram í myrkrinu

og þetta hafðist á endanum. Var ekki markmiðið annars fullnæging?

Kannski þarf kynfræðsla í myndarherferð sem byggir á gömlu góðu hræðsluáferðinni. Kannski þarf ég að búa til auglýsingu þar sem kynfæra-vörtusýkt kynfæri skjótast upp á tölvuskjáinn þegar þú átt síst von á. Ég var alin upp á tímum þar sem slagorðið „Ekki gera ekki neitt“ kíkti stundum inn um lúguna og markaði upphafið á rúntinum niður Laugavegin. Fyrir mér mætti húðflúra þetta á suma ráðamenn. En það er önnur saga.

Þú spyrð væntanlega, hvað skal til bragðs taka? Jú, við þurfum skipulag og ég er búin að teikna þetta allt saman upp. Ég er búin að teikna upp hvernig Ísland getur brugðist við þessu, rétt úr klamydíukútnum og hætt að leggja aðra í einelti vegna kynhneigðar og kynhegðunar. Þó ég sé ágæt þá er ég ekki svarið í þessu máli heldur sérfræðingarnir sem eru á hverju strái. Þá þarf að húa saman í fallegan, skipulagðan fræðslupakka. Það besta við þetta er að það er hægt! Þetta er mögulegt! Ef við bara nenum. Segjum stopp, hingað og ekki lengra; hættem að tala um víðar þíkur, druslur, bragðgæði sæðis og of lítil typpi. Kennum kynheilbrigði og byrjum núna, strax. Menntamálaráðherra, þú veist hvar mig er að finna.

KYNLÍF TAKTU ÞÁTTI!

Sendu Sigu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu. kynlif@frettabladid.is



Fitulítill og próteinrík...

... og passar með öllu



www.ms.is

DEBENHAMS

HR
HELENA RUBINSTEIN

POWER BEAUTY
SINCE 1902

SURREALIST
EVER FRESH

FYRSTI MASKARINN OKKAR SEM ÞORNAR EKKI UPP
HRÍFANDI AUGNHÁR FRÁ FYRSTA TIL SÍÐASTA NOTKUNARDAGS



DAG EFTIR DAG:

ÞYKKIR MIKID
GRAFÍSK LENGD
MIKILFENGLEG SVEIGJA
DRAUMUR AÐ NOTA

HELENA RUBINSTEIN KYNNING Í DEBENHAMS 13. – 19. MARS.

20% KYNNINGARAFSLÁTTUR AF PRODIGY
KREMLÍNUNNI OG SURREALIST MASKARANUM.



KAUPAUKINN* ÞINN:

- Þegar þú kaupir 2 HR vörur.
eða
- Þegar þú kaupir HR krem, en þá færðu
að auki 15 ml andlitskrem að eign vali.



*Gildir á kynningunni meðan biggðir endast. Einn kaupauki á vöskjuþávin. Gildir ekki með Nudir eða býðnum.

 Finndu okkur á facebook

*Gerðu lífið
skemmtilegra*

DEBENHAMS – SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

SAMBIO.IS

FRÁ FRAMLEIÐANDANUM ZACK SNYDER, LEIKSTJÓRA 300 OG MAN OF STEEL 16

NON-STOP 12

GAMLINGINN 12

ALFABAKKA

300: RISE OF AN EMPIRE 3D	KL. 5:40 - 8 - 10:20	16
300: RISE OF AN EMPIRE VIP	KL. 5:40 - 8 - 10:20	16
SAVING MR. BANKS	KL. 5:20 - 8 - 10:40	12
NON STOP	KL. 5:40 - 8 - 10:20	12
WINTER'S TALE	KL. 10:20	12
GAMLINGINN	KL. 8	12
I, FRANKENSTEIN	KL. 10:30	12
HR. PÍBODY OG SÉRMANN	KL. 5:50	12
THE LEGO MOVIE	KL. 5:50	12
THE LEGO MOVIE	KL. 8	12

EGILSHÖLL

300: RISE OF AN EMPIRE	KL. 8 - 10:20	2D: 5:50	16
GRAVITY 3D	KL. 5:50	12	
NON STOP	KL. 5:40 - 8 - 10:20	12	
GAMLINGINN	KL. 10:20	12	
I, FRANKENSTEIN	KL. 10:20	12	
HR. PÍBODY OG SÉRMANN	KL. 5:50	12	
LÍFSLEIKNI GILLZ	KL. 8	12	

KRINGLUNNI NÚMÉRUD SÆTI

300: RISE OF AN EMPIRE	KL. 5:40 - 8 - 10:20	16
NON STOP	KL. 10:40	12
GAMLINGINN	KL. 5:30 - 8 - 10:30	12
12 YEARS A SLAVE	KL. 5:20 - 8	16

KEFLAVÍK

300: RISE OF AN EMPIRE	KL. 8 - 10:20	16
NON STOP	KL. 8	12
3 DAYS TO KILL	KL. 10:20	12

AKUREYRI

300: RISE OF AN EMPIRE	KL. 8 - 10:20	16
SAVING MR. BANKS	KL. 8	12
NON STOP	KL. 10:40	12
GAMLINGINN	KL. 5:30	12
THE LEGO MOVIE	KL. 5:50	12

SAMBIO.IS

SMÁRA BÍÓ HÁSHÓLA BÍÓ

ENTERTAINMENT WEEKLY 16

3 DAYS TO KILL

SAVING MR. BANKS

SMÁRA BÍÓ

300: RISE OF AN EMPIRE 3D	KL. 5:40 - 8 - 10:20	16
300: RISE OF AN EMPIRE 3D LÚDUS	KL. 5:40 - 8 - 10:20	16
ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS ÍSL. TAL. 2D	KL. 3:30 - 5:45	12
ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS ÍSL. TAL. 3D	KL. 3:30 - 5:45	12
THE MONUMENTS MEN	KL. 8 - 10:35	12
RIDE ALONG	KL. 5:45 - 8 - 10:15	12
ROBOCOP	KL. 8 - 10:35	12
SKYJAD MED KJÓTBOLLUM 2D	KL. 3:30	12

HÁSHÓLA BÍÓ

SAVING MR. BANKS	KL. 6 - 9	12
ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 2D	KL. 5:50	12
ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 3D	KL. 5:50	12
3 DAYS TO KILL	KL. 8 - 10:30	12
THE MONUMENTS MEN	KL. 8 - 10:30	12
NYMPHOMANIAC PART 1	KL. 8 - 10:30	16
AUGUST OSAGE COUNTY	KL. 5:30	12

BORGARHÓLA BÍÓ NÁNAR Á MIÐLIS

3 DAYS TO KILL	KL. 8 - 10:30	12
ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 3D	KL. 6	12
THE MONUMENTS MEN	KL. 10:10	12
RIDE ALONG	KL. 6 - 8	12

Miðasala á: midi.is og eMiði

LAUGARÁS BÍÓ

3 DAYS TO KILL

THE MONUMENTS MEN

RIDE ALONG

ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 3D

DALLAS BUYERS CLUB

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
3 DAYS TO KILL	8, 10:20
THE MONUMENTS MEN	8, 10:25
RIDE ALONG	6, 10:25
ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 3D	6
DALLAS BUYERS CLUB	5:45, 8



Á UPPLÉIÐ Lupita er ein skærasta stjarna heims um þessar mundir.

Deitar rappara

Óskarsverðlaunahafinn Lupita Nyong'o hefur verið að deita sómálka rapparann K'Naan síðan í september samkvæmt heimildum tímaritsins Us Weekly.

K'Naan á tvo syni með fyrrverandi konu sinni, Deqa Warsame, en að sögn vina Lupitu fara þau K'Naan hægt í sakirnar.

„Hún hefur ekki hitt börnin hans,“ segir vinur Lupitu sem hlaut Óskarinn fyrir stuttu fyrir leik sinn í kvikmyndinni 12 Years a Slave.

Práin eftir leyndardómum

BAKPANKAR EITT hef ég lært. Mannskepnan býr yfir Bergs Ebba Benediktssonar



HEIMURINN er þó enn fullur af leyndardómum. Við vitum ekki einu sinni fyrir víst af hverju kettir mala. En það er önnur saga.

EN PÓ þrá mannsins eftir vitneskju sé óumdeild þá er þráin eftir leyndardómum jafnvel enn sterkari. Þetta virkar þversagnarkennt, en gefum þessu séns.

PRÁTT fyrir að vera alinn upp af vísindalega þenkjandi fólki þá hverfdu allar sögurnar sem ég heyrði í barnæsku um leyndar-

dóma. Allt var gert að leyndardómi: týndir lykjar, opnunartími banka, heimsókn frá ættingjum. Þegar hverfisbúðin fór á hausinn (líklega vegna þess að keðjur eins og Bónus voru að ryðja sér til rúms) var það presenterað eins og ráðgáta. Eins og líklegri skýring væri að eigandi búðarinnar væri haldinn illum anda eða að einhver úr hverfinu hefði móðgað hann. Engum datt í hug að spyrja eigandann. Það hefði skemmt leyndardóminn.

VIÐ þráum leyndardóma. Stundum hjálpa þeir okkur að sættast við erfið skilyrði. Í fleiri áratugi var verðbólga, hátt vöruverð og háir vextir leyndardómur íslensks samfélags. Eitthvað sem ekki var hægt að gera neitt í. Nú vitum við flest að okkar litla efna-hagskerfi með sína handstýrðu örmynt, sem verndar fyrst og fremst sérhagsmunahópa og braskara, er um að kenna. Verðbólgan er ekki meiri leyndardómur en það.

ÉG er undir sömu sök seldur. Stundum finnst mér heimurinn of upplýstur. Ég þrái leyndardóma, leyndardóma sem vekja upp ímyndunarflið, sefa hugann og syngja mig í svefn. Ég þrá þá jafn mikið og hver annar.

Ekkert ballbann í Borgó

Borgarholtsskóli hefur á undanförunni ári endurskipulagt dansleikjamál skólans. Einungis tíu tilvik um ölvun komu upp á 700 manna dansleik fyrir skömmu. Ásta vill samræma reglur í tengslum við áfengisneyslu.

„Við viljum koma því til skila að okkar skipulag hefur komið mjög vel út og viljum að svipuðu skipulagi verði komið á í fleiri skólum,“ segir Ásta Laufey Aðalsteinsdóttir, framhaldsskólakennari og forvarna- og félagsmálafulltrúi Borgarholtsskóla. Borgarholtsskóli hefur endurskipulagt dansleikjamál skólans og hefur nýja skipulagið komið ákaflega vel út á þessu skólaári. „Á árhátíðinni hjá okkur var húsið opnað klukkan 19.00 og húsinu var lokað klukkan 20.30. Nemendur fengu ekki að fara út og koma aftur inn eftir klukkan 20.30. Þetta gerir það að verkum að nemendur eru ekki að fara í parti á milli matar og balls til þess að drekka áfengi,“ útskýrir Ásta Laufey.

Það hefur tíðkast í sumum skólum, og þá helst á árhátíðum skólanna, að nemendur mæta í matinn og fara svo í parti þar sem gjarnan er drukkið eins mikið magn áfengis og hægt er fyrir ballið, sem hefst síðar sama kvöld. Það verður til þess að nemendur mæta gjarnan mjög drukkni og við vitum öll hverjir fylgifiskar ofneyslu áfengis geta verið, líkt og ofbeldi og önnur brot.

Aðstandendur dansleikja í Borgarholtsskóla nota áfengismæla til þess að láta þá blása sem grunaðir eru um ölvun. „Við byrjuðum að nota áfengismæla árið 2009 og notuðum þá mjög mikið. Þá var fólk látið blása þegar það mætti á ballið. Við lentum í þeim vandræðum að sjúkrahverbergið varð fullt af fólki,“ segir Ásta Laufey. Í dag eru þeir sem grunaðir eru um ölvun látnir blása. „Það voru fimm nemendur á árhátíðinni sem voru látnir blása og þá var hringt í foreldra þeirra og nemandurnir sóttir. Ef upp kemst um ölvun nemenda á balli hjá okkur fær sá aðili ekki aðgang að næsta balli,“ útskýrir Ásta Laufey.

Hún segir ástandið aldrei hafa verið eins gott og í vetur í



GAMAN SAMAN Hér er Ásta Laufey Aðalsteinsdóttir önnur frá hægri, og Guðný María Jónsdóttir önnur frá vinstri, með hressa nemendur með sér. Þær eru félagsmálafulltrúar Borgarholtsskóla ásamt Sigurði Póri Þorsteinssyni.

Borgarholtsskóla. „Á busaballinu í haust komu upp tíu tilvik á 700 manna balli. Það voru svo bara fjórir einstaklingar með vesen og voru þeir aðilar ekki einu sinni í skólum.“

Borgarholtsskóli kaupir öryggisgæslu hjá fyrirtækinu Go Security og ber því vel sögunu. „Starfsmenn fyrirtækisins hafa flestir reynslu og hafa margir hverjir unnið í tengslum við áfengisráðgjöf. Þeir fylla út skýrslu með upplýsingum um ölvæða einstaklinginn. Foreldrar barnanna kvitta svo undir þegar þeir sækja ölvæða einstaklinginn. Eins og fyrir segir fær sá aðili ekki aðgang að næsta balli.“ Ásta Laufey vill gjarnan að

fleiri skólar taki upp skipulag Borgarholtsskóla og banni partíin sem eru á milli matar og balls á árhátíðum og biðji foreldra vinsamlega um að leyfa ekki eftirlitslaus partí í kringum skólaböllin. „Margir foreldrar unglunga hafa áhyggjur af því að börnin þeirra hefji áfengisdrökkju í framhaldsskóla. Við viljum minnka líkurnar á því að það gerist og halda þeim góða árangri sem náðst hefur í grunn-skólum og samræma reglur í framhaldsskólum í tengslum við áfengisneyslu,“ segir Ásta Laufey og bætir við að ástandið hafi ekki alltaf verið svona gott í Borgarholtsskóla.

gunnarleo@frettabladid.is

Ölvun nemenda á skólaböllum er mikið vandamál

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær hafa stjórnendur Menntaskólans við Sund sett á dansleikjabann. „Ástæðan fyrir þessu dansleikjabanni er að okkur hefur fundist hlutirnir ekki hafa gengið nógu vel og það hefur verið allt of mikið um ölvun,“ sagði Már Vilhjálmsson, rektor Menntaskólans við Sund, í viðtali við Fréttablaðið. Mikil drykkja og önnur brot á árhátíð MS sem fram fór í Gullhömrum fyrir skömmu fylltu mælinn og hefur því verið sett á svokallað dansleikjabann.

BÍÓ PARADÍS EUROPA CINEMAS

3 BEST PICTURE

THE CONGRESS

INSIDE LLEWYN DAVIS

DARK TOUCH

SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

Kjúklingaréttur og bragðgóð berjabaka

Dröfn Vilhjálmstöttir heldur úti matarblogginu Eldhússögur og deilir tveimur uppskriftum með lesendum Fréttablaðsins. Annars vegar uppskrift að einföldum kjúklingarétti með sætkartöflumús og hins vegar eftirrætti sem gleður í þessu grámyglulega veðri.

Stökk berjabaka með vanillusósu

- 500 g frosin berjablanda
- 1 dl sykur
- 2 msk. kartöflumjöl
- 100 g smjör
- 1 1/2 dl hveiti
- 1 dl haframjöl
- 1 dl kókosmjöl
- 1 dl púðursykur eða sykur
- 1/2 tsk. lyftiduft
- 1 tsk. vanillusykur

Ofn hitaður í 200 gráður. Byrjað er á því að þíða berin og setja þau í eldfast mót. Því næst er sykur og kartöflumjöl stráð yfir. Kókosmjöl og haframjöl ristað á þurri pönnu í stutta stund þar til það hefur tekið smá lit. Smjör brætt í potti og kókosmjöli, haframjöl, púðursykri,

lyftidufti og vanillusykri blandað út í. Blöndunni er síðan dreift jafnt yfir berin. Bakað í ofni við 200 gráður í 20-30 mínútur eða þar til bakan hefur tekið góðan lit. Borið fram með þeyttum rjóma, ís eða vanillusósu.

Vanillusósa

- 1 vanillustöng
- 4 dl mjólk
- 1 dl sykur
- 4 eggjarauður
- 1 tsk. maizenamjöl eða kartöflumjöl
- 2 dl þeyttur rjómi (mældur eftir að hann er þeyttur)

Eggjarauður, sykur og maizenamjöl (eða kartöflumjöl) þeytt vel saman þar til blandan verður létt og ljós. Á meðan er vanillustöngin klofin og

fræin skafin innan úr henni. Mjólk sett í pott ásamt vanillufræjunum og sjálfri vanillustönginni. Mjólkinn látin ná suðu (má ekki brenna við botninn), potturinn tekinn af hellunni og látinn standa í nokkrar mínútur til að kólna lítillega. Vanillustöngin veidd upp úr. Þegar eggjablandan er tilbúin er henni blandað út í mjólkina. Potturinn er settur aftur á helluna við meðalhita og hrært í á meðan þar til að blandan þykkar og verður fremur kremkennd. Blandan má alls ekki sjóða og ef maður vill er hægt að fylgjast með henni með hitamæli, hitinn má ekki fara yfir 74 gráður. Þegar sósan er passlega þykk er hún tekin af hellunni og látin kólna alveg áður en þeytta rjómanum er bætt út í. Borin strax fram með heitri berjabökunni. Illjakatrin@frettabladid.is



→ Dröfn er gift fjögurra barna móðir. Hún er geislafræðingur og með meistaragráðu í bóka-safns- og upplýsingafræði.



Kjúklingur í satay-sósu með sætkartöflumús

- 700 g kjúklingur (ég notaði úrbeinuð læri frá Rose Poultry), skorinn í bita smjör eða olía til steikingar
- 1 dós satay-sósa (440 g)
- 1 stór rauð paprika, skorin í bita
- 1 meðalstór rauðlaukur, saxaður smátt
- 100 g ferskt spínat
- 150 g fetaostur í olú
- ca. 1 dl salthnetur, grófsaxaðar

Laukur og paprika steikt á pönnu þar til laukurinn er orðin mjúkur. Þá er kjúklingnum bætt út á pönnuna og hann steiktur þar til bitarnir hafa brúnast. Því næst er sósunni bætt út á pönnuna og látið malla í 15 mínútur. Þá er spínatinu

hrært út í og látið malla í 5 mínútur til viðbótar. Áður en rétturinn er borinn fram er fetaosti (án olunnar) og salthnetum dreift yfir. Borið fram með sætkartöflumús.

Sætkartöflumús

- ca. 800 g sætar kartöflur
- 3 msk. smjör
- salt & pipar
- chili-flögur (ég notaði chili explosion krydd)

Sætu kartöflurnar eru afhýddar og skornar í bita. Bitarnir eru því næst soðnir í 10-15 mínútur eða þar til kartöflurnar eru soðnar í gegn. Þá eru þær stappaðar saman við smjör og krydd í potti við lágan hita.

BÍÓ ★ PARADÍS

ÞÝSKIR KVIKMYNDADAGAR

13-23 mars 2014

GOETHE-INSTITUT
Embassy of the Federal Republic of Germany Reykjavik

WETLANDS FEUCHTGEBIETE

EIN UMTALADASTA MYNDIN Á SUNDANCE, FRÖKK, BLAUT & ÆVINTÝRALEG

TWO LIVES ZWEI LEBEN

GAGNRÝNENDUR HALDA EKKI VATNI YFIR LIV ULLMAN Í ÞESSARI STÓRBROTNU MYND SEM VAR Í FORVALI TIL ÓSKARS-VERÐLAUNANNA Í ÁR SEM BESTA ERLENDA KVIKMYNDIN

NOTHING BAD CAN HAPPEN TORE TANZT

VAKTI GRÍÐARLEGA ATHYGLI Á CANNES, ÓVÆGIN & DRAMATÍSK, SEGIR FRÁ JESÚPÖNKARA SEM KEMST Í HANN KRAPPANN HJÁ FJÖLSKYLDUFÖÐUR Í HJÓLANÝSAHVERFI

I FEEL LIKE DISCO ICH FÜHL MICH DISCO

TREGI, GLEÐI & FÁRÁNLEIKI

FORGET ME NOT VERGISS MEIN NICHT

TAPAD MINNI - FUNDIN ÁST

ÞÝSKIR KVIKMYNDADAGAR

13-23 mars 2014

GOETHE-INSTITUT

Embassy of the Federal Republic of Germany Reykjavik

Official Selection Montreal WORLD FILM Festival 2013

Official Selection Locarno International Film Festival 2012

Framtíðin óráðin hjá Teiti Örlýgssyni

KÖRFUBOLTI Það er óvissa með framhaldið hjá þjálfaranum litríka Teiti Örlýgssyni.

Hann er að klára sitt síðasta tímabil hjá Stjörnunni og hefur upp á síðkastið verið sterklega orðaður við uppeldisfélag sitt, Njarðvík, en það er í leit að nýjum þjálfara þar sem Einar Árni Jóhannsson er að hætta með liðið.

„Ég veit ekki hvað ég geri. Ég get alveg viðurkennt að mig er farið að langa í smá frí en ég þori samt ekki að lofa neinu á þessum tímamarki,“ segir Teitur, en hann hefur heyrt frá Njarðvíkingum.

„Ég vil ekki lýsa því yfir að ég ætli að taka mér frí ef það gengur síðan ekki eftir. Þá hljóma ég eins og alþingismennirnir okkar. Ég mun bara skoða þessi mál í rólegheitum eftir tímabili.“

- hbg



Pór og KR fundu lausn á Farid-málinu

FÓTBOLTI Tógómaðurinn Farid Zato mun eftir allt sem á undan er gengið síðustu daga leika með KR í Pepsi-deildinni í sumar en Íslandsmeistararnir í samvinnu við Þórsara sendu frá sér sameiginlega yfirlýsingu í gær sem í stóð:

„Félögin hafa átt í viðræðum undanfarna daga um lausn málsins og er niðurstaða þeirra að leikmaðurinn semji við KR og verði leikmaður þess á komandi sumri. Viðræðurnar fóru fram í fullri vinsemi félaganna.“

Málið hófst þegar inn á borð til KSÍ komu samningar undirritaðir af

Farid frá bæði Þór og KR með beiðni um félagaskipti. Harðbannað er samkvæmt lögum KSÍ og FIFA að undirrita samninga við tvö lið eða fleiri en í grein 8,2 í regluverki KSÍ segir:

„Leikmann, sem gerir samninga við fleiri en eitt félag sem ná yfir sama tímabil, má setja í keppnisbann af framkvæmdastjóra KSÍ þar til málið hefur verið leyst.“

Málið virðist nú leyst, svo framarlega sem Farid hefur sjálfur samþykkt að fara í KR en félögin geta augljóslega ekki tekið þá ákvörðun fyrir hann.

- tom



FURÐULEGT Mál Farids er sérstakt en lausn er fundin. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



SÖGULEGT Erna Friðriksdóttir sést hér eftir svigkeppnina í gær. MYND/ÍFJÓN BJÖRN

Erna níunda

ÓL 2014 Erna Friðriksdóttir varð í gær fyrst íslenskra kvenna til þess að ljúka keppni í alþingisgreinum á Vetrarólympíuleikum fatlaðra þegar hún hafnaði í 9. sæti í svigkeppni sitjandi kvenna í Sotsjí. Erna datt reyndar í seinni ferðinni sinni en fór ekki úr braut og komst í markið.

- 66j



MIKILVEGT MARK Lionel Messi og Cesc Fabregas fagna fyrsta marki Barca á Nývangi í gær. MYND/AF

Meistaradeildin

BARCELONA - MAN. CITY 2-1
1-0 Lionel Messi (67.), 1-1 Vincent Kompany (89.), 2-1 Dani Alves (90.+1). Pablo Zabaleta fékk sitt annað gula spjald á 78. mínútu. Barcelona í átta liða úrslit sjöunda árið í röð.

Barcelona vann samanlagt 4-1

PSG - BAYER LEVERKUSEN 2-1
0-1 Sidney Sam (6.), 1-1 Marquinhos (13.), 2-1 Ezequiel Lavezzi (53.).

PSG vann samanlagt 6-1

visir.is

Frekari umfjöllun um Meistaradeildina

Allt annar Pavel í númer 15

Pavel Ermolinski hefur sett ófá þrennum á þessu tímabili en það er mikill munur á frammistöðu leikstjórnanda deildarmeistara KR-liðsins eftir því í hvaða númeri hann spilar.

FÓTBOLTI Pavel Ermolinski hefur sett nýtt met í úrvalsdeild karla með því að ná sjö þrennum í Dominos-deild karla í vetur en um leið var hann einnig fyrstur til að ná þrennu í þremur leikjum í röð og sá sem nær þrennum með fæstra daga millibili. Hver þrenna kappans tryggir honum ennfremur enn betri stöðu í efsta sæti listans yfir flestar þrennur í sögu úrvalsdeildar karla en þær eru núna orðnar fimmtán.

Það sem vekur þó mikla athygli er gríðarlegur munur á framlagi Pavels Ermolinskij eftir því hvort hann spilar í sínu uppáhaldsnúmeri, fimmtán, eða treyju númer nú þegar hann gaf Martin Hermannssyni eftir treyju númer fimmtán og fékk hans treyju í staðinn.

Báðir vilja þeir Pavel og Martin spila í treyju fimmtán eins og Fréttablaðið fjallaði um fyrr í vetur og komust þeir að samkomulagi um að skipta við hvern tapleik. Tapleikirnir hafa aðeins verið tveir, í bikarnum á móti Njarðvík í nóvember og í deildinni á móti Grindavík í fyrsta leik ársins 2014. Pavel skipti því úr fimmtán í níu í nóvember og svo úr níu í fimmtán í janúar.

Þegar tölfræði Pavels í deildinni er skoðuð eftir því í hvaða treyju hann spilar kemur í ljós gríðarlegur munur á framlagi hans og í raun hefur Pavel verið á rosalegri siglingu eftir að hann komst aftur í treyju fimmtán.

Pavel hefur verið með þrennu í síðustu þremur leikjum sínum og er með þrennu að meðaltali í undanförunum fimm leikjum (14,6 stig – 11,2 fráköst – 11,2 stoðsendingar). KR hefur að sjálfsögðu unnið þá alla enda er Pavel illviðráðanlegur á góðum degi. Það eru aðeins átta leikir síðan hann komst aftur í treyju fimmtán eftir skell á móti Grindavík í DHL-höllinni. Fyrsti leikurinn á móti ÍR var ekki einn af þeim bestu í uppáhalds-

→ Þrennumetinn hans Pavels í vetur

Flestar þrennur á einu tímabili	7
Þrennur í flestum leikjum í röð	3
Fæstir dagar á milli þrenna	4
Flestar þrennur í sögu úrvalsdeildar karla	15

treyjunni í vetur en eftir súperleik í sigri á Snæfelli (28 stig, 12 fráköst og 12 stoðsendingar) hefur Pavel næstum því alltaf verið á þrennuvaktinni. Pavel var ekki nálægt þrennu í einum af síðustu sjö leikjum en þá gerði hann út um leikinn með því að skora sigurkórfa á móti Stjörnunni.

Pavel er með þriggja þrennu forskot á Haukamanninn Emil Barja og því þegar búinn að tryggja sér „þrennutítilinn“ þegar tvær umferðir eru eftir alveg eins og KR-liðið er þegar búið að tryggja sér deildarmeistaratítilinn. Næst á dagskrá er að fara að grafa upp þrennumetinn í úrslitakeppninni þar sem Pavel og KR-liðið er líklegt til afreka.

ooj@frettabladid.is

TREYJUÁHRIFIN Á PAVEL ERMOLINSKI LEYNA SÉR EKKI

TVÖFALDAR ÞRENNUR	+5
Í treyju númer fimmtán: 6 þrennur í 11 leikjum	
Í treyju númer níu: 1 þrenna í 9 leikjum	
STIG Í LEIK	+2,3
Í númer fimmtán: 13,6	
Í númer níu: 11,6	
FRÁKÖST Í LEIK	+1,9
Í númer fimmtán: 12,3	
Í númer níu: 10,3	
STOÐSENDINGAR Í LEIK	+2,4
Í númer fimmtán: 8,7	
Í númer níu: 6,3	
FRAMLAG Í LEIK	+6,3
Í númer fimmtán: 26,2	
Í númer níu: 19,9	



ALLT Í ÖLLU Í KR-LIÐINU Pavel Ermolinski hefur spilað vel með KR í vetur og ekki síst eftir að hann endurheimti treyju númer fimmtán í janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Vignir fer líklega til Danmerkur

Viðræður landsliðsmannsins við danska félagið Midtjylland eru langt komnar.

HANDBOLTI „Ég er ekki búinn að skrifa undir neitt en vonandi geng ég frá mínum málum á næstunni. Viðræðurnar eru langt komnar. Ég get staðfest það,“ segir landsliðsmaðurinn Vignir Svavarsson en frá því var greint í dönskum fjölmiðlum í gær að hann væri á leið til Midtjylland.

Það lið er búið að rúlla dönsku B-deildinni upp í vetur og spilar því í deild þeirra bestu næsta vetur. Liðið stóð sig einnig vel í bikarkeppninni og fór þar alla leið í undanúrslit en tapaði fyrir liði Arons Kristjánssonar, Kolding.

Samningur Vignis við þýska félagið Minden er að renna út. Árin tvö þar hafa ekki gengið sem skyldi hjá línumanninum sterka. Hann hefur verið talsvert meiddur og lítið fengið að spila þess á milli.

„Þetta hefur verið undarlegur tími hjá Minden með öll meidslin og spiltímann. Þetta hefur ekki alveg



NÆSTA SKREF Vignir lék í þrjú ár með Skjern í Danmörku á sínum tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

verið eins og ég ætlaði mér en við fjölskyldan höfum engu að síður haft það gott hérna,“ segir Vignir en hann ræddi ekkert við félagið um neitt framhald á sínum samningi þar.

Vignir hóf atvinnumannsferil sinn hjá Skjern í Danmörku þar sem hann gerði það gott. Hann er því alls ekki mótfallinn því að fara þangað aftur.

„Ég átti þrjú frábær ár í Skjern og leið rosalega vel þar. Ef við förum til Danmerkur þá er það svo sannarlega ekkert til að kvarta yfir. Við værum alveg til í það.“

Vigni list vel á það sem hann hefur heyrt frá forráðamönnum félagsins.

„Þeir eru ekkert með of háleit markmið en þau eru raunhæf. Þeir hafa sett upp gott plan um hvernig þeir vilja byggja þetta upp. Mér leist vel á það sem þeir hafa fram að færa og þetta er spennandi kostur. Vonandi klárast þetta sem fyrst því ég þarf að fara að ganga frá mínum málum hér í Þýskalandi ef ég er að flytja úr landinu.“

henry@frettabladid.is

Domino's helgin

TVEIR ENSKIR

✿ Í opinni dagskrá á dominoshelgin.is ✿

MAN. UTD.-LIVERPOOL

≡ Sun.16. mars kl.13:30 ≡

TOTTENHAM-ARSENAL

≡ Sun.16. mars kl.16:00 ≡


BOSCH**4 LÍTRAR**Vnr. 86620040
KÓPAL glitra, innimálning,
gljástig 10, 4 l, allir litir.**BYKO** KLÚBB verð
14.995 kr.
Almennt verð 19.995 kr.**BYKO** KLÚBB verð
4.995 kr.
Almennt verð 5.995 kr.**málning**VERÐVERND BYKO
**LÆGRA
VERÐ****BYKO**

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.

Vnr. 74810233
BOSCH AQT 33
háprýstidæla, 100 bór.**BOSCH**Vnr. 74890003
BOSCH hekkklippur AHS 45-16.
420W, lengd blaðs 45 cm,
klippa mest 16 mm þykkar greinar.**BYKO** KLÚBB verð
9.595 kr.
Almennt verð 11.995 kr.**POLIR 175 KG**Vnr. 38910092
Járnhillur,
180x92x46 cm.**BYKO** KLÚBB verð
4.395 kr.
Almennt verð 8.995 kr.**POLIR 175 KG**Vnr. 38910099
Járnhillur,
180x100x60/30 cm.**BYKO** KLÚBB verð
4.995 kr.
Almennt verð 9.995 kr.Vnr. 55097014
Flúðamöld, 20 l.**BYKO** KLÚBB verð
555 kr.
Almennt verð 745 kr.Vnr. 51400101
Raka- og hitamælir.**BYKO** KLÚBB verð
1.995 kr.
Almennt verð 2.995 kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og eða myndabreytingu. Allar vörur lást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

HRAUSTIR MENN
MOTTU

MARSBYKO TEKUR ÞÁTT Í
MOTTUMARS
ÁTAKI KRABBAMEINSFÉLAGSINSAf því tilefni renna 10% af söluandvirði
af völdum vörum til Krabbameinsfélagsins.

www.byko.is / ERFÖ auglýsingastofa

facebook.com/BYKO.is

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

DÓRA MARÍA FYRST ÍSLENSKRA KNATTSPYRNUMANNA TIL AÐ SPILA HUNDRAÐ A-LANDSLEIKI FYRIR PRÍTUGT

FÓTBOLTI Það eru enn 477 dagar þangað til Dóra María Lárusdóttir heldur upp á þrítugsafmælið sitt og ætti því að eiga mörg ár eftir í viðbót til að bæta við landsleikina hundrað sem hún hefur spilað með kvennalandsliði Íslands.

Dóra María lék sinn fyrsta landsleik í 10-0 sigri á Póllandi 13. september 2003 og var búin að skora sitt fyrsta mark fimm mínútum eftir að flautað var til leiks. Síðan hefur íslenska kvennalandsliðið spilað 107 landsleiki og Dóra María hefur komið við sögu í 100 þeirra auk þess að sitja á vara-

mannabeknum í þremur til viðbótar. Í raun hefur ekki verið valinn íslenskur landsliðshópur án Dóru Maríu Lárusdóttur síðan fyrir vináttulandsleik við Bandaríkinn 24. júlí 2005 en hún var þá ásamt fleiri A-landsliðskonum upptekin á Norðurlandamóti með 21 árs landsliðinu.

Síðasti landsliðsþjálfarinn sem leit fram hjá Dóru Maríu í vali á A-landsliðshópi kvenna var Helena Ólafsdóttir, núverandi þjálfari hennar hjá Val, sem valdi hana ekki í hópinn fyrir leik í Póllandi 27. september. Dóra María missti þá sætið sitt

til Eddu Garðarsdóttur sem lék ekki leikinn á undan, fyrsta A-landsleik Dóru Maríu, þar sem hún var upptekin í námi í Bandaríkjunum.

Dóra María lék í gær sinn 36. landsleik í röð og einu tveir leikirnir sem hún hefur misst af frá og með árinu 2007 (af 83) voru tveir fyrstu leikirnir á Algarve-mótinu en hún glímdi þá við meiðsli. Dóra María spilaði þriðja leikinn og skoraði þá sigurmarkið sem tryggði íslenska liðinu sæti í úrslitaleiknum.

- 66j



PÓRA BJÖRG HELGADÓTTIR
32 ÁRA - 10 MÁNAÐA - 2 DAGA
Fædd: 5. maí 1981
Hundraðasti leikurinn 7. mars 2014
2-1 sigur á Noregi í Portúgal

DÓRA MARÍA LÁRUSDÓTTIR
28 ÁRA - 8 MÁNAÐA - 10 DAGA
Fædd: 2. júlí 1985
Hundraðasti leikurinn 12. mars 2014
2-1 sigur á Svíþjóð í Portúgal

ÍSLENSKI 100 LANDSLEIKJA KLÚBBURINN

RÚNAR KRISTINSSON

33 ÁRA - 9 MÁNAÐA - 6 DAGA
Fæddur 5. september 1969
Hundraðasti leikurinn 11. júní 2003
3-0 sigur á Litháen í Vilnius



EDDA GARÐARSDÓTTIR

33 ÁRA - 7 MÁNAÐA - 24 DAGA
Fædd 15. júlí 1979
Hundraðasti leikurinn 11. mars 2013
0-1 tap fyrir Kína í Portúgal



KATRÍN JÓNSDÓTTIR

35 ÁRA - 22 DAGA
Fædd 31. maí 1977
Hundraðasti leikurinn 22. júní 2010
3-0 sigur á Króatíu á Laugardalsvöllinum. Sú eina sem hefur skorað mark í hundraðasta leiknum.



Nýtt metsins á meðan ég á það

Dóra María Lárusdóttir spilaði sinn 100. landsleik fyrir Ísland er liðið lagði Svíþjóð, 2-1, í leiknum um bronsið á Algarve-mótinu í gær. Dóra viðurkennir að smá svartsýni hafi verið í stelpunum eftir fyrstu leikina í undankeppni HM í haust en nú er allt annað upp á teningnum.

FÓTBOLTI „Við getum ekki verið mikið léttari á því en eftir svona sigur,“ sagði Dóra María Lárusdóttir, landsliðskonur í knattspyrnu, kampakát við Fréttablaðið í gær eftir að stelpurnar okkar lögðu Svíþjóð, 2-1, í leiknum um bronsverðlaunin á Algarve-mótinu. Sara Björk Gunnarsdóttir og Harpa Þorsteinsdóttir skoruðu mörk Íslands á þriggja mínútna kafla í fyrri hálfleik en þetta er í annað skiptið sem Ísland vinnur til verðlauna á mótinu (silfur 2011).

„Við settum á þær grimma hápressu sem kom þeim á óvart. Þær héngu meira á boltanum en við en við náðum að skora eftir góða pressu og annað mark fylgdi svo í kjölfarið. Þær sköpuðu sér eiginlega ekkert fyrir utan þetta mark. Mér fannst sigurinn aldrei í hættu,“ sagði Dóra María sem bar fyrirliðabandið í leiknum í sínum 100. A-landsleik.

Dóra María viðurkennir fúslega að stelpunum leiddist nákvæmlega ekki neitt að leggja Svíþjóð að velli eftir flenginguna sem þær fengu í 8 liða úrslitum EM í fyrra þar sem Svíarnir völluðu yfir okkar stelpur, 4-0. Í heildina vann Svíþjóð lið Íslands þrisvar sinnum á síðasta ári.

„Það var yndislegt að þagga aðeins niður í þeim. Nógu kokhraustar eru þær sænsku eftir að hafa flengt okkur þrisvar á síðasta ári. Þær urðu svo pirraðar þegar við skoruðum fyrsta markið að þær komust aldrei yfir það. Þetta var afskaplega ljúfur sigur,“ sagði Dóra María alsæl.

Leikmenn nýtt tækifærin

Ísland byrjaði Algarve-mótið ekki vel og tapaði fyrir Evrópumeisturum Þýskalands, 5-0. Stelpurnar voru fljótar að hrista það af sér og unnu þrjá leiki í röð og hirtu bronsið. „Eins furðulegt og er að

segja frá því gekk margt upp sem við lögðum upp með taktískt gegn Þýskalandi. Það er náttúrulega fullt af nýjungum sem við erum að læra inn á með fleiri leikjum og meiri tíma sem við eyðum saman,“ sagði Dóra María.

Hún er ánægð með dvölinu á Algarve og hvernig nýir og yngri leikmenn liðsins hafa komið sterkir inn. Þjálfarinn lofaði þeim spiltíma og ábyrgðinni fögnuðu þeir.

„Það er mjög mikilvægt að stækka hópinn og gefa fleirum tækifæri. Leikmenn hafa líka nýtt þetta tækifæri mjög vel. Við höfum æft tvisvar á dag fyrir utan að spila leikina og farið mikið í taktík. Svo er þessi íslenska geðveiki og liðsheilindin alltaf til staðar,“ sagði hún.

Aðspurð hvort þessar ungu stelpur í dag séu betri eða öðruvísi leikmenn en Dóra og fleiri á hennar aldri þegar þær komu inn í liðið sagði hún:

„Það er erfitt að leggja mat á það hvort þær séu betri en margar þarna eru rosalega öflugar. Þær koma sterkar inn og eru alveg ófeimnar. Þessar stelpur í dag hafa að meiru að stefna. Landsliðið er núna búið að fara tvisvar á stórmót og fleiri stelpur fara í atvinnu-mennsku núna og góða háskóla. Þetta var ekki alveg svona þegar ég var að byrja.“

Stolt af metinu

Dóra María er sú yngsta í sögunni sem nær að spila 100 A-landsleiki. „Ég hef ekkert verið að spá í þessu en svo þegar maður er búinn að ná þessu er maður stoltur og þakklátur. Það hefur hvarflað að mér stundum hvort það sé ekki tími til að leggja knattspyrnuferilinn til hliðar en guð minn almáttugur hvað ég er fegin núna að hafa ekki gert það. Nú vil ég halda áfram endalaust á meðan líkaminn

leyfir,“ sagði hún en Dóra er þó meðvitund um að metið gæti fallið á næstu árum. Sara Björk Gunnarsdóttir spilaði t.a.m. sinn 69. landsleik í gær, 24 ára gömul. „Ég nýt þessa Íslandsmets á meðan ég á það.“

Íslenska liðið fór ekki vel af stað í haust í undankeppni HM og tapaði illa fyrir Sviss á heimavelli. Smá bölsýni var komin í liðið, viðurkennir Dóra, en hún er á bak og burt.

„Ég viðurkenni það alveg að við vorum örlítið svartsýnar. Það voru breytingar á hópnum og þjálfarinn fékk auðvitað skamman tíma. Okkur vantar marga sterka leikmenn líka og svona. En þessir leikir á Algarve hafa kennt okkur það að við getum alveg staðið okkur gegn þeim bestu sem er mikilvægt upp á sjálfstraustið,“ sagði Dóra María Lárusdóttir, 100 leikja kona.

tom@frettabladid.is

Þessi góði árangur okkar er bara risabónus

Freyr Alexandersson náði í bronsverðlaun í sinni fyrstu ferð sem landsliðsþjálfari á Algarve-mótinu.

FÓTBOLTI „Ég er mjög sáttur. Þetta er frábær árangur og svo erum við búin að vinna svo marga litla sigra á leiðinni sem eru ekki síður mikilvægir,“ segir Freyr Alexandersson, landsliðsþjálfari kvenna í knattspyrnu, í samtali við Fréttablaðið.

Hann stýrði stelpunum okkar til sigurs gegn Svíþjóð í leiknum um þriðja sæti á Algarve-mótinu í gær og vann því til bronsverðlauna í sinni fyrstu ferð á þetta sterka mót sem þjálfari.

„Það sem ég tek fyrst og

fremst með okkur út úr þessu móti er að við náðum tökum á leikfræðilegum atriðum eins og hápressunni sem er búin að skila okkur gríðarlega miklu. Við náðum einnig tökum á sóknarleiknum og héldum boltanum betur. Þá lesum við veikleika andstæðinga okkar betur og nýtum okkur þá, sem ég er mjög ánægður með. Svo er alltaf í þessu liði þessi íslenska geðveiki og samkennd sem er svo gaman að vera hluti af,“ segir Freyr.

Hann fór inn í mótið með mjög

markvissar hugmynd um hvað hann vildi gera. Í viðtali við Fréttablaðið fyrir fyrsta leik sagðist hann líta á riðlakeppnina sem þrjú verkefni. Eins ætlaði hann að gefa fleiri leikmönnum tækifæri sem hann og gerði.

„Í fljótu bragði held ég að allt sem við lögðum upp með hafi heppnast. Öll þau markmið sem við settum okkur gengu eftir og svo bættum við ofan á það. Þessi árangur sem við náum er ekki það sem við einbeittum okkur að. Hann er bara risabónus,“

segir Freyr sem hóf ferilinn sem landsliðsþjálfari með vondu tapi gegn Sviss eftir að vera með liðið í stuttan tíma.

„Sviss-leikinn upplifði ég sem erfitt verkefni, ég get alveg viðurkennt það. Það var búið að vera langt ár hjá stelpunum og í raun alveg ómarktækt enda mikið gengið á. Við þjálfara-teymið vitum alveg hvert við ætlum með hópinn og trúum að það sem við erum að gera sé rétt.“

- tom



BRONS Í FYRSTU TILRAUN Freyr Alexandersson fagnar góðum úrslitum ásamt Hallberu Gíslasdóttur. MYNDKSI

Pitt heimili þín stund

Octo 4240 ljós
Verð frá 159.900 kr.




Manhattan púði 40x60
Verð 14.900 kr.



Pasmore hægindastóll
Verð frá 399.900 kr.



M-sófi
Verð 2ja sæta frá 229.900 kr.



Eclipse sófaborð
Verð frá 29.900 kr.

Patchwork gólfmotta
Sniðin eftir máli. Verð frá 85.900 kr. pr. fm

Góð hönnun gerir heimilið betra

Við leggjum mikinn metnað í að bjóða aðeins vandaðar vörur og tefla fram því besta í evrópski hönnun. Úrvalið einkennist af fallettri og fjölbreyttri hönnun sem stenst tímans tönn. Markmið okkar er að aðstoða viðskiptavini við að fegra heimili sín.

PIPAR TBWA SÍA



Omaggio vasar / Verð frá 3.890 kr.



Lalinde sófaborð / Verð frá 44.900 kr.

MARGIR
LITIR



Manhattan teppi / Verð 18.900 kr.



Miho hreindýr / Verð frá 5.500 kr.



Kasthelmi skál / Verð 3.790 kr.

TILBOÐ



Nido hægindastóll / Verð með ullaráklæði 169.900 kr., með leðuráklæði 239.900 kr.

Kynningarverð til 01.06.2014

MÓDERN

Stöð 2 kl. 20.20 Masterchef USA

Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnafndarinnar yfir á sitt band. Ýmsar þrautir eru lagðar fram í eldamennskunni og þar reynir á hugmyndaflug, úrræði og færni þátttakenda.



Í KVÖLD



Edda með Ebbu

SJÓNVARPIÐ KL. 20.05 Edda Guðný sýnir áhorfendum hversu auðvelt það getur verið að elda hollan og næringarríkan mat úr góðu hráefni. Matreiðsluþáttur fyrir alla fjölskylduna með skemmtilegu fræðsluávi.



American Idol

STÖÐ 3 KL. 20.00 Það er sannkölluð draumasveit dómara sem situr í hásetinu þetta árið en hún samanstendur af Keith Urban, Jennifer Lopez og í fyrsta sinn kemur hinn silkimjúki söngvari og leikari Harry Connick Jr.



The Biggest Loser - Ísland

SKJÁR EINN KL. 20.40 Tólf einstaklingar sem glíma við yfirþyngd ætla nú að snúa við blaðinu og breyta um lífsstíl sem felst í hollu mataræði og mikilli hreyfingu. Umsjón hefur Inga Lind Karlsdóttir.

Bylgjan kl. 10.00 Ívar Guðmundsson

Ívar Guðmundsson sér um morgnana frá 10-13 og er þátturinn hans fyrst og fremst skemmtilegur tónlistarþáttur. Hann er persónulegur og byggður upp þannig að fólk hafi gaman af því að hlusta á útlit. Ívar er dagskrárstjóri Bylgjunnar.



RECAST - SVEFNSÓFI
Svefnflötur 140x200 cm - Vönduð springdýna
Litir: Blár / Grár - kr. 129.900

SVEFNSÓFAR

SEM BREYTA Í RÚM Á AUGABRAGÐI



SUPREME DELUXE - SVEFNSÓFI
Svefnflötur 140x200 cm
Extra þykk og vönduð springdýna
Rúmfatageymsla
Litir: Svartur / Camel Brúnn - kr. 155.900

LÍNAN

BÆJARLIND 16 - KÓPAVOGUR - Sími 553 7100 - WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 12 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.05 Malcolm in the Middle
- 08.30 Ellen
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 Doctors
- 10.15 60 mínútur
- 11.00 Suits
- 11.45 Nashville
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 City Slickers
- 14.50 The O.C
- 15.40 Loonatics Unleashed
- 16.05 Tasmania
- 16.30 Ellen
- 17.10 Bold and the Beautiful
- 17.32 Nágrannar
- 17.57 Simpson-fjölskyldan
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Fóstbræður
- 19.50 Life's Too Short (3:7)
- 20.20 Masterchef USA (11:25)
- 21.05 NCIS (5:24)
- 21.50 Person of Interest (8:23)
- 22.35 Daybreakers
- 00.10 Spaugstofan
- 00.35 Mr. Selfridge
- 01.20 The Following
- 02.05 Banshee
- 02.55 City Slickers
- 04.45 Fóstbræður
- 05.15 Simpson-fjölskyldan
- 05.40 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

besta sætið

- 07.00 Meistaradeildin - meistaramörk
- 12.30 Meistaradeild Evrópu. Barcelona - Man. City
- 14.10 Meistaradeild Evrópu. PSG - Bayer Leverkusen
- 15.50 Meistaradeildin - meistaramörk
- 16.35 Fuchse Berlin - Hannover
- 17.55 Porto - Napoli Bein útsending
- 20.00 Tottenham - Benfica Bein útsending
- 22.00 Samantekt og spjall Kynning á liðunum í Meistaradeildinni í hestaþróttum.
- 22.30 KS deildin
- 23.00 Ístölt á Svínavatni
- 23.30 Meistaradeildin í hestaþróttum 2014
- 01.30 Ástralía - Æfing 1 Bein útsending
- 03.00 UFC Now 2014
- 05.30 Ástralía - Æfing 2 Bein útsending

SPORT 2

enski boltinn

- 14.25 Messan
- 15.35 Crystal Palace - Southampton
- 17.20 Ensku mörkin - úrvalsdeildin
- 18.15 Chelsea - Tottenham
- 20.00 Premier League World
- 20.30 Norwich - Stoke
- 22.10 Football League Show 2013/14
- 22.40 Cardiff - Fulham
- 00.20 Messan

INN

20.00 Hrafnþing 21.00 Auðlindakistan 21.30 Suðurnesjamagasin

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

STÖÐ 3

- 06.10 Tónlistarmyndbönd
- 17.00 H8R
- 17.40 How To Make it in America
- 18.10 1600 Penn
- 18.35 Game tívi
- 19.05 Ben and Kate
- 19.30 Lífsstíll
- 20.00 American Idol (18:37)
- 21.25 Hawthorne (3:10)
- 22.10 Shameless (3:12)
- 23.45 Supernatural (7:22)
- 00.30 Game tívi
- 00.50 Ben and Kate
- 01.15 Lífsstíll
- 01.35 American Idol
- 02.55 Hawthorne
- 03.35 Supernatural
- 04.20 Tónlistarmyndbönd

Krakastöðin

07.00 Ljótí andarunginn og ég 07.23 Latibær 07.34 Ævintýraferðin 07.47 Tom and Jerry 07.55 Rasmus Klumpur og félagar 08.00 Könnuðurinn Dóra 08.24 Mörgæsinnar frá Madagaskar 08.46 Doddi litli og Eyrnastór 09.00 Áfram Diego, áfram! 09.24 Svampur Sveinsson 09.50 Gulla og grænjaxlarnir 10.00 Ofurhundurinn Krypto 10.25 Brunabíllarnir 10.47 Ávaxtakarfan 11.00 Ljótí andarunginn og ég 11.23 Latibær 11.34 Ævintýraferðin 11.47 Tom and Jerry 11.55 Rasmus Klumpur og félagar 12.00 Könnuðurinn Dóra 12.24 Mörgæsinnar frá Madagaskar 12.46 Doddi litli og Eyrnastór 13.00 Áfram Diego, áfram! 13.24 Svampur Sveinsson 13.50 Gulla og grænjaxlarnir 14.00 Ofurhundurinn Krypto 14.25 Brunabíllarnir 14.47 Ávaxtakarfan 15.00 Ljótí andarunginn og ég 15.23 Latibær 15.34 Ævintýraferðin 15.47 Tom and Jerry 15.55 Rasmus Klumpur og félagar 16.00 Könnuðurinn Dóra 16.24 Mörgæsinnar frá Madagaskar 16.46 Doddi litli og Eyrnastór 17.00 Áfram Diego, áfram! 17.24 Svampur Sveinsson 17.50 Gulla og grænjaxlarnir 18.00 Ofurhundurinn Krypto 18.25 Brunabíllarnir 18.47 Ávaxtakarfan 19.00 Ísöldin 2 20.30 Sögur fyrir svefninn

GULL

- 17.55 Strákarnir
- 18.20 Friends
- 18.45 Seinfeld
- 19.10 Modern Family
- 19.35 Two and a Half Men
- 20.00 Tekinn 2 (3:14)
- 20.30 Weeds (3:13)
- 21.00 Game of Thrones (1:10)
- 21.55 Without a Trace (2:24) Önnur þáttaröð þessa vinsælu glæpaþátta sem fjallar um sérstaka deild innan FBI sem rannsakar mannhvörf með Anthony LaPaglia í aðalhlutverki.
- 22.40 Curb Your Enthusiasm
- 23.10 Twenty Four
- 23.55 Tekinn 2
- 00.20 Weeds
- 00.50 Game of Thrones
- 01.45 Without a Trace
- 02.30 Curb Your Enthusiasm
- 03.00 Tónlistarmyndbönd

BÍÓ

- 12.00 Henry's Crime
- 13.45 Solitary Man
- 15.15 Tower Heist
- 17.00 Henry's Crime
- 18.45 Solitary Man
- 20.15 Tower Heist
- 22.00 Backdraft
- 00.30 The Watch
- 02.10 Wrath of the Titans
- 03.50 Backdraft

RÚV

- 11.55 Vetrarólympíumót fatlaðra (Svíg karla, fyrri ferð) Bein útsending
- 14.55 Vetrarólympíumót fatlaðra (Svíg karla, síðari ferð) Bein útsending
- 16.30 Ástareldur (Sturm der Liebe)
- 17.20 Einar Áskell
- 17.33 Verðlaunafé
- 17.35 Stundin okkar
- 18.01 Skrípin
- 18.05 Táknmálsfréttir
- 18.15 Kiljan
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Veðurfréttir
- 19.30 Íþróttir
- 19.40 Kastljós
- 20.05 Edda með Ebbu (2:8) Edda Guðný sýnir áhorfendum hversu auðvelt það getur verið að elda hollan og næringarríkan mat úr góðu hráefni. Matreiðsluþáttur fyrir alla fjölskylduna með skemmtilegu fræðsluávi.
- 20.40 Martin lækni (1:6) (Doc Martin) Læknirinn Martin Ellingham býr og starfar í smábæ á Cornwallskaga. Hann er fær læknir en með afbrigðum klaufalegur í mannlegum samskiptum.
- 21.30 Best í Brooklyn (8:22) (Brooklyn Nine-Nine) Besti gamanþátturinn á Golden Globe og Andy Samberg besti gamanleikarinn. Lögreglustjóri ákveður að breyta afslöppuðum undirmönnum sínum í þá bestu í borginni.
- 21.50 Svipmyndir frá Noregi (2:7) (Norge rundt)
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Glæpahneigð (13:24) (Criminal Minds VIII)
- 23.00 Erfingjarnir (10:10) (Arvingerne)
- 00.00 Kastljós
- 00.25 Fréttir
- 00.35 Dagskrárlök

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Cheers
- 08.25 Dr. Phil
- 09.05 Pepsi MAX tónlist
- 14.50 The Voice
- 17.05 90210
- 17.45 Dr. Phil
- 18.25 Parenthood
- 19.10 Cheers
- 19.35 Trophy Wife
- 20.00 Svali & Svavar (10:12) Þeir félagar Svali og Svavar hafa brallað ýmislegt í gegnum árin. Svali hefur örlítið minni smekk fyrir lífsins lystisemum en Svavar en að sama skapi fer ekki mikið fyrir hreyfipörf hjá Svavari.
- 20.40 The Biggest Loser - Ísland (8:11)
- 21.40 Scandal (9:22)
- 22.25 The Tonight Show
- 23.10 CSI (10:22)
- 23.55 Franklin & Bash
- 00.40 The Good Wife
- 01.30 The Tonight Show
- 02.15 Pepsi MAX tónlist


SKJÁRSPOURT

06.00 Ginx

Golfstöðin

08.10 World Golf Championship 2014 14.10 Golfing World 2014 15.00 2012 Augusta Masters 17.45 Golfing World 2014 18.35 Inside The PGA Tour 2014 19.00 PGA Tour 2014 22.00 Golfing World 2014 22.50 Inside The PGA Tour 2014 23.15 Golfing World 2014

FM 96,3 FM Suðurland FM 98,9 Bylgjan FM 102,2 Útv. Latibær
FM 96,7 Létt Bylgjan FM 99,4 Útvarp Saga FM 102,9 Lindin
FM 97,7 X-ið FM 100,5 Kaninn FM 105,5 Útvarp Boðun



Árshátíð

LOKUM

Í KVÖLD KL. 18

VIÐ ÆTLUM AÐ GERA OKKUR GLAÐAN DAG,
FAGNA GÓÐU GENGI OG SKUNDA Á ÁRSHÁTÍÐ.

Staðir Domino's verða því lokaðir frá kl. 18 í kvöld, en að sjálfsögðu
verðum við mætt á vaktina á hefðbundnum tíma á morgun.

📞 SÍMI 58 12345 📱 DOMINO'S APP 🌐 WWW.DOMINOS.IS

DRYKKURINN



„Á veturna er það heitt kakó, ég drekk ekki kaffi en finnst mjög kósý á kvöldin að setjast niður við arininn með heitt kakó sem er útbúið úr flóaðri mjólk. Á sumrin eru svo léttir ávaxtdrykkir í uppáhaldi og þá fá arininn og kakóið hvíld.“

Ásdís Rósa Ásgeirsdóttir lögfræðingur

Matseðill hannaður fyrir húð, hjarta og heila

Embla Vigfúsdóttir og Auður Ösp Guðmundsdóttir hanna matseðil fyrir sérstaka líkamsparta.

„Maður á að hugsa meira um mat sem áhrifavald á líkamann,“ segir hönnuðurinn Embla Vigfúsdóttir, sem ásamt kollega sínum, Auði Ösp Guðmundsdóttur, býður upp á nýstárlega upplifun á veitingastaðnum Satt í tengslum við Hönnunarmars dagana 25.-30. mars.

Um er að ræða verkefni sem stöllurnar byrjuðu að þróa er þær stunduðu nám við Listaháskóla Íslands og hlutu Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands fyrir árið 2011. Verkefnið nefnist Pantíð áhrifin og er svokallaður upplifunarmatseðill en í stað þess að panta mat út frá innihaldi eða bragði er valið út frá því hvernig áhrif maturinn

hefur á líkamann. Til dæmis aðalrétt fyrir heilann og eftirrétt fyrir augun. Matseðillinn er unninn í samvinnu við matreiðslumenn og næringarfræðing.

„Þetta er þriggja rétta matseðill plús lystauki. Við erum mjög ánægðar með að verkefni sé loksins að verða að veruleika,“ segir Auður Ösp, sem hlakkar til að sjá viðbrögð fólks við þessu. „Líkaminn er vél sem þarf að hugsa vel um og það er mikilvægt að vera meðvitaður um hvaða áhrif matur hefur því hann hefur mikið að segja fyrir okkur.“

Hægt er að finna upplýsingar um matseðilinn og verkefnið á heimasíðunni Satt-restaurant.is



ÁHRIF MATAR Embla og Auður Ösp gefa gestum veitingastaðarins SATT tækifæri til að panta mat fyrir sérstaka líkamsparta.

Matseðill:

FORRÉTTIR: Ónæmiskerfið
Húð
Hjarta
AÐALRÉTTIR: Heili
Vöðvar
Blóðstyrkjandi
DESERT: Sjón og augu
Bein

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ert þú að glíma við einkenni streitu, depurðar eða kvíða?

Hugarlausnir

er námskeið sem byggir á hreyfingu, fræðslu og núvitund

Hefst 17. mars

Þjálfun 3x í viku kl. 13:00

Að námskeiðinu standa sálfræðingar, sjúkráþjálfari og heilsufræðingur



SKARPINN ALICE VEINGASTAÐA



HEILSUBORG

www.heilsuborg.is

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 108
Reykjavík • Sími 560 1010



SKÁKMAÐUR FÆR SÉR SKART Vel fór á með Garry Kasparov og Jóhannesi.

MYND/EINKASAFN



KÚL PERSÓNA John Grant vill ólmur fá að smíða sína eigin skartgrip hjá Jóhannesi einhvern tímann.

Heillaðist af íslensku landvættunum

Gullsmiðurinn Jóhannes Óttósson gaf skákmeistarann Garry Kasparov hring og lykklippu úr skartgripalínu sinni þegar hann heimsótti landið í vikunni.

„Ég kannast við fólk í Skáksambandi Íslands og fékk að hitta á kallinn. Hann valdi sér hring sem ég gaf honum ásamt lykklippu úr silfri með mynd af gömlu Íslandskorti,“ segir gullsmiðurinn Jóhannes Óttósson, maðurinn á bak við skartgripamerkið NOX. Hann gaf skákmeistarann Garry Kasparov hönnun sína enda hefur hann ávallt borið virðingu fyrir honum.

„Ég átti ekki margar hetjur þegar ég var yngri en þetta er eitt af nöfnunum sem ég þekkti. Ég er ekkert á kafi í skák en ég hef fylgst með honum reglulega í gegnum tíðina. Hann flutti til Bandaríkjunum fyrir tveimur árum og getur aldrei snúið aftur heim til Rússlands þannig að hann er pólitískur flóttamaður. Það kemur fyrir marga snillinga þegar þeir opna á sér munninn og grýta sér í kerfið. Ég ber mikla virðingu fyrir honum, bæði fyrir það sem hann er sem skákmeistari og líka vegna þess sem hann stendur fyrir sem aðgerðasinni,“ segir Jóhannes. Hann segir Kasparov hafa viljað fræðast mikið um land og þjóð sem og hringinn sem hann valdi sér sem er innblásinn af íslensku landvættunum.

„Hann var mjög hrifinn af sögunni um íslensku landvættirnar og vildi fá útskýringar á hverjum hring. Hann vildi ekki drekka því hann stendur fyrir austur – hann vildi ekkert úr austri. Það endaði á því að hann valdi örninn sem stendur fyrir vestur. Hann var mjög hrifinn af sögu Íslendinga og spurði mikið. Það var skemmtilegt að ræða við hann. Hann var ekki með neina stjórnustæla og gaf sér tíma til að spyrja út í hlutina þótt hann hefði í nægu að snúast.“ Aðspurður hvort þeir félagar hafi tekið skák segir Jóhannes það ekki vera.

„Ég held að við hefðum ekki þurft að spyrja að leikslokum í þeirri skák,“ segir hann glaður í bragði.

Jóhannes hefur líka komist í kynni við tónlistarmanninn og Íslandsvininn John Grant, sem einnig á hring eftir hann.

„Ég var rosalega ánægður þegar ég heyrði að hann væri að þvælast á Íslandi. Ég fór út að borða með honum, hann valdi sér hring og síðan hittumst við síðar á tónleikum í Hörpu. Hann er mjög kúl persóna og það meira að segja um að fá að koma heim á verkstæði mitt og smíða eitthvað sjálfur,“

„Ég ber mikla virðingu fyrir honum, bæði fyrir það sem hann er sem skákmeistari og líka vegna þess sem hann stendur fyrir sem aðgerðasinni.“

Jóhannes Óttósson

segir Jóhannes sem stefnir á að taka hann á orðinu í nánustu framtíð.

„Akkúrat í augnablikinu hef ég ekki mikinn tíma til að leika mér á verkstæðinu,“ bætir Jóhannes við, enda nóg að gera hjá honum að undirbúa sýningu á Hönnunarmars sem fer fram í Hörpu síðustu helgina í mars.

„Það verður skemmtilegt samspil þar sem 23 til 25 gullsmiðir taka þátt en þeir eru allir í Félagi íslenskra gullsmíða sem er fagfélag. Þar mun ég sýna risastóran módelhlut úr nýju kvenmannslínunni minni Berg. Ég er að klára línuna núna og óvíst hvenær hún fer í sölu en það verður innan skamms. Ég vil að allt sem kemur frá mér sé 110 prósent. Ef ég er ekki ánægður þá verða viðskiptavinir mínir það ekki heldur.“

liljakatrin@frettabladid.is



LEIKTÆKNISKÓLI

Magnúsar Jónssonar & Þorsteins Bachmann
Námskeið í hagnýtri og skapandi leiklist

Grunnnámskeið fyrir 16 til 18 ára
7. apríl til 12. maí frá kl. 17.00 til 20.00

Grunnnámskeið fyrir 18 ára og eldri
8. apríl til 13. maí frá kl. 19.30 til 23.00

Leiktækniskólinn er á Facebook, þar má nálgast frekari upplýsingar. Skráning og fyrirspurnir á leiktækniskolinn@gmail.com.

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið landsins með glæsilegt forskot á keppinautana.

Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent, október–desember 2012 – höfuðborgarsvæðið 25-54 ára

Vogue, Euroman og Elle á RFF

Erlendi tískupressan fjölmennir á Reykjavík Fashion Festival í lok mars.

Fjölmargir erlendir blaðamenn hafa staðfest komu sín á tiskuhátíðina Reykjavík Fashion Festival í ár. Meðal þeirra miðla sem senda blaðamenn hingað til lands í ár til að skoða strauma og stefnur íslenskrar fatahönnunar er þýska Vogue, Nowfashion.com, Grey Magazine og Interview Magazine. Hátíðin fer fram með pomp og pragt í fimmta sinn laugardaginn 29. mars næstkomandi.

Skandinavía sendir einnig sína fulltrúa á hátíðina. Signy Fardal, ritstýra norska Elle, mætir ásamt kollega sínum fyrir sænska Elle, Hermine Coyet-Ohlen. Báðar voru þær á RFF í fyrra og hefur greinilega líkað vel. Einnig kemur tískurítstjóri danska blaðsins Euroman, Frederik Lentz Andersen.

Átta fatahönnuðir sýna fatalínur sínar á hátíðinni en það eru Farmers Market, Sigga Maija, Rey, Ella, Magnea, Zizka, Jör by Guðmundur Jörundsson og Cintamani.



GÓÐIR GESTIR Erlendir blaðamenn ætla að fylgjast með nýjustu straumum og stefnum hjá þeim hönnuðum sem taka þátt í Reykjavík Fashion Festival.

ÞETTA SNÝST UM SVO MIKLU MEIRA EN BÍLINN



Öryggi þitt og þinna í umferðinni skiptir öllu máli. Ökutækjaskoðun snýst um öryggi og velferð þeirra sem í bílnum ferðast. Því er afar brýnt að yfirfara helstu atriði bílsins reglulega. Okkar leiðarljós eru fagmennska og góð þjónusta þar sem fagaðilar okkar yfirfara bílinn til að tryggja öryggi fólks í umferðinni.

Við minnum á að þeir sem eru með 1 í endastaf bílnúmers geta sparað sér álagningu vanrækslugjalds frá hinu opinbera með því að færa bílinn til skoðunar í mars. Við hvetjum þig til að koma tímanlega í skoðun á einhverja af neðangreindum skoðunarstöðvum okkar.



Faggiltur skoðunaraðili í 20 ár

 **Adalskoðun**

Hafnarfjörður
Hjallahrauni 4
(við Helluhraun)
Sími 590 6900

Reykjavík
Skeifunni 5
Sími 590 6930

Reykjavík
Grjóthálsi 10
Sími 590 6940

Kópavogur
Skemmuvegi 6
(bleik gata)
Sími 590 6935

Reykjanesbær
Holtsgötu 52
(við Njarðarbraut)
Sími 590 6970

Opið kl. 8 – 17 virka daga www.adal.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Blái Hnötturinn tilnefndur

Fimmtán árum eftir útkomu hinnar sívinsælu barnabókar **Andra Snæs Magnasonar**, Sagan af bláa hnettinum, er hún enn á ný tilnefnd til verðlauna. Um er að ræða verðlaun á vegum UK Literacy Association, samtaka sem hafa það að markmiði að efla læsi og tungumálakennslu. Í dómnefnd eru 55 kennarar frá skólum í Sussex.

Í umsögn dómnefndar segir að þessi undarlega og táknræna saga geri börnum og kennurum kleift að kanna ábyrgð okkar á heiminum.

Bókin Sagan af bláa hnettinum, sem myndskreytt er af Áslaugu Jónsdóttur, kom fyrst út árið 1999 og hlaut þá Íslensku bókmenntaverðlaunin. Síðan hefur hún komið út á tólf tungumálum og hlotið ýmis verðlaun. Leikrit eftir sögunni var sett upp í Þjóðleikhúsinu árið 2001 og í Toronto í Kanada árið 2005.



- eb

Retro Stefson spilar í Bandaríkjunum

Bræðurnir Unnsteinn Manuel og Logi Pedro Stefánssynir úr hljómsveitinni **Retro Stefson** og Hermigervill eru nú staddir í Boston í Bandaríkjunum þar sem þeir koma fram á tónleikum. „Þetta er ferðalag á vegum Iceland Naturally, íslenska ræðismannsins og Íslandsstofu. Yfirleitt er bara sólóistum boðið í þessa ferð þannig að við erum að brjóta þá hefð,“ segir Unnsteinn Manuel léttur í lund um ferðina.

Þeir koma fram á tvennum tónleikum, annars vegar á tónleikastaðnum The Middle East í Boston og hins vegar í Portland í Maine sem er skammt frá Boston. Þá koma þeir einnig fram á nokkrum útvarpsstöðvum, til dæmis RadioBDC og Wers, þannig að hljómsveitin fær ágætis kynningu í Bandaríkjunum.

- glp



Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Ballbann í MS vegna ölvunar nemenda
- 2 Elliði brjálaður vegna lokunar flugvallarins í Eyjum
- 3 Reyktu í flugstjórnarklefanum og spjölluðu allan tímann
- 4 Auglýstu vændi og réðust á kaupanda
- 5 Komust áfram - ástfangin upp fyrir haus

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

POLO
RALPH LAUREN

ARMANI
COLLEZIONI

eterna

VAN KOLLEM
MADISON PARK • NY

gardeur

HUGO
HUGO BOSS

PETER VAN HOLLAND

FINUCCI
collezione

bugatti

Stenströms

BELLINI
collezione

LLOYD

Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512

Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)



Troðfull
verslun af
merkjavörum!

40%
60%

afsláttur

af öllum
vörum

Barnafatnaður frá

ENGLABÖRNIN

Falleg fót á stelpur og stráka...

